

2017 - 2018

Ársskýrsla Grunnskóla Vestmannaeyja



Efnisyfirlit

Innihald

Formáli.....	4
Inngangur	4
Hagnýtar upplýsingar	5
Skólastjórnendur	5
Nefndir og ráð	5
Skólaráð	5
Foreldrafélag	5
Nemendaverndarráð	5
Nemendaráð.....	6
Starfsmenn	6
Húsnæði.....	9
Skóladagatal	9
Skólalóðir	9
Áherslur í skólastarfi.....	9
Framtíðarsýn	11
Einkunnarorð skólans	11
Þróunarverkefni.....	11
Stærðfræði snemmtæk íhlutun	11
Skimun og líðan	13
Stýrihópar	13
Heilsueflandi grunnskóli	13
Orð af orði - orðaforði	14
Jákvæð samskipti.....	15
Símenntun	16
Endurmenntun starfsfólks Grunnskóla Vestmannaeyja 2017 – 2018.....	16
Mat á skólastarfi.....	17
Námsmat	17
Samræmd próf	18
Lesfimi	19
Skýrslur deildarstjóra og umsjónarkennara	19
Skýrsla deildarstjóra	19
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk.....	20
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk.....	23

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk	26
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk	29
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	33
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk	36
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk	39
Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk	42
Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk	44
Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk	46
Ýmsar skýrslur	49
Skýrsla íþróttakennara	49
Skýrsla verkgreinakennara	52
Skýrsla list – og verkgreinakennara í Hs	52
Skýrsla list- og verkgreinakennara í Bs	54
Skýrslur um sérkennslu.....	59
Skýrsla námsvers á yngsta stigi.....	59
Skýrsla námsvers á miðstigi.....	61
Skýrsla námsvers á unglingastigi	62
Skýrsla sérkennslu á eldra stigi - sérdeild	66
Skýrsla þroskaþjálfara	67
Skýrsla skólasafnvarða.....	70
Skýrsla nemendaráðs	72
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	73
Skýrsla stuðningsfulltrúa	77
Skýrslur fagstjóra	77
Skýrsla fagstjóra í íslensku 1. -10. bekk	77
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði.....	79
Skýrsla fagstjóra í ensku	82
Skýrsla fagstjóra í dönsku	84
Skýrsla fagstjóra í samfélagsgreinum 6. - 10. bekkur	87
Skýrsla fagstjóra í náttúrugreinum 6. - 10. bekkur	88
Skýrsla Íþróttakademíu GRV og ÍBV skólaárið 2017-2018.....	90

Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Vestmannaeyja kemur nú út í þriðja sinn. Grunnskóli Vestmannaeyja hefur verið starfræktur frá haustinu 2006 en þá sameinuðust Barnaskóli Vestmannaeyja og Hamarsskóli. Haustið 2007 var skólanum aldursskipt þannig að nemendur í 1. – 5. bekk eru í Hamarsskóla og nemendur í 6. – 10. bekk eru í Barnaskóla. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðsluráðs, stjórnar foreldrafélagsins. Skýrslan mun liggja frammi á bókasöfnum Barna -og Hamarsskóla, á kaffistofum í báðum húsum og á heimasíðu GRV www.grv.is

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskóla Vestmannaeyja, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í það og gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar.

Grunnskóli Vestmannaeyja júní 2018
Stjórnendur GRV

Inngangur

Skólastarfið hófst með því að starfsfólk mætti til starfa þriðjudaginn 15. ágúst að loknu sumarleyfi. Vinnan hófst með starfsmannafundi þar sem farið var yfir ársskýrslu 2016-2017, skóladagatalið, Vinnustund ofl. Farið var sérstaklega yfir þær handbækur sem útbúna hafa verið eins og: Starfsmannahandbók, skólanámsskrá og starfsáætlun, lestrarstefnu GRV, móttökuáætlun, jafnréttisáætlun og handbók um viðbrögð við samskiptavanda. Á fundinum var farið yfir google umhverfið og í lok fundar var Guðrún Jónsdóttir yfirfélagsráðgjafi með fræðslu um barnavernd. Eftir hádegi þennan dag var Anna Steinsen með fyrirlestur „Þú hefur áhrif“ fyrir allt starfsfólk skólans og í lok dags var stutt upprifjun á þeirri hugmyndafræði sem skólinn vinnur eftir: Uppeldi til ábyrgðar, Orð af orði og Heilsueflandi grunnskóli. Á undirbúningsdögum voru haldin stutt námskeið í Mentor og í google fyrir nýja starfsmenn og farið yfir vinnubrögð við gerð námsáætlana. Í framhaldi af þessu vann starfsfólk að öðrum undirbúningi fyrir skólastarf vetrarins til 22. ágúst. Formleg skólasetning var þann 23. ágúst, sú nýbreytni var höfð þetta árið að skólasetning fyrir 2. – 10. bekk var haldin í íþróttahúsinu og eftir hana voru stuttir hópforeldrafundir í stofum þar sem farið var yfir starf komandi vetrar og valdir voru foreldrafulltrúar í hverjum bekk. Umsjónarkennarar í 1. bekk voru með einstaklingsviðtöl fyrir nemendur og foreldra þennan dag. Skólasetning hjá 1. bekk var daginn eftir eða þann 24. ágúst kl. 8:00 og í framhaldinu stuttur foreldrafundur. Kennsla hófst svo samkvæmt stundatöflu hjá 2. -10. bekk þann 24. ágúst.

Hagnýtar upplýsingar

Skólastjórnendur

Erlingur Richardsson skólastjóri

Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri Barnaskóla

Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir aðstoðarskólastjóri Hamarsskóla

Anna Rós Hallgrímsdóttir deildarstjóri á eldra stigi Barnaskóla

Óskar Jósúason deildarstjóri á yngra stigi Hamarsskóla

Nefndir og ráð

Skólaráð

Erlingur Richardsson skólastjóri

Ásdís Tómasdóttir kennari

Ragnheiður Borgþórsdóttir kennari

Sigurlína Sigurjónsdóttir starfsmaður skóla

Andrea Atladóttir foreldri

Kristín Hartmannsdóttir foreldri

Sindri Þór Friðriksson nemandi

Leó Viðarsson nemandi

Bragi Magnússon

Dagði Pálsson

Varamenn:

Helga Jóhanna Harðardóttir kennari

Fríða Hrönn Halldórsdóttir kennari

Ingunn Arnórsdóttir starfsmaður skóla

Kolbrún Kjartansdóttir foreldri

Hrefna Óskarsdóttir foreldri

Foreldrafélag

Lilja Björg Argrímsdóttir formaður

Lísa Njálsdóttir ritari

Berglind Smáradóttir gjaldkeri

Meðstjórnendur:

Kolbrún Sól Ingólfssdóttir

Kristjana Ingibergsdóttir

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, kennsluráðgjafi og fulltrúi frá félagsþjónustunni. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Fundað er aðra hverja viku allt skólaárið. Kennarar vísa til

nemendaverndarráðs málum er varða velferð nemenda. Umsjónarkennari skal upplýstur um stöðu mála.

Nemendaráð

Í nemendaráði eru 11 nemendur af unglingastigi.

Í ráðinu í vetur voru: Rakel Oddný Guðmundsdóttir 8. RÖ, Kristbjörg Unnur Friðbergisdóttir 8. JGJ og Elísa Elíasdóttir 8. ÓS. Varamaður: Daníel Franz Davíðsson 8. RÖ, Guðni Friðþjófur Victorsson 9. ÁST, Arnar Gauti Egilsson 9. EB, Emelía Ögn Bjarnadóttir 9. HJ. Varamaður: Sindri Þór Friðriksson 9. HJ. Elísa Hallgrímsdóttir 10. BÞ, Steinar Máni Ívarsson 10. SF og Leó Viðarsson 10. GJ

Nemendafjöldi

Heildarfjöldi nemenda í GRV var 517 nemendur við lok skólaárs. Í Hamarsskóla (1. -5. bekkur) voru 266 nemendur og í Barnaskóla (6. -10. bekkur) voru 251 nemendur.

Hamarsskóli

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Samtals
1.	23	29	52
2.	26	23	49
3.	24	31	55
4.	36	24	60
5.	28	22	50
Samtals	137	129	266

Barnaskóli

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Samtals
6.	30	22	52
7.	23	18	41
8.	35	22	57
9.	22	29	51
10.	28	22	50
Samtals	138	113	251

Starfsmenn

Umsjónarkennarar:

1. bekkur: Íris Pálsdóttir, Guðrún Snæbjörnsdóttir og Margrét Elsabet Kristjánsdóttir.
2. bekkur: Anna Lilja Sigurðardóttir, Snjólaug Árnadóttir og Helga Garðarsdóttir.
3. bekkur: Herdís Rós Njálisdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Þóra Sigríður Sigurðardóttir.
4. bekkur: Kolbrún Matthíasdóttir, Narfi Ísak Geirsson og Þórdís Jóelsdóttir.
5. bekkur: Ester S. Helgadóttir, Unnur Líf Ingadóttir og Sæfinna Ásbjörnsdóttir.
6. bekkur: Arnheiður Pálsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Jóhanna Alfreðsdóttir.

7. bekkur: Dóra Guðrún Þórarinsdóttir og Elísa Sigurðardóttir.
 8. bekkur: Jónatan G. Guðbrandsson, Ólafía Ósk Sigurðardóttir og Rósa Hrönn Ögmundsdóttir.
 9. bekkur: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Evelyn bryner og Hildur Jónasdóttir
 10. bekkur: Berglind Þórðardóttir, Guðríður Jónsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir.

Aðrir kennarar:

Arna Björg Sigurbjörnsdóttir	Lára Skæringsdóttir
Ásta Kristmannsdóttir	Marta Sigurjónsdóttir í afleysingum
Ástríður Júlíusdóttir	María Guðbjörg Pálmadóttir
Bjartey Gylfadóttir	Minna Ágístsóttir
Björn Elíasson	Nina Anna Dau
Bryndís Bogadóttir lét af störfum í janúar	Ólafur E. Lárusson
Dóra Hanna Sigmarsdóttir	Ólöf Margrét Magnúsdóttir
Einar Gunnarsson	Ragnheiður Borgþórsdóttir
Erna Valtýrsdóttir í afleysingum	Sigríður Ása Friðriksdóttir hóf störf í janúar
Eva S. Káradóttir	Sigurhanna Friðþórsdóttir
Eyvindur Steinarsson	Sverrir Marinó Jónsson
Guðný Jensdóttir	Snorri Rútsson
Halla Júlía Andersen	Súsanna Georgsdóttir
Harpa Hauksdóttir	Unnur Baldursdóttir
Helga Sigrún Þórsdóttir	Valgerður Bjarnadóttir
Hilmar Björnsson	Þóra Gísladóttir
Hrafnhildur Skúladóttir	Þórey Friðbjarnardóttir
Jarl Sigurgeirsson	Þórhallur Barðason

Fagstjórar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Helga Sigrún Þórsdóttir – íslenska	Sigurhanna Friðþórsdóttir – náttúrugreinar
Herdís Rós Njálisdóttir – stærðfræði	Rósa Hrönn Ögmundsdóttir – samfélagsgreinar
	Svanhvít Friðþjófsdóttir – íslenska
	Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir – stærðfræði

	Dóra Hanna Sigmarsdóttir – danska
	Lára Skæringsdóttir – enska

Skólasafnverðir:

Kristín Sigurðardóttir – yngra stig	María Pálmadóttir – eldra stig
-------------------------------------	--------------------------------

Stuðningsfulltrúar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Agnar Smári Jónsson	G. Karen Tryggvadóttir
Anna Lilja Tómasdóttir	Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir
Breki Ómarsson	Inga Hanna Andersen
Emma Kristjánsdóttir	Ingunn Arnórsdóttir
Erla Gísladóttir	Kristrún Hlynsdóttir
Erla Signý Sigurðardóttir	Sigríður Vigdís Ólafsdóttir
Hjördís S. Traustadóttir	Soffía Valdimarsdóttir
Íris Huld Gunnardóttir	
Jóhanna K. Reynisdóttir	
Kolbrún Lilja Ævarsdóttir	
Lilja Ólafsdóttir	
Rósa E. Guðjónsdóttir	
Sesselja G. Pálsdóttir	

Skólaliðar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Anna Einarsdóttir	Erna Sævarsdóttir
Birna Hilmisdóttir	Guðný Bernódusdóttir
Birta Marinósdóttir	Guðný Hilmisdótti hætti í janúar
Erna Tómasdóttir	Helena Sigurðardóttir
Dagrún Sigurgeirsdóttir	Kristjana Sif Högnadóttir hætti í janúar
Guðrún Á. Jakobsdóttir	Kristín Ásmundsdóttir afleysingar
Iwona Katarzyna Ryta	Margrét Jóhannsdóttir
Lilja Kristinsdóttir	Sigurveig Steinarsdóttir hóf störf í janúar
Snæborg Þorsteinsdóttir	Sigríður Hreinsdóttir
Þóra Hjördís Egilsdóttir	

Matráðar:

Unnur Katrín Þórarinsdóttir (Hamarsskóli)	Guðlaug Björgúlfsdóttir Hjelm (Barnaskóli) hætti í október. María Sigurbjörnsdóttir tók við.
---	--

Húsnæði

Kennsla fer fram í tveim skólahúsum, Hamarsskóla þar sem 1. -5. bekkur er og í Barnaskóla þar sem 6. -10. bekkur er. Kennsla í íþróttum og sundi fer fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Í báðum skólahúsum eru almennar kennslustofur, bókasafn, verkgreinastofur (myndmennt, textílmennt, smíði og heimilisfræði), tölvustofa, námsver á öllum stigum. Nemendur borða hádegismat í matsal í Hamarsskólanum og í sal Barnaskólans. Nemendur á unglingastigi geta einnig keypt sér mat í félagsaðstöðu í frímínútum. Frístundaver er starfrækt fyrir nemendur í 1. – 5. bekk og félagsmiðstöðin Rauðagerði við Boðaslóð er starfrækt fyrir nemendur í 6. -10. bekk. Samþykkt var í lok skólaárs að 5. bekkur færi yfir í Barnaskólann næsta skólaár. Þar með losnar um rými í Hamarsskólanum sem hægt er að nýta m.a. fyrir 5 ára deild og sérkennslu.

Skóladagatal

Skóla- og viðburðadagatal skólaársins 2017-2018 má sjá sjá á heimasíðu skólans www.grv.is

Skólalóðir

Mikið þarf að gera á skólalóðum við bæði skólahúsin, þær hafa aldrei verið kláraðar samkvæmt teikningum. Í Barnaskóla er einn gervigrasvöllur, 2 körfuboltavellir, einn steypdur fótboltavöllur, 8 rólur og teygjuklifurgrind stór hluti af skólalóðinni er steypdur þar sem hægt er að vera í ýmsum leikjum. Í Hamarsskóla er ein stór teygjuklifurgrind, aparóla, 8 rólur, sem er of lítið fyrir 250 nemendur og 5 ára deildina. Einn sandkassi, netaklifurgrind, einn gervigrasvöllur, 3 malbikaðir vellir, 2 oft notaðir sem hjólavellir, 3 körfuboltakörfur, A- hús notað í ýmsa leiki eins og „yfir“. Mikið grassvæði er kringum skólann sem er orðið illa farið eftir miklar rigningar, einnig eru malbikaðir reitir sem notaðir eru í ýmsa leiki. Ruslagámar eru óafgirtir við inngang að matsal og keyra bílar allt of oft nálægt inngöngum, sem getur skapð slysaþættu. Brýn þörf er að girða af ruslagáminn eða færa hann út af skólalóðinni. Fyrir liggja nýjar teikningar af skólalóðum sem búið er að samþykkja að fara í á næstu 2 – 3 árum. Þegar skóla lauk voru byrjaðir framkvæmdir við körfuboltavöll á skólalóð Barnaskólans.

Áherslur í skólastarfi

Í nýrri menntastefnu eru skilgreindir sex grunnþættir. Þeir eru í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólastarfi. Þessir grunnþættir eru: **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. GRV hefur þessa grunnþætti að leiðarljósi í skólastarfinu. (*Grunnþættir menntunar, 2013*)

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á að koma sem best til móts við námshæfileika og getu hvers nemanda. Því hefur einstaklingsmiðað nám, nám sem tekur mið af stöðu hvers nemanda, fengið aukið vægi í skólastarfinu. Kennarar stuðla að og búa nemendum sínum örvandi námsumhverfi þar sem hver og einn getur nálgast námið þannig að best henti honum. Þannig höfum við að leiðarljósi að verkefnin séu skapandi, heilstæð, merkingarbær

og örvandi. Í einstaklingsmiðuðu námi er fjölbreytni í kennsluaðferðum, námsframboði, nálgun og mati á nemendum grundvallaratriði. Stefnt skal að því að kraftmikið námssamfélag sé í hverri kennslustofu. Ein þeirra námsleiða sem við höfum valið til að styðja við og auðga nám nemenda er

Orð af orði. Sú aðferð tekur tillit til og styður við þætti aðalnámskrár. Markmið verkefnisins er að viðhalda áunninni þekkingu og árangri en jafnframt leggja áherslu á að styrkja þann árangur og festa aðferðirnar í sessi sem hluta af kennslu ólíkra námsgreina. Orð af orði er hægt að nota í hvaða námsgrein sem er. Allir nemendur skólans leggja stund á yndislestur í upphafi hvers skóladags. Reiknað er með um 15 mínútum á dag.

Leið til læsis er stuðningskerfi fyrir nemendur í 1. – 4. bekk sem byggt er á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum til kynna stöðu nemenda í lestri nokkrum sinnum á ári. Út frá því má sjá árangur og framfarir milli kennslutímabíla og hvort þörf er á að endurskoða markmið og leiðir. Þetta er gert til að laga kennsluna enn betur að þörfum hvers nemanda til að sem bestur árangur náist. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem vinnur að því að koma í veg fyrir að nemendur lendi í lestrarvanda. Kennsluskipulagið er stigskipt þannig að öll börn fá kennslu við sitt hæfi.

PALS – lestrarþjálfun byggist upp á því að pör lesa saman. Aðferðin þjálfar lesfimi, virka hlustun og lesskilning (veitir aðalatriðum athygli, dregur þau saman og spáir fyrir um það sem kemur næst í sögunni). Nemendur eru paraðir saman eftir reglum Pals og vinna í nokkrar vikur. Hver lestrarstund varir í 35-45 mínútur, þrisvar í viku. Kennarinn fylgist með þörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennaranum kost á að þjálfar alla nemendur samtímis í lestri. Aðferðina höfum við aðallega notast við í 4. bekk en kennarar hafa einnig nýtt aðferðina í öðrum árgöngum. K-pals er fyrir yngri nemendur og hafa kennarar nýtt þá aðferð fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestrarnámið á fyrstu stigunum.

Námsefnið **Stig af stigi** hefur verið notað með nemendum í 1. og 2. bekk og á 5 ára deildinni. Í þessum tímum þjálfast nemendur í að gera sér grein fyrir eigin tilfinningum sem og annarra, leysa úr vanda, umgangast aðra og taka tillit til tilfinninga annarra. Þeir læra að leysa vanda stig af stigi.

Náttúruvísindi á Heimaey er þáttur í vinnu skólans og liður í því eru Náttúruvísindadagar. Í nokkur ár hefur Grunnskóli Vestmannaeyja unnið eftir mörgum gildum **Heilsueflandi grunnskóla** og er GRV formlega orðinn Heilsueflandi Grunnskóli.

Í GRV er einnig lögð mikil áhersla á góða ástundun og mikilvægi hennar sem og samstarf milli heimilis og skóla.

Skólaárið 2018-2019 verður áfram lögð áhersla á lestur og aukin áhersla á lesskilning og stærðfræði. Nýtt námsmat mun áfram taka tíma og markmiðið er að bæta við í upplýsingatækninni.

Framtíðarsýn

Þann 25. ágúst 2015 undirrituðu stjórnendur leik- og grunnskóla, bæjarstjóri og formaður fræðsluráðs sameiginlega framtíðarsýn í menntamálum sem felur í sér að leggja beri áherslu á að efla læsi og stærðfræði í skólastarfi Vestmannaeyjabæjar. Áhersla er m.a. lögð á að styrkja og efla samstarf starfsmanna skólanna og forráðamanna því þar býr aflið sem getur skapað nemendum öruggt og styðjandi umhverfi til náms og stuðlað að árangri þeirra og vellíðan. Skýrslu um þá vinnu í skólanum má sjá á heimasíðu skólans <http://grv.is/is/page/framtidarsyn-og-aherslur-a-laesi-og-staerdrfaedi>

Einkunnarorð skólans

Vorið 2010 hófst innleiðing á **Uppeldi til ábyrgðar** sem miðar að því að kenna einstaklingum sjálfsaga. GRV vinnur eftir þessari stefnu. <http://grv.is/is/page/uta>

Einn liður í Uppeldi til ábyrgðar er að nemendur velji sér lífsgildi, sem eru ekki reglur heldur sameiginleg sannfæring okkar um það sem skiptir máli í skólanum. Í Uppeldi til ábyrgðar er lykilatriði að gildin sem valin eru komi frá nemendum sjálfum. Því var haldið nemendaping og var niðurstaða þess að mikilvægustu gildin af öllum væru **GLEÐI, ÖRYGGI og VINÁTTA** sem eru gildi og einkunnarorð skólans í dag.

Þróunarverkefni

Síðusti tvö skólaár hefur verið lögð áhersla á að innleiða nýtt námsmat í skólann svo stýrihópar og þróunarhópar voru færri en síðasliðin ár.

Á vorönn voru stofnaðir vinnuhópar í: stærðfræði, íslensku, ensku, náttúru- og samfélagsfræði, list- og verkgreinum, íslensku sem annað tungumál og skimun og liðan.

Markmiðið með þessum vinnuhópum var að útbúa kensluáætlanir frá 1. -10. bekk þar sem flokkuð voru: hæfniviðmið/markmið, kennsluhættir, verkefni/námsefni og mat í hverjum árgangi fyrir sig. Kennarafundur á tímabilinu febrúar- mars fóru alfarið í þessa vinnu. Niðurstöðum var svo skilað til stjórnenda. Halda þarf áfram með þessa vinnu á næsta skólaári og jafnvel útfæra enn betur.

Stærðfræði snemmtæk íhlutun

Hópin skipuðu: Anna Lilja, Snjólaug, Margrét Elsbet, Narfi, Adda og Herdís

Veturinn 2017-2018 var fundað 6 sinnum í þróunarhópnum.

Á fyrsta fund voru ásamt Margréti Elsbetu boðaðar þær Íris Pálsdóttir og Guðrún Snæbjörnsdóttir sem allar eru 1. bekkjar kennarar veturinn 2017-2018. Skimunarprófið var kynnt fyrir kennurum og ákveðið var að reyna að leggja fyrir prófið í nóvember strax og

fyrirlögn Leiðar til læsis væri lokið. Stýrihópurinn las kaflann um úrvinnslu prófsins í bókinni Early Numarcy Assessment for teaching & intervention.

Strax á öðrum fundi var ljóst að draumur okkar um að leggja prófið fyrir í nóvember var ekki að ræstast. Kennarar í 1. bekk voru að drukkna á skimunum og úrvinnslu þeirra á þessum tíma. Hópurinn hafði áhyggjur af því að enginn stjórnandi væri með okkur í teyminu sem væri mjög slæmt. Við höfðum samband við Erling skólastjóra og í kjölfarið kom Óskar deildarstjóri inn í teymið sem tengiliður okkar við stjórnendur GRV.

Á þriðja fundi var mikið rætt um magn skimunaprófa í 1. bekk. Endalaust væri verið að bæta við án þess að nokkuð færi út. Niðurstaða okkar var sú Bohem prófið væri orðið barn síns tíma og Leið til læsis gæti auðveldlega leyst það af hólmi.

Ákveðið var að Magga Beta myndi prófa valda nemendur úr sínum bekk til að sjá hvernig prófið virkaði í fyrirlögn.

Fjórdi fundur fór í það að skoða fyrirlögnina hjá Möggu Betu. Stúlkan sem skimunin var lögð fyrir var mjög dugleg og náði að svara öllum verkefnaþáttunum með glans. Hún væri því nemandi sem kæmist upp á 5. stig. Fyrirlögnin í heild sinni tók um 30 mínútur. Við tókum strax eftir því að talsverður tími fór í að raða upp gögnum og ganga frá þeim. Þennan tíma mætti spara með því að vera búin að dreifa gögnum á borð um stofuna og ganga á milli með nemendum til að leysa verkefnin.

Fimmti fundur var nýttur til að búa til matskvarða fyrir úrvinnslu skimunarinnar. Við útbjuggum töflu fyrir hverja spurningu í skimuninni og ætlum að nota hana til að staðsetja nemendur á hvert stig. Við teljum að þetta skipulag auðveldi úrvinnslu skimunarinnar við að staðsetja hvern nemanda nánast jafnóðum og við leggjum fyrir hann skimunina.

Á sjötta fundi skoðuðum við myndbandið þar sem Magga Beta lagði skimunina fyrir nemanda í 1. bekk og prófuðum að færa inn á matskvarðann. Þetta gekk mjög vel og við sniðum af nokkra vankanta. Hægt er að nálgast þetta skjal í möppunni okkar á drifinu og einnig verður eintak af þessu í kössunum sem fara inn í 1. bekk.

Sjöundi fundur fór í það að vinna lokaskýrsluna.

Niðurstaða okkar eftir þróunarvinnu vetrarins er að við teljum okkur komin með nokkuð gott efni í hendurnar, skimunin er tilbúin til notkunar ásamt öllum gögnum sem henni fylgja. Vonumst við til þess að byrjað verði að skima í janúar 2019.

Okkar tillögur eru:

- Nýta þann tíma sem umsjónarkennarar eru með hálfan bekk á móti lotum.
- Fram í janúar er hægt að nýta tímana í lestrarhópa eða kennari vinnur með sinn bekk í stærðfræði í litlum hópum. Hugmyndin er að inngrip í stærðfræði fari fram að loknu inngripi í lestri.
- Leggja skimunina fyrir í lok janúar.

- Einn kennari leggi skimunina fyrir allan árganginn meðan aðrir kennarar sinna kennslu/verkefnavinnu með þeim börnum sem eru ekki í skimun hverju sinni. Þannig fá allir nemendur eins fyrirlögn og túlkun á niðurstöðum.
- Nemendum skipt upp í vinnuhópa þvert á árganginn að skimun lokinni.
- Unnið með nemendur í jafningjahópum líkt og gert er í Leið til læsis.

Skimun og líðan

Þróunarhópur um skimun og líðan var starfræktur í byrjun árs. Fundir urðu ekki margir á skólaárinu en farið var í að útbúa kennsluáætlun sem byggði m.a. á verkfærum frá Vöndu Sigurgeirsdóttur. Markmið sem hópurinn van eftir voru eftirfarandi:

- Að nemendur fái fræðslu og þjálfum í mikilvægi góðra og heilbrigðra samskipta.
- Að nemendur öðlist þjálfun í að taka ábyrgð á sjálfum sér í samskiptum.
- Að nemendur fái þjálfum í að taka ábyrgð á eigin líðan.

Stýrihópar

Síðusti tvö skólaár hefur verið lögð áhersla á að innleiða nýtt námsmat í skólann svo stýrihópar og þróunarhópar voru færri en síðasliðin ár. Skólinn hélt þó áfram að vinna eftir þeirri hugmyndafræði sem hann hefur unnið eftir undanfarin ár.

Heilsueflandi grunnskóli

Ekki var formlegur stýrihópur Heilsueflandi grunnskóla veturinn 2017 -2018 en verkefninu var haldið við en ekki eins kröftulega og árið á undan. Óla Heiða fór yfir áherslupunkta skólaársins á fyrsta starfsmannafundi þann 16. ágúst.

Áherslupættir Heilsueflandi grunnskóla eru átta og var haldið áfram í vetur að vinna með starfsfólkið sem eru mikilvægasti hlekkurinn í heilsukeðjunni.

Áfram var unnið með nestismál nemenda og lögð áhersla á hollt og gott nesti, helst ávexti og grænmeti.

Ekki tókst að vinna þriggja ára áætlun fyrir skólasamfélagið um heilsuefingu og aðgerðaráætlun fyrir hvert ár eins og markmið hópsins var á þessu skólaári svo það færist yfir á næsta skólaár.



Starfsfólk GRV tók þátt í Lífshlaupinu eins og áður í febrúar og voru ýmsir viðburðir í tengslum við það:

- **Mánudagurinn 5. feb.** var starfsfólki boðið upp á jóga
- **Þriðjudaginn 6. febrúar** var starfsfólki GRV boðið að fara í badminton í Íþróttamiðstöðinni á fundartíma

- **Mánudagurinn 12. feb.** var starfsfólki boðið upp á jóga
- **Þriðjudaginn 13. feb.** var starfsfólki boðið upp á Pondtíma
- **Miðvikudaginn 14. feb.** var boðið upp á Metabolic tíma í Týsheimilinu
- **Hjúkrunarfræðingar skólans buðu upp á sykur- og blóðþrýstingsmælingu**
- **Heilsukaffi starfsfólks var haldið 21. febrúar.**

Nemendur

2016-2017 voru gerðar áherslubreytingar í matartímum í skólanum. Í samstarfi við starfsfólk skólans var ákveðið að láta nemendur taka meiri ábyrgð á matarskömmtnun. Kenna þeim að fá sér mátulegt magn af mat á diskinn og klára af honum í stað þess að leifa og henda.

Afgangar voru vigtaðir frá hverjum og einum árgangi.

Þessar breytingar eru liður í að minnka sóun á mat, auka vitund nemenda og að þeir læri að taka ábyrgð. Einnig til að koma á móts við þarfir nemenda. Þessu var haldið áfram í báðum skólum þetta skólaárið og gekk vel. Umræða um matarsóun var tekin í öllum bekkjum og Einsí Kaldi kom og ræddi við alla nemendur um skólamatinn og matarsóun.

Orð af orði - orðaforði

Ásdís Steinunn Tómasdóttir hefur leitt verkefnið orð af orði og verið hópstjóri stýrihóps undanfarin ár. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið starfandi stýrihópur skólaárið 2017-2018 hélt hún kennurum við efnið með því að senda út pósta með hugmyndum og ábendingum auk þess að vera til staðar ef kennarar þurftu á aðstoð eða leiðsögn að halda. Ásdís rifjaði upp hugmyndafræðina á starfsmannafundi þann 16. ágúst.



Helsta markmið verkefnisins er að viðhalda yndislestri og þeim skemmtilega skólabrag sem með honum hefur skapast. Önnur mikilvæg verkefni eru meðal annars að efla orðaforða, orðvitund og lesskilning með því að auka lestur, samræður og hlustun. Efla vitund um gildi orða fyrir lestur, skilning og nám, styrkja málumhverfið með því að auka við orðavinnu, lestur og ritun, samvinnu og samræður. Vinna með orð, orðskýringar, orð dagsins, orðhlutavinnu, orðapúsl, nýyrðasmíð, orðaleiki, krossglímur, hugtakakort, orðahjól og krossgátusmíð svo eitthvað sé nefnt.

Kennsluaðferðir OAO eru mikið notaðar á báðum starfsstöðum og nemendur nýta sér þessar aðferðir óumbeðnir sem telst góður árangur. Lestrarkennsla hefur notið góðs af þessum aðferðum og áherslum. Yndislestur hefur náð að festa sér sess í öllum árgöngum ekki bara þeim yngstu. Lestarhestur er nýttur í öllum árgöngum og heimalestri er fylgt eftir alla skólagönguna.

Jákvæð samskipti

Ekki var starfandi stýrihópur þetta skólaárið, en þessi mál voru rædd á kennarafundum og dagur jákvæðra samskipta var haldinn eins og undanfarin ár. Dóra Guðrún sem hefur haldið utan um þetta verkefni var með upprifjun á hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar á starfsmannafundi þann 16. ágúst.

Miðvikudaginn 16. ágúst kom Anna Steinsen með fyrirlestur „þú hefur áhrif“ fyrir allt starfsfólk.

Veturinn 2015-2016 hafði stýrihópurinn útbúið kennsluáætlanir í jákvæðum samskiptum og í eineltisvörnum. Þessum áætlunum var komið til kennara og nú var á ný ýtt við kennurum að vinna efir þessu áætlunum og lögð áhersla á að nota **handbók um viðbrögð við samskiptavanda**.

Dagur jákvæðra samskipta var haldinn 8. nóvember í miðri vinaviku.

Dagskrá dagsins var með svipuðum hætti og undanfarin ár þar sem nemendur í 1. - 3. bekk komu og hittu nemendur í 8. - 10. bekk og nemendur í 4. og 5. bekk tóku á móti nemendum í 6. og 7. bekk.

Það sem lagt var upp með á þessum degi var:

- Af hverju skiptir máli að við temjum okkur jákvæð samskipti?
- Hverju skiptir vináttan okkur?

Nemendur útbjuggu púsluspil þar sem þemað var að „hér passa allir saman“ og svo voru ýmsar stöðvar í boði eins og: spilastöð, föndurstöð, lestrarstöð, útileikjastöð og stöð sem nemendur gerðu vinabönd. Dagurinn heppnaðist vel.



Í vinavikunni áttu allir að vinna með gildin okkar í GRV

GLEÐI – ÖRYGGI – VINÁTTA og hver er munurinn á einelti og samskiptavanda?

Í vinavikunni var ruglusokkadagur, íþróttabúningadagur (ÍBV), litrík föt á degi jákvæðra samskipta sem átti að tákna margbreytileikann og svo kósýföt og kósýdagur síðasta daginn.

Í Hamarsskóla var útbúið sameiginlegt verk á efri gangi „hendur“

Í Barnaskólanum var sett upp vinatré með fiðrildum „**Vinatré**“ og nemendur skrifuðu hvað einkennir góðan vin. Matsalirnir í báðum húsum voru skreyttir með mismunandi útgáfum af tilfinningaköllum (emoji), þetta var samstarfsverkefni nemenda og starfsfólks.

Lokadag vinavikunnar bökuðu nokkrir starfmenn pönnukökur og færðu öllum nemendum skólans, mikil ánægja var meðal nemenda með þetta framtak.



Símenntun

Endurmenntun starfsfólks Grunnskóla Vestmannaeyja 2017 – 2018

Endurmenntun starfsfólks þarf að beinast að því að auka hæfni starfsmanns, starfsánægju og vellíðan á vinnustaðnum. Í skólanum starfar breiður hópur fólks sem hefur það að markmiði að mennta og leiðbeina nemendum.

Endurmenntunaráætlun var útbúin fyrir skólaárið 2017-2018, áætlunin var mikil eins og undanfarin ár og þróaðist á annan hátt en lagt var af stað með að hausti. Vinna við nýtt námsmat og innleiðing á google tók enn mikinn tíma og fór stærsti hluti af endurmenntun kennara í þau verkefni.

Hér má sjá endurmenntun skólaársins 2017-2018.

Námskeið fyrir allt starfsfólk:

- **Barnaverndarfræðsla** – Guðrún Jónsdóttir
- **Heimilisofbeldi** – Kvennaathvarfið, Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra
- **Eineltisvarnir** – Vanda Sigurgeirsdóttir frá KVAN
- **Þú hefur áhrif** - Anna Steinsen frá KVAN
- **UTÁ** – stutt innlegg á fyrsta starfsmannafundi
- **Orð af orði** – stutt innlegg á fyrsta starfsmannafundi
- **Heilsueflandi grunnskóli** – stutt innlegg á fyrsta starfsmannafundi

Námskeið fyrir kennara:

- **Leið til læsis, hugmyndafræði, aðferðir, flokkun námsgagna** – Herdís Njálisdóttir kennari GRV, námskeið fyrir kennara í 1. – 4. bekk og þá sem hafa áhuga.
- **Kennsla nemenda með íslensku sem annað tungumál** – fjarfundur í september með Helgu Hauksdóttur frá Akmennt.
- **Menntabúðir**- haldnar voru tvennar menntabúðir með áherslu á tækni.
- **Vanda Sigurgeirsdóttir** – námskeið fyrir kennara
- **Haustþing KÍ – haldið á Flúðum í okt.** - Þorgrímur Þráinsson með fyrirlestur um „vertu ástfangin af lífinu“ og Sævar Helgi með stjörnufræði fyrirlestur.

Örnámskeið:

- **Leið til læsis, hugmyndafræði, aðferðir, flokkun námsgagna** – Herdís Njálisdóttir kennari GRV, námskeið fyrir kennara í 1. – 4. bekk og þá sem hafa áhuga.

- **Boðið var upp á jóga og hugleiðslu** fyrir starfsfólk nokkrum sinnum á skólaárinu. Svanhvít Friðþjófsdóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir

Öll örnámskeið eru opin öllu starfsfólki.

Við höldum áfram að efla íslenskuna þ.e. lestur, lesskilning, og bókmenntir og byrjuðum að leggja áherslu á lesskilnings- og bókmenntakennslu en þurfum að halda áfram með lestrarkennslu og lestur, eitt af því sem er aldrei lokið. **Þörfin næsta vetur beinist að:** auka áhuga á lestri, lesskilningi, stærðfræði, upplýsingatækni og námsmati.

Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar, áætlanir um umbætur. Tilgangurinn með slíku mati er að leiða til umbóta í skólastarfi.

Starfsmannasamtöl voru tekin á vorönn, skólastjóri tók viðtöl við alla kennara og annað starfsfólk. Stjórnendur gerðu samantekt úr viðtölum.

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli Vestmannaeyja er þátttakandi í Skólapúlsinum sem er nemenda-, foreldra – og starfsmannakönnun. Niðurstöður Skólapúlsins voru teknar saman að vori og ákveðnir punktar teknir út og ræddir á starfsmannafundum.

Námsmat

Eins og flestum er kunnugt er boðuðu menntamálayfirvöld miklar breytingar á námsmati í grunnskólum með nýrri aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013.

Undanfarin misseri höfum við í Grunnskóla Vestmannaeyja verið að aðlaga okkur að nýrri aðalnámsskrá. Í upphafi forum við yfir alla grunnþætti menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir eiga að vera leiðarljós í allri almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Afrakstur þeirrar vinnu má finna á heimasíðu skólans <http://grv.is/skrar/file/namid/hvernig-utfaerir-grv-grunnthaettina.pdf>.

Síðustu ár höfum við verið að aðlaga okkur enn meira að nýju námsmati. Markmiðið er að laga matið að kröfum aðalnámskrá grunnskóla þar sem verkefni og próf eru skilgreind út frá hæfni- og matsviðmiðum. Í haust fór mikil vinna í að aðlaga hæfniviðmið að hverjum árgangi fyrir sig og mun sú vinna vera í sífeldri endurskoðun.

Kennarar hafa þurft að endurskoða allt námsmat og finna nýjar leiðir til að koma upplýsingum um hæfni nemenda til foreldra.

Megináhersla er lögð á hæfni nemenda og er hæfnieinkunnin mat skólans/ kennarans á hæfni nemandans við lok hvers árgangs. Hæfnieinkunn er þess vegna ekki hægt að reikna út sem meðaltal út úr verkefnum sem nemandinn hefur unnið um veturinn. Hugmyndin er ekki að t.d. að telja stig, að normaldreifa, að reikna hlutfall o.s.fr.v. Heldar að meta þá hæfni sem nemandinn hefur náð. **Námsgreinar og námsefnið eru hjálpartæki til að ná hæfniviðmiðum.**

Veturinn 2017 - 2018 var lögð áhersla á að farið yrði á fullt í nýtt námsmat í öllum árgöngum. Undirbúningsdagar voru notaðir til að fara yfir námsáætlanir í öllum fögum og í lok september áttu allir kennarar að hafa stofnað námslotur og fyrir foreldraviðtöl í janúar áttu allir að hafa búið til verkefni og vera byrjaðir að setja inn námsmat á mentor, einnig áttu allir kennarar að haka við framvindu hjá nemendum fyrir foreldraviðtöl. Áherslan var á að vinna námsmatið jafnt og þétt yfir allan veturinn.

Í janúar var ekki gefinn vitnisburður eins og hafði verið undanfarin ár, heldur voru foreldraviðtöl þar sem varið var yfir námsstöðu og líðan nemenda. Að vori skiluðu allir námsmati í Mentor og prentuð voru út vitnisburðarblöð í samræmi við nýtt námsmat. Þessi þróun mun halda áfram næsta vetur.

Á heimasíðu skólans má finna ýtarlegri upplýsingar um námsmatið auk punkta frá foreldrafundum sem haldnir voru í vetur fyrir 9. og 10. bekk og skýringar með námsmati vorið 2018.

Samræmd próf

Á haustönn þreyttu nemendur 4. og 7. bekkja samræmd próf í íslensku og stærðfræði, í mars þreyttu nemendur í 9. bekk próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf voru í annað sinn tekin rafrænt og gekk það ekki vel í ár, þar sem hætta þurfti próftöku í íslenskuprófinu og enskuprófinu vegna tæknilegra örðugleika hjá Menntamálastofnun.


Vegna þessa eru niðurstöður samræmdra prófa í 9. bekk ekki marktækar þetta skólaárið. Og ekki voru gefnar út skólaeinkunnir fyrir þann árgang.

Árgangur	Námsþáttur	Meðaltal GRV	Meðaltal landið
4. bekkur	Íslenska	30,73	30,00
4. bekkur	Stærðfræði	33,79	30,00
7. bekkur	Íslenska	30,6	30,00
7. bekkur	Stærðfræði	30,6	30,00

Lesfimi

Lesfimi er staðlað próf fyrir nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla. Prófin eru þrjú fyrir hvern árgang, tekin í september, janúar og maí. Prófinu er ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir innan árs og milli ára.

Lesfimi er færni sem byggir á lestrarnákvæmni, leshraða (sjálfvirkni) og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Í lesfimiþrófum Menntamálastofnunar eru metnir tveir fyrstnefndu þættirnir þ.e. lestrarnákvæmni og leshraði.



Lestrarviðmiðin eru skráð í Skólagátt og þar er hægt að fylgjast með framförum nemenda milli prófa og milli ára og einnig hægt að bera saman niðurstöðu skólans við niðurstöður á landsvísu.

Skýrslur deildarstjóra og umsjónarkennara

Skýrsla deildarstjóra

Við Grunnskóla Vestmannaeyja starfa tveir deildarstjórar í 100% stöðu í hvoru skólahúsi. Anna Rós Hallgrímsdóttir með 6. - 10. bekk og Óskar Jósúason í 1. - 5. bekk. Óskar tók svo við stöðu aðstoðarskólalæra 1. mars og Ólöf Aðalheiður fór í 49% deildarstjórastöðu frá 1. mars.

Megin hlutverk deildarstjóra er að stuðla að velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks, skipuleggja skólastarf, vera faglegur ráðgjafi og sinna aga -og umgengnismálum í sinni deild. Deildarstjórar sitja í nemendaverndarráði sem fundar aðra hverja viku og sitja oft teymisfundi vegna nemenda. Deildarstjórar sjá um daglega stjórnun og utanumhald, halda utan um sérkennslu og stuðning í samvinnu við sérkennara og námsverskennara. Halda utan um og skrá allar lestrareinkunnir, skipuleggja lestrarspretti í samvinnu við kennara í hverjum árgangi. Deildarstjórar skipuleggja forfallakennslu, skipuleggja og stjórna deildarfundum og skrá allar fundargerðir (bæði kennara –og deildarfunda), sjá um námsgagna –og bókapantanir og hafa umsjón með bókaageymslu og öðrum námsgögnum. Sjá um skipulag

vegna alls uppbrots í skólastarfinu og mörg sameiginleg verkefni t.d. Göngum í skólann og Norræna skólahalupið í samvinnu við íþróttakennara, Lífshlaupið, Dagur jákvæðra samskipta og vinavika og Skáld í skólum.

Önnur verkefni sem deildarstjórar halda utan um: smiðjudagar 6. -10. bekk og árshátíð unglingastígs, þorablót á yngsta stigi, öskudagur í báðum húsum, starfskynning í 10. bekk, lokaverkefni í 10. bekk, skólaferðalög í 7. og 10. bekk í samvinnu við umsjónarkennara. Skipulagning í kringum samrænd próf, lokaverkefni í 10. bekk, Fjölgreindaleikar í 1. -7. bekk, jólafondurdagur í 1. -5. bekk, dansdagur í 1.-5. bekk, skóladagar í báðum húsum, ABC verkefni í 4. bekk, litlu jólin o.fl.

Deildarstjórar sjá sameiginlega um útgáfu fréttabréfs til starfsfólks einu sinni í viku, setja inn upplýsingar á skjái á kaffistofu og anddyri. Deildarstjórar eru nokkurs konar fjölmiðlafulltrúar skólans þeir sjá um að skrifa fréttir, taka myndir, setja inn á samskiptamiðla og heimasíðu skólans. Eru einnig í miklum samskiptum við bæjarmiðla þar sem áherslan er að skrifa jákvæðar fréttir úr skólastarfinu. Deildarstjóri á yngsta stigi er í miklum samskiptum við tülka vegna mikils fjölda erlendra nemenda. Einnig hafa verið nokkur erfið hegðunarvandamál á yngsta stigi í vetur sem deildarstjóri á yngra stigi hefur verið mikið með. Deildarstjóri á eldra stigi hefur haldið utan um innleiðingu á nýju námsmati og stór hluti af hennar vinnu farið í það þennan veturinn eins og árið áður. Deildarstjórar sinna einnig kennsluskyldu, Óskar kennir 5 tíma á viku en Anna Rós fékk afslátt af kennslu í vetur vegna námsmatsins.

Gott og daglegt samstarf er á milli deildarstjóra á yngsta og eldra stigi og hafa deildarstjórar fundað nær vikulega með skólastjóra og aðstoðarskólastjórum í vetur.

Skýrsluhöfundar: Anna Rós Hallgrímsdóttir og Óskar Jósúason.

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Bekkir : 1.G.Snæ, 1.ÍP, 1. MK.

Í 1. bekk í GRV 2018 við lok skólaársins voru 54 nemendur, þar af 30 stelpur og 24 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Unnið var eftir Aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu/kennslunni. Útbúnar voru kennsluáætlanir frá ágúst – janúar og janúar – júní sem hafðar voru að leiðarljósi í starfinu. Við lögðum áherslu á markvissa lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Einnig var unnið markvisst eftir LTL stefnunni allt skólaárið, unnið í hópum á móti verkgreinum og var hálfur bekkur í LTL hverju sinni 3x í viku. Meginmarkmið vetrarstarfsins var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Alla daga var yndislestur. Í kennslustofunni var unnið í krókum, í litlum og stórum hópum með fjölbreytt verkefni. Unnið var samkvæmt Leið til læsis í 1. bekk í hópum í hverjum bekk frá september - desember. Lesskimun var lögð fyrir í september og aftur í janúar og nemendum var skipt í hópa þvert á



árganginn út frá niðurstöðum í janúar. Í tíu vikur var unnið þrisvar í viku, klukkustund í senn í hópum með námsefni við hæfi hvers og eins. Með þessari vinnu höfum við getað komið á móts við alla nemendur og styrkleika hvers og eins. Niðurstöður lesfimiprófa í maí sýna glögglega hversu mikilvægir þessir tímar hafa verið. Er það ómetanlegt að hafa haft þessa tíma á móti verkgreinunum.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	7	Guðrún Snæbjörnsdóttir, Íris Pálsdóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir
Stærðfræði	7	Guðrún Snæbjörnsdóttir, Íris Pálsdóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir
Náttúru- og samfélagsgreinar/lífsleikni	3	Guðrún Snæbjörnsdóttir, Íris Pálsdóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir
Stig af stigi	1	Guðrún Snæbjörnsdóttir, Íris Pálsdóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir, Nína Dau
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	5	Sverrir Marinó Jónsson, Ásta Júlíusdóttir, Þóra Gísladóttir, Valgerður Bjarnadóttir
Íþróttir og sund	3	Guðný Jensdóttir, Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Minna Ágústsdóttir, Súsanna Georgsdóttir

Í vetur var árganginum skipt niður í sex lotuhópa. Á móti hefðbundnum verkgreinum, saumum, myndmennt og heimilisfræði var unnið með LTL í hópunum aðra hverja viku. Einnig var unnið með hálfa bekki 1x í viku í upplýsingatækni og bekkjarkennarar með kennslu í Osmo tölvuforriti á móti 20 mínútur í senn. Stig af stigi var kennt 1x í viku 30 mínútur í senn og sáu umsjónakennarar og sérkennari um kennsluna með hálfa bekk.

Þróunarstarf

Við unnum samkvæmt Leið til læsis, Orð af orði, Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi. Mikil áhersla var lögð á stafainnlögn og lestrarkennslu í vetur og að auka fjölbreytni í stærðfræðiverkefnum. Einnig hefur farið töluverður tími í þróun á nýju námsmati.

Námsmat

Í september, janúar og maí voru lögð fyrir lesfimiþróf frá mms. Einnig var lögð fyrir lesskimun mms og fræðslufulltrúi lagði fyrir Bóhem-próf. Í stærðfræði var vinna og skilningur nemenda metin með könnunum sem fylgja námsefni. Munnlegt og verklegt mat var einnig notað.



Útikennsla/ hreyfing

Árgangurinn fór í nokkrar gönguferðir, örnefnagöngu og umhverfisstíg. Útistærðfræði, tiltekt á skólalóð, heimsókn á bæjarbókasafnið, Sæheima og kirkjuheimsókn á aðventu var meðal þess sem við gerðum í vetur. Tókum þátt í viðburðum skólans s.s. norræna skólahlaupið, göngum í skólann, lífshlaupið, vinavika, fjölgreindaleikar og Say no Erasmus verkefni. Til að brjóta upp kennslu fórum við í skólastofuleikfimi og slökun af vefnum.

Skemmtanir og félagslíf

Haldnar voru bekkjarskemmtanir á skólaárinu. Einnig var haldin foreldrasýning þar sem afrakstur vinnu með Skilaboðaskjóðuna var sýndur.

Þemavinna/ vordagar

Í tengslum við söguramann Skilaboðaskjóðuna settu nemendur í 1. bekk upp söngleik og héldu sýningu fyrir foreldra. Í lok maí tókum við þátt í Say no Erasmus verkefninu. Í lok skólaárs voru fjölgreindaleikar þar sem nemendur nutu sín vel. Skólaslit fóru fram í íþróttahúsinu þar sem nemendur fengu afhenda vitnisburði sína.



Almennt um árganginn

Í árganginum eru getumiklir og duglegir nemendur sem greinilega komu vel undirbúnir í skólann. Líflegur og krefjandi hópur sem gaman var að vinna með. Í öllum bekkjunum var stuðningsfulltrúi.

Samstarf og samvinna

- Bekkja-/ nemenda

Gott samstarf var á milli bekkjanna. Leið til læsihóparnir hafa verið keyrðir þvert á árganginn í vetur. Árgangurinn hefur farið saman í göngur og á söfn.

- Kennara

Mikið og gott samstarf og samráð var á milli bekkjarkennara.

Árgangurinn tók þátt í Söng á sal í vetur, skemmti sér á þorablóti og öskudegi. Á degi stærðfræðinnar unnu nemendur með spil af ýmsu tagi og á degi íslenskrar tungu unnum við

með veðurorð og settum upp hugtakakort á gangi skólans. Í vor var hjóladagur þar sem nemendur fengu afhenta hjálma. Skáld í skólum heimsótti okkur 3. nóvember. Áttum einnig góðar stundir með vinabekk okkar í vetur.



Önnur atriði sem vert er að nefna

Í vetur unnum við fjölbreytt og skemmtileg verkefni með öflugum árgangi og hefur það skilað góðum árangri. Jákvæður og áhugasamur hópur sem skemmtilegt var að vinna með. Hlökkum til að taka þátt í nýjum ævintýrum með krökkunum okkar næsta vetur.

Skýrsluhöfundar: Guðrún Snæbjörnsdóttir, Íris Pálsdóttir og Margrét Elsat Kristjánisdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Bekkir: 2. ALS, 2. HBG og 2. SEÁ

Í 2. bekk í GRV voru 3 bekkjardeildir með 50 nemendum, þar af 24 stelpur og 26 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Lögð er áhersla á lestarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Áhersla er lögð á góð samskipti í hópnum m.a. með hópavinnu í samfélagsgreinum og fjölbreyttar kennsluáðferðir í stærðfræði. Unnið er með félagsfærninámsefnið Stig af stigi og sjá umsjónarkennarar um þá kennslu.



Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	7	Anna Lilja, Helga Björg og Snjólaug
Stærðfræði	7	Anna Lilja, Helga Björg og Snjólaug
Náttúrufræði	1	Anna Lilja, Snjólaug og Þórey
Samfélagsfræðigreinar	1	Anna Lilja, Snjólaug og Þórey
Lífsleikni/bekkjafundur	1	Anna Lilja, Snjólaug og Þórey
Stig af stigi	1	Anna Lilja, Snjólaug og Þórey
List- og verkgreinar	2	Sverrir, Súsanna, Þóra Gísla, og Valgerður.
Upplýsingatækni	1	Sverrir
Tónmennt	1	Eyvindur
Íþróttir og sund	3	Arna Björg, Guðný, Hilmar og Minna

Sú nýbreytni var þetta skólaárið að umsjónarkennarar í 2. bekk sáu um kennslu fyrir hálfan bekkinn á móti lotutímum. Í upphafi vetrar nýtti hver umsjónarkennari tímana í margskonar vinnu með sínum bekk. Á miðjum vetri fóru umsjónarkennarar að vinna með þessa hálfu bekki í ákveðnum verkefnum, þau eru: Leið til læsis, PALS stærðfræði og verkleg stærðfræði. Verkefnin voru miðuð við getu hvers og eins nemanda. Unnið var þrisvar í viku, klukkustund í senn og rúlluðu hóparnir á milli kennara/verkefna. Með þessu fyrirkomulagi er verið að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og ólíka getu hvers nemanda.

UTÁ og bekkjarfundir: Í byrjun skólaárs var farið yfir hlutverk nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa og mitt og þitt hlutverk. Bekkjarfundir voru haldnir eftir þörfum.

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, myndbönd og spjaldtölvur svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á umræður og hlutbundna vinnu í stærðfræði.

Þróunarstarf

Í skólanum er unnið samkvæmt Leið til læsis, Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi. Mikill tími fór í að kynna sér nýja námskrá og nýtt námsmat, ásamt því að læra á nýtt umhverfi í Mentor. Einnig var unnið mikið þróunarstarf í stærðfræði.

Námsmat

Nemendur taka kannanir og kaflapróf ásamt því að vinna ýmis verkefni yfir önnina sem notuð eru til að færa inn á hæfnikort þeirra. Lesfímipróf eru lögð fyrir nemendur.



Útikennsla/hreyfing

Árgangurinn tók þátt í áttakinu „göngum í skólann“

sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann og í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn. Lífshlaupið var í febrúar og stóðu nemendur sig mjög vel í því.

Í haust var farið í göngu upp í Illugahelli, skoðuðum Illugaskip og Strembuhelli. Og í vor fórum við í göngu í Sýslumannskór og Skipheilla allt er þetta liður í því að kynna nemendur fyrir nærumhverfi sínu. Í upphafi skólaárs fór árgangurinn í berjamó þar sem meirihluti berjanna fór upp í munn og ofan í maga. Einnig var farið í göngu og leitað að hvítmára sem við límdum í náttúruskólabókina okkar ásamt upplýsingum um blómið.

Á vordögum tíndu nemendur rusl í nærumhverfi skólans. Með því tóku þau þátt í verkefninu Einn poki af rusli.

Til þess að fræðast um fugl og fisk árgangsins var farið í heimsókn í Sæheima. Í sömu ferð kynntu nemendur sér starfsemi eldri borgara í Kviku og fengu að prófa púttvöllinn og billjardborðið. Endaði þessi skemmtilega ferð með því að allir fengu ís.

Skemmtanir og félagslíf

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember var unnið með ljóðið Tölvuleikur eftir Þórarinn Eldjárn og var það mjög skemmtilegt. Nemendur unnu tveir og tveir saman.

Í desember er alltaf nóg að gera í skólanum, farið var í kirkjuheimsókn, horfðum á helgileikinn sem 5. bekkur sér um og árlegur föndurdagur var mjög skemmtilegur.

Rithöfundar komu í heimsókn og kynntu bækur sínar.

Sýningin Börnin í hverfinu var flutt á vordögum, er það forvörn gegn ofbeldi á börnum.

Söngur á sal var einu sinni í mánuði hjá 2. bekk. Skólalúðrasveit Vestmannaeyja hélt tónleika í íþróttahúsinu.

Í vinaviku kom 9. bekkur í heimsókn til okkar og 2. bekkur heimsótti þau í nóvember.

Eftir áramót unnið bekkirnir með sögurammaverkefni um risaeðlur. Lauk því með foreldrasýningu.



Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hvorri önn. Í vetur var t.d. Halloween party, Jól í skókassa. Markmiðið er að allir foreldrar bekkjarins hittist ásamt börnum sínum og eigi skemmtilegar stundir saman.

Þemavinna/vordagar

Á vordögum voru fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum.

Almennt um árganginn

Í árganginum eru getumiklir og duglegir nemendur sem gaman er að vinna með. Árgangurinn hefur átt í góðu samstarfi við sérkennara og þroskajálfa. Í öllum bekkjunum er stuðningsfulltrúi.

Samstarf og samvinna

Vinabekkur árgangsins er 9. bekkur, tvisvar sinnum á skólaárinu hittumst við og unnum skemmtileg verkefni saman.

Umsjónarkennarar árgangsins funduðu einu sinni í viku og oftast ef þörf var á. Þá var unnið að skipulagi kennslu og málefni árgangsins rædd. Góð samvinna var við heimilin og áhersla lögð á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar sendu vikupóst til



foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið komu fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna.

Foreldraviðtöl voru að hausti til að ræða líðan barnanna og fara yfir markmið sem nemendur höfðu sett sér. Í janúar voru foreldraviðtöl þar sem farið var yfir frammistöðumat nemenda.

Skýrsluhöfundar: Anna Lilja Sigurðardóttir, Helga Björg Garðarsdóttir
og Snjólaug Elín Árnadóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Bekkir: 3. HRN, 3. SJ og 3. ÞS

Í 3. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 55 nemendum, þar af 31 stelpa og 24 strákar. Tveir stuðningsfulltrúar fylgja árganginum þær Emma Kristjánsdóttir og Sesselja Pálsdóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Kennt var samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Við lögðum áherslu á lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Meginmarkmið var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði.

Einnig var lögð var áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með hópavinnu/krókavinnu í öllum námsgreinum.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Í vetur notuðum við staðlað efni frá Mms til að meta hæfni nemenda í lestri. Út frá þessu staðlaða prófi unnum við með nemendur þannig að þeir fengu kennsluefni við hæfi. Þegar við unnum með samskipti notuðum við Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi.

Umsjónarkennarar fóru á námskeið í Hugarfrelsi í mars og nýttu þá þekkingu sína í almennri kennslu. Nemendur fengu 1 kennslustund í ensku á viku þar sem áhersla var lögð á söng, leiki og orðaforða.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, einstaklingsmiðað nám, útikennslu, myndbönd svo eitthvað sé nefnt.

4 sinnum í viku 1.klst í senn, fer helmingur nemenda í lotutíma og helmingur nemenda er þá hjá umsjónarkennara. Þessir tímar hafa nýst einstaklega vel fyrir einstaklingsmiðað nám. Þá höfum við nýtt í stærðfræði, íslensku og samskipti í samræmi við Framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.

Lestrarsprettur var tekinn í öllum árgöngum 9. – 19. mars. Nemendur settu sér markmið og



föndruðu fiska fyrir lesnar blaðsíður, 3. bekkur fékk fisk fyrir hverjar 25 lesnar blaðsíður.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Herdís, Sigurbjörg og Þóra Sigga
Stærðfræði	6	Herdís, Sigurbjörg og Þóra Sigga
Náttúrufræði	2	Herdís, Sigurbjörg og Þóra Sigga
Samfélagsfræðigreinar	4	Herdís, Sigurbjörg og Þóra Sigga
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Herdís, Sigurbjörg og Þóra Sigga
Enska	1	Herdís, Sigurbjörg og Þóra Sigga
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	7	Ásta Júlíusd., Sverrir Jónsson, Súsanna Georgsd. Valgerður Bjarnad. Þórhallur Barðason, Þóra Gísladóttir,
Íþróttir og sund	3	Arna Sigurbjörnsdóttir, Guðný Jensdóttir, Hilmar Björnsson, Snorri Rútsson, Minna Ágústsdóttir.

Þróunarstarf

Við vinnum samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi. Sendum heim orðabókavinnu í tengslum við heimalestur. Sumarlestrarhestur verður sendur heim við skólaslit.

Námsmat

Í vetur höfum við verið að þróa okkur áfram í nýju námsmati. Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina og við setjum jafnt og þétt inn á hæfnikort þeirra.

Útikennsla/hreyfing

Við tókum þátt í átakinu „göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu.

Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann og í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn.

Í september unnum við með námsefnið Komdu og skoðaðu fjöllin og þá fórum við upp á Há og upp Dalfjallið. Nokkrir foreldrar komu með okkur og veðrið lék við okkur. Nemendur voru mjög duglegir að ganga upp á fjöllin.

Í desember fórum við í Landakirkju og afhentum afrakstur verkefnisins Jól í skókassa. Við fórum líka í Sagnheima og á Bókasafn Vestmannaeyja. Þar hlustuðum við á jólasögu og fengum fræðslu um jólin í gamla daga.

Árgangurinn tók þátt í átakinu Einn poki af rusli og krakkarnir voru einstaklega dugleg að tína rusl og koma því í gámana við skólann.

Í apríl fórum við í heimsókn í Sæheima, skoðuðum steinbít, fisk árgangsins og fengum skemmtilega fræðslu um fiskinn.

Í maí fórum við í Skiphella að skoða rituna í Skiphellum en ritan er einmitt fugl árgangsins. Við vorum minna úti en við ætluðum okkur síðustu vordagana vegna veðurs. Við fórum í örnefnagöngu 3.bekkar. Skoðuðum Prestastein, Sængurkonustein, Bússu og Frið.

Skemmtanir og félagslíf

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember unnum við með ljóðið Veran Vera eftir Þórarinn Eldjárn. Við lásum ljóðið saman og nemendur teiknuðu sína ímynduðu Veru.

Í nóvember fengum við kynningu á starfi slökkviliðsins. Árlega fær 3.bekkur kynningu slökkviliðsins í tengslum við Eldvarnarviku.

Í desember er alltaf nóg að gera hjá okkur. Árgangurinn var með bekkjarhitting ásamt foreldrum þar sem hver einn „fyllti sinn skókassa“ og Séra Guðmundur kynnti verkefnið. Hinn árlegi föndurdagur var mjög skemmtilegur. 5. bekkur sýndi okkur Helgileikinn og dregið var úr árlegri jólagetraun skólans. Á litlu jólnum fengu allir heitt kakó og smákökur sem 5. bekkur hafði bakað. Við áttum rólega og notalega stund í stofunni þar sem lesin var jólasaga og við enduðum á að dansa í kringum jólatréð.

Á Degi stærðfræðinnar skiptum við þvert á árganginn og spiluðum hin ýmsu spil. Nemendur völdu sér viðfangsefni. Dagurinn heppnaðist mjög vel.

3. bekkur var með foreldrasýningu í apríl í tengslum við Söguramann „Nýir nágrannar“.

Við fengum heimsókn í tengslum við Skáld í skólum, þau Davíð Stefánsson og Margrét Tryggvadóttir kynntu bækur sínar.

Söngur á sal var ca. einu sinni í mánuði hjá 3. bekk og var Skólalúðrasveit VM. með skemmtilega jólatónleika fyrir 1.-5. bekk.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins var gleim-mér-ey og unnum við það í náttúruskólabókinni.

Fugl árgangsins: Við fórum og skoðuðum fuglalífið við Skipphella, Fiskhella í vor. Þar var fuglinn okkar ritan að hreiðra um sig.

Fiskur árgangsins: Við fórum í heimsókn í Sæheima og skoðuðum Steinbít og fengum fræðslu. Við horfðum á mynd um steinbít neðansjávar sem Eyjamaðurinn Erlendur Bogason bjó til.

Á vordögum voru fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum. Fimmtudaginn 31. maí tókum við þátt í Erasmus verkefninu Say no þar sem var unnið með útlendingafælni og kynþáttafordóma. Dagurinn endaði svo á Stakkó þar sem börnin dönsuðu fyrir gesti og gangandi enda er dans eins á öllum tungumálum.

Almennt um árganginn

Hópurinn er duglegur og vinnusamur. Margir eru mjög sterkir námslega en einnig eru nokkrir sem þurfa á aðstoð þroskajálfa og sérkennara að halda. Þrír nemendur fengu sérstaka málörvunartíma. Einungis tveir nemendur í þessum árgangi eru af erlendum uppruna.

Samstarf og samvinna

Erfitt hefur reynst að finna tíma til að vinna þvert á árganginn þar sem stundatöflurnar hafa hamlað þeirri vinnu.

Við hittum vinabekki okkar sem er 8. bekkur tvisvar á árinu og unnum skemmtileg verkefni með þeim.



Umsjónarkennarar árgangsins hittast 2-3 í viku, klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu. Góð samvinna er við heimilin og lögð áhersla á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar senda vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kemur fram, ásamt því að

vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna.

Foreldraviðtöl eru að hausti til að ræða líðan barnanna og allir setja sér markmið. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem frammistöðumat nemenda er rætt og farið yfir markmið.

Skýrsluhöfundar: Herdís Rós Njálsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Þóra Sigga Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Bekkir: 4. KM, 4. NÍG og 4. ÞJ

Í 4. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 62 nemendum, þar af 26 stelpur og 36 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Kennt var samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Mikil áhersla var lögð á móðurmáls og stærðfræðikennslu. Lögð var áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með para- og hópavinnu í sem flestum greinum. Unnið var með félagsfærninámsefni og bekkjarfundi. Unnið var eftir Uppeldi til ábyrgðar, meðal annars með grunnþarfir hvers og mismunandi hlutverk nemenda og starfsfólks. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Haustið einkenndist af undirbúningi nemenda fyrir samræmdu könnunarprófin í íslensku og stærðfræði, sem voru 28. og 29. september. Á vorönninni fórum við í PALS en það er aðferð þar sem pör eru að lesa saman.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Í vetur notuðum við Lesfimi sem er staðlað efni frá MMS til að meta hæfni nemenda í lestri. Út frá þessu staðlaða prófi unnum við með nemendur þannig að þeir fengu kennsluefni við hæfi. Sendum heim orðabókavinnu í tengslum við heimalestur. Sumarlestrarhestur verður sendur heim við skólaslit.

Nemendur fengu 1 kennslustund í ensku á viku þar sem áhersla var lögð á söng, leiki og orðaforða. Byrjuðum að vinna með hlustunarskilning og ritun.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, einstaklings aðstoð, útikennslu, myndbönd svo eitthvað sé nefnt.

Við vinnum samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar. Höfum verið með bekkjarfundi reglulega þar sem unnið er með málefni líðandi stundar.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson, Þórdís Jóelsd.
Stærðfræði	6	Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson, Þórdís Jóelsd.
Náttúrufræði	2	Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson, Þórdís Jóelsd.
Samfélagsfræðigreinar	4	Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson, Þórdís Jóelsd.
Lífsleikni/bekkjafundur	1	Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson, Þórdís Jóelsd.
Enska	1	Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson, Þórdís Jóelsd.
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	7	Ásta Júlíusd., Óskar Jósúa, Sverrir Jónsson, Súsanna Georgsd., Valgerður Bjarnad., Jarl Sigurgeirs, Þórey Friðbjarnard, Þóra Gíslad.
Íþróttir og sund	3	Arna Sigurbjörnsd. Guðný Jensd. Hilmar Björnsson, Minna Ágústsd. Snorri Rútsson,

Þróunarstarf

Í vetur sem og í fyrravetur vorum við að þróa okkur áfram með nýtt námsmat og gengur það ágætlega.

Námsmat

Í vetur höfum við verið að þróa okkur áfram í nýju námsmati. Samræmd próf eru að hausti. Stöðluð lesfimiþróf frá MMS í september, janúar og maí. Lesskilningsþróf af Mentor, Orðarún í janúar og maí. Nemendur taka kannanir og yfirlitsþróf í íslensku og stærðfræði. Þau eru notuð til að meta hæfni nemenda, auk þess metum við vinnuframlag og samskipti í öllum greinum.

Útikennsla/hreyfing

Markmið okkar var að fara markvisst út í tengslum við samfélags- og náttúrufræðinámssefnið (sjá kennsluáætlun).

Tókum þátt í áttakinu „göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann og í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn.

Blóm árgangsins var brennisóley eða sóley og tíndum við hana víða um bæinn, þurrkuðum og settum í náttúruskólabók.

Söguramminn Blómin á þakinu var unninn um haustið, fórum við í landnámsbæinn í Herjólfssdal þar sem kveikjan af sögurammanum byrjaði. Einnig fórum við út á Breiðabakka til þess að berja ýmis húsdýr augum.

Í vetur unnum við með námsefnið Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, nemendur lærðu gömlu íslensku mánaðarheitin.

Í tengslum við dag íslenskrar tungu, 16. nóvember, fórum við í vettvangsferð á Bæjarbókasafn Vestmannaeyja þar sem við fengum fræðslu um safnið.

Í vinavíkunni fórum við í heimsókn upp á Hraunbúðir þar sem börnin spiluðu við vistmenn.

Í desember fórum við í heimsókn í Sagnheima í tengslum við námsefnið Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti. Þar fræddumst við um jól á Íslandi í gamla daga og sáum ýmsa gamla hluti. Einnig fórum við í kirkjuheimsókn og fengum fræðslu um aðventuna.

Í febrúar unnum við með Komdu og skoðaðu landnámið, unnum hópverkefni um nokkra landnámsmenn og fræddumst um Ísland.

Í mars og apríl unnum við með Komdu og skoðaðu himingeiminn. Nemendur unnu hópverkefni um reikistjörnur sólkerfisins og bjuggu sér til sínar eigin plánetur, sem varð að mjög skemmtilegu verkefni.

Í maí fór árgangurinn í örnefnagöngu. Farið var í hlíðar Eldfells, útsýni og örnefni skoðuð. Gengum um nýja hraunið og enduðum að borða nesti í Hraunskógi.

Skemmtanir og félagslíf

Halloween fjör var haldið í október þar sem við umsjónarkennararnir sáum um skemmtun fyrir allan árganginn, nemendur mættu í búningum, komu með veitingar fyrir sjálfan sig og lesnar voru draugasögur. Í mars var páskaeggjaratleikur sem umsjónarkennarar sáu um og var endað í pylsupartyi.



Valgerður Guðnadóttir ásamt undirleikara komu og fluttu barnaóperuna Björt í Sumarhúsum. Í nóvember fengum við einnig heimsókn frá rithöfundum sem lásu upp úr bókum sínum.

Í desember var nóg að gera hjá okkur, við fórum í kirkjuheimsókn, horfðum á helgileikinn hjá 5. bekk og var árlegi föndurdagurinn mjög skemmtilegur. Á litlu jólunum fengu allir heitt kakó og smákökur sem 5. bekkur hafði bakað og öllu nammi var sleppt þar sem við erum heilsuskóli. Við áttum rólega og notalega stund í stofunni þar sem lesin var jólasaga og við enduðum á að dansa í kringum jólatréð.

Í febrúar var hið árlega þorrablot skólans með fræðslu, söng, þorramat og almennri gleði. Á öskudegi mættu nemendur og starfsfólk í búningum, létum óveðrið ekki stoppa okkur, og var kötturinn sleginn úr tunnunni í íþróttahúsinu.

Í febrúar fengum við skákennslu fyrir árganginn. Söngur á sal var tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Í desember komu Pínulú og Mínilú og spiluðu fyrir okkur í sal skólans.

Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hvorri önn. Í vetur var t.d. „jól í skókassa“, bingó og hjólaferð. Markmiðið er að allir foreldrar bekkjarins hittist ásamt börnum sínum og eigi skemmtilegar stundir saman.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins var Brennisóley og unnum við með það í náttúruskólabókina.

Fugl árgangsins: tjaldur var fuglinn okkar.

Nemendur fylgdust með tjaldapari sem gerðu sig heimkomin á skólalóðinni.

Nemendur unnu verkefni um tjaldinn í náttúruskólabókina.



Fiskur árgangsins var karfi og fengum við karfa í skólann og börnin fengu að handfjatla hann og skoða. Einnig fengu þau fræðslu um fiskinn.

Á vordögum voru fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum. Einnig fórum við í okkar árlegu örnefnagöngu.

Almennt um árganginn

Hópurinn var orkumikill með fullt af duglegum og vinnusömum börnum. Margir voru mjög sterkir námslega en einnig voru margir sem þurftu aðstoð þroskajálfa og sérkennara. Átta nemendur voru af erlendum uppruna og þeir fengu sérstaka málörvunartíma. Fimm stuðningsfulltrúar fylgdu árgangnum.

Samstarf og samvinna



Við hittum vinabekki okkar sem var 7. bekkur tvisvar á árinu og unnum skemmtileg verkefni með þeim. Umsjónarkennarar árgangsins hittust 2-3 í viku, klst. í senn, ræddu um nemendur og málefni árgangsins og skipulögðu kennslu. Góð samvinna var við heimilin og lögð var áhersla á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar sendu

vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kom fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna. Allir bekkirnir voru með lokaða facebook síðu sem foreldrar halda utan um og kennarar setja inn ýmsar upplýsingar. Foreldraviðtöl voru að hausti til að ræða líðan barnanna og allir settu sér markmið. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem frammistöðumat nemenda var rætt og farið yfir markmiðin.

Skýrsluhöfundar: Kolbrún Matt, Narfi Ísak Geirsson og Þórdís Jóelsdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Bekkir: 5. ESH, 5. SÁ og 5. ULI.

Í 5. bekk eru þrír bekkir, 50 nemendur þar af 22 stelpur og 28 strákar. Í árganginum er einn stuðningsfulltrúar sem skiptir sér á milli bekkja.

Helstu áherslur árgangsins

Farið var eftir Aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu/kennslunni. Unnið var eftir kennsluáætlunum og hæfniviðmiðunum fyrir 5. bekk. Meginmarkmið vetrarstarfsins var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Útikennsla var föst á stundatöflu einu sinni í viku, 3 kennslustundir í senn. Lögð var áhersla á fjölbreytt verkefni í stærðfræði, íslensku, náttúru- og samfélagsfræði ásamt verkefnum sem tengjast heimabyggð. Samfélags- og náttúrfræði unnum við í lotum. Í hverri viku blönduðum við nemendum þvert á árganginn og skiptum þeim í 4 hópa þar sem unnið var með stærðfræði á hlutbundinn og fjölbreyttan hátt og samþættum oft við aðrar námsgreinar. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. umræður, heimildavinna, samvinnunám, hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna, sögurammar og útikennsla.



Námsgrein	Tímar	kennari
Íslenska	7	Ester, Sæfinna og Unnur Líf
Stærðfræði	7	Ester, Sæfinna og Unnur Líf
Náttúrugreinar	3	Ester, Sæfinna og Unnur Líf
Samfélagsfræðigreinar	4	Ester, Sæfinna og Unnur Líf
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Ester, Sæfinna og Unnur Líf
Enska	3	Þórey Friðbjarnardóttir.
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	7	Eva, Súsanna, Ásta Júl., Sverrir, Þóra Gísla og Þórey Friðbjarnar.
Íþróttir og sund	3	Hilmar Ágúst Björnsson, Guðný Jensdóttir, Arna Björg Sigurbjörnsdóttir og Minna Björk Ágústsdóttir.

Þróunarstarf

Nýtt námsmat, nýtt Mentorumhverfi og þróunarstarf í stærðfræði.

Námsmat

Í ár var námsmat eftir matsviðmiðum Aðalnámsskrár. Gefnar voru einkunnir A, B+, B, C+, C og D í bóklegum fögum. Notast er við símat, kannanir, yfirlitspróf, verkleg verkefni, skýrslur, tilraunir, mat á vinnubókum, mat á hópavinnu og leiðsagnarmat. Lesfimipróf í sept., jan. og maí. Lesskilningsprófið Orðarún í desember og maí. Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina í íslensku og stærðfræði. Auk þess metum við vinnuframlag og samskipti.

Útikennsla/hreyfing

Farið var einu sinni í viku í útikennslu samkvæmt stundatöflu. Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar þar sem lögð var áhersla á að fara út fyrir

skólstofuna. Við fórum í fjölbreyttar vettvangsferðir t.d. á söfn, í fyrirtæki, örnefnagöngur, berjaferð, lambaferð, ruslaferð og við nýttum skólalundinn okkar. Einnig var notast við stöðvavinnu í stærðfræði, íslensku og náttúrufræði og farið í ratleiki ásamt ýmsu öðru. Fugl, fiskur og planta árgansins eru: njóli, loðna og skrofa og unnum við verkefni tengd því. Að hausti fórum við og söfnuðum njóla og unnum verkefni í náttúruskólabók. Við náðum í Skrofu og kom hún í heimsókn í skólann við mikinn fögnuð. Einnig heimsóttum við Vinnslustöðina og fengum að skoða loðnu og loðnuvinnslu. Um miðjan maí nýttum við gott veður sem gafst og héldum víkingahátíð í Herjólfsdal. Nemendur hafa undirbúið hátíðina allan veturinn með því að búa sér til búninga og leikmuni í list -og verkgreinum.



Skemmtanir og félagslíf

Árlegur föndurdagur í desember var skemmtilegur og gekk vel. Við fórum á jólatónleika með litlu lúðrasveitinni í Íþróttahúsinu. Þorablótið var á sínum stað. Öskudagsskemmtun skólans heppnaðist vel. Söngur á sal var með hefðbundnu sniði. Í tengslum við heilsueflandi skóla tókum við þátt í verkefnunum Göngum í skólann, Lífshlaupinu og Norræna skólahlaupinu. Á haustönn héldu kennarar partý fyrir nemendur, þar sem farið var í winit to minit keppni og spilað bingó.

Nemendaráð skólans hélt tvö diskótek fyrir árganginn eitt að hausti og annað að vori.

Þemavinna og vordagar

Í upphafi skólaárs fórum við í dagsferð þar sem við heimsóttum Þjóðminjasafnið, Hvalasafnið og Þingvelli. Ferðin gekk vel og komu allir glaðir og sátir heim. Í nóvember og desember var nóg að gera við að æfa og sýna helgileikinn. Sýningar voru þrjár, ein í skólanum, á Hraunbúðum og í Landakirkju.

Á degi jákvæðra samskipta kom 6. bekkur í heimsókn til okkar þar sem unnin voru sameiginleg verkefni og nemendur völdu sér stöðvar. Þessi dagur var mjög skemmtilegur þar sem nemendur nutu sín í leik og starfi. Í lok skólaárs voru haldnir Fjölgreindaleikar sem tókust mjög vel. Say No dagurinn var haldinn með öllum skólanum þar sem unnið var með útlendingafælni og kynþáttafordóma og endað á að dansa á Stakkó undir dyggri stjórn Súsönnu danskennara.



Almennt um árganginn

Hópurinn er orkumikill og mjög krefjandi. Hann er breiður námslega og nokkrir nemendur fá þjónustu þroskaþjálfra, sérkennara og námsráðgjafa. Töluvert hefur verið um samskiptavanda bæði hjá strákum og stelpum og fengum við aðstoð námsráðgjafa og þroskaþjálfra til að vinna með það.

Samstarf og samvinna

Mikil og góð samvinna hefur verið þvert á árganginn sem hefur reynst vel. Sérkennari var með okkur í skipulagningu og kennslu í stærðfræðihópum á föstudögum. Við lítum á árganginn sem eina heild. Kennarar vinna mjög náið og vel saman við að skipuleggja vinnu nemenda.



Önnur atriði sem vert er að nefna

Á vorönn kom Dollý til okkar sem lestraramma og voru nemendur og kennarar mjög ánægðir og þakklátir fyrir hennar framlag. Við tókum þátt í lestrarátaki með öllum skólanum þar sem unnið var með fiskaþema. Skemmtileg hefð er orðin í yndislestri þar sem allir í skólanum lesa saman á göngum skólans. Á degi íslenskrar tungu unnum við í orðhlutavinnu og með tölvuorð.

Við fengum ýmsar góðar heimsóknir s.s. rithöfunda sem komu og kynntu bækur sínar, Þorgrímur Þráinsson kom með fyrirlesturinn sinn „Verum ástfangin af lífinu.“ Þjóðleikhúsið sett upp sýningu fyrir okkur, og við fengum fræðslu frá Rauða krossinum. Á vordögum var Maritafræðsla, bæði fyrir nemendur og foreldra.

Skóladagurinn var haldinn hátíðlegur 9. maí. Að venju sá 5. bekkur um hlutaveltu á skóladaginn og seldi pönnukökur sem foreldrar og starfsfólk bakaði og möffins sem nemendur bökuðu í heimilisfræði.

Skýrsluhöfundar: Ester S. Helgadóttir, Sæfinna Ásbjörnsdóttir og
Unnur Líf Ingadóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Bekkir: 6. AP, 6. HJH og 6. JA.

Helstu áherslur árgangs Farið var eftir Aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu. Unnið var eftir kennsluáætlunum sem búnar voru til í ágúst fyrir haustönnina og janúar fyrir vorönnina. Við lögðum áherslu á markvissa lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Meginmarkmið



vetrarstarfsins var að efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og líði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir og unnið með að skapa góðan bekkjaranda. Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, meðal annars með grunnþarfir hvers og eins, mismunandi hlutverk nemanda og starfsmanna skólans. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir skólaárið og foreldrasamstarf gekk vel. Allir bekkir eru með Facebook síðu fyrir foreldra sem reynist vel í samskiptum.

Kennsluhættir/skipulag kennslu.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna
Stærðfræði	6	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna
Náttúrufræði	3	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna
Samfélagsfræði	4	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna
Lífsleikni/bekkjafundur	1	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna
Enska	3	Þórey Friðbjarnard, Helga Jóhanna og Jóhanna
Danska	1	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna
Trúabragðapema	2	Ásta, Dóra Guðrún, Arnheiður, Óli, Bjartey
Verkgreinar/Upplýsingatækni	6	Ásta, Eva, Bjartey, Óli, Harpa
Íþróttir og sund	3	Arna, Guðný, Hilmar, Minna
Jákvæð sálfræði	1	Dóra Guðrún

Í stærðfræði voru settir upp kaflatengdir pakkar sem farið var eftir. Eftir áramót var unnið þvert á árganginn einu sinni í viku þar sem þjálfaðar voru grunnaðgerðirnar ásamt hlutbundinni vinnu. Í íslensku var áhersla á bókmenntir og lesskilning ásamt málfræði og stafsetningu. Fyrir áramót lásum við bókina Grillaðir bananar og nemendur skiluðu m.a. ritdóm úr henni. Eftir



áramót lásu nemendur Benjamín Dúfu og unnu m.a. stutta bókmenntaritgerð úr henni. Farið var í lestrar- og lesskilningsátak. Samfélags- og náttúrufræði var kennd í lotum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. umræður, heimildavinna, samvinnunám, hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna, sögurammi og útikennsla.

Námsmat

Námsmat var eftir matsviðmiðum

Aðalnámsskrár þar sem unnið var með hæfni nemenda og framfarir þeirra metnar reglulega. Gefnar voru einkunnir A, B+, B, C+, C og D í öllum fögum. Notast var við símat, kannanir voru bæði skriflegar, munnlegar og rafrænar. Yfirlitspróf var í íslensku og stærðfræði í mars. Auk þess heimapróf, samvinnupróf, verkleg verkefni, ritgerð, mat á vinnubókum, mat á hópavinnu, sjálfsmat og leiðsagnarmat. Lesfimipróf í september, janúar og maí. Orðarún lesskilningsspróf tvisvar yfir skólaárið. Kennsluráðgjafinn Erna Jóhannesdóttir lagði fyrir Talnalykil að hausti sem kom ekki nógu vel út. Þegar niðurstöður lágu fyrir úr þeirri skimun var farið í átak með alla nemendur í grunnaðgerðum í skólanum. Eftir áramót var endurfyrirlögn til þess að meta framfarir og kom það betur út. Kennsluráðgjafi og umsjónarkennari funduðu með foreldrum þeirra nemenda sem komu verst út. Þar var lagt upp með að æfa grunnaðgerðinar heima líka. Foreldrum var afhent einstaklingsmiðað stærðfræðihefti sem var sinnt misvel heima.



Útikennsla/hreyfing



Útikennsla hefði mátt vera markvissari í vetur. Nokkrum sinnum unnum við stærðfræði og náttúrufræði verkefni úti. Við gripum góðviðrisdaga og unnum í stærðfræðibókunum úti, yndislestur og enskuverkefni. Heimsóttum bókasafnið í tengslum við verkefni í Söguskinnu. Nemendur fundu plöntu árgangsins í gönguferð. Reglulega fórum við út í leiki með árgangnum. Við fórum og gróðursettum

trjáplöntur á nýja hrauninu í samstarfi við Skógræktarfélag Vestmannaeyja. Í löngum kennslustundum vorum við dugleg að hreyfa okkur m.a. með Lazymonster.

Náttúrurskólabók

Hver árgangur vinnur með fisk, fugl og plöntu á hverju ári. Í 6. bekk lærðu nemendur um súluna, þorskin og fífilinn.



Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld var að hausti í hverjum bekk. Ýmislegt var gert sér til gamans s.s. pizzubakstur, spil og hittingur á Rauðagerði. A.P. bekkurinn var með stelpu- og strákahittinga yfir allan veturinn sem gekk mjög vel. Nemendaráð skólans hélt tvö diskótek. Í tengslum við heilsueflandi skóla tókum við þátt í verkefnunum Göngum í skólann, Lífshlaupinu og Norræna skólahlaupinu. Í desember fórum við í sleðaferð á Stakkó í brunagaddi en krakkarnir skemmtu sér konunglega.

Þemavinna og vordagar

Í desember voru vel heppnaðir smiðjudagar þar sem nemendur gátu valið ýmis skemmtileg verkefni eftir áhugasviði sínu. Samfélagsfræði og náttúrufræði voru unnin í þemum og nýttum við tæknina eins og hægt var t.d. með Osmo, Seesaw, Quizlet og Kahoot. Sögurammi var notaður í Snorra Sturlusyni. Í vinavíkunni í nóvember fórum við í heimsókn í Hamarsskóla



og unnum með vinabekkjum okkar að sameiginlegum verkefnum í stöðvum. Á Degi íslenskrar tungu unnum við þemaverkefni út frá sögunni Stúlkan í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Í mars komu vinabekkirnir okkar í heimsókn, tekið var í spil og sýndum þeim m.a. hvað við erum að læra í dönsku með Quizlet. Í lok skólaársins tókum við þátt í verkefninu Say No to Xenophobia ásamt krökkum úr Erasmus. Nemendur hönnuðu slagorð á skilti gegn útlendingafælni. Farið var á Stakkó þar sem Súsanna stjórnaði hópðansi og fengum óvænta heimsókn frá Emmsjé Gauta. Skólaárið endaði á Fjölgreindarleikum sem tókust vel.

Almennt um árganginn



Í 6. bekk eru þrír bekkir, 52 nemendur þar af 22 stelpur og 30 strákar. Í árgangi 2006 eru hugmyndaríkir, skemmtilegir og orkumiklir krakkar. Nokkrir eru sterkir námslega en við vildum sjá fleiri fylla þann hóp. Of stór hluti á í vandræðum með lestur og lesskilning og að halda sér að verki. Þetta skólaár héldum við áfram að vinna með samskipti nemenda.

Við nýttum okkur leiðbeiningar frá Vöndu Sigurgeirsdóttur varðandi hópefli og samvinnu. Okkar mat er að þau séu að ná betri tökum á félagslegum samskiptum t.d. hafa upptökur á fótboltavellinum minnkað og/eða þau ná stundum að leysa ágreininginn sjálf. En betur má ef duga skal og verður auðvitað áframhald á þeirri vinnu.

Samstarf og samvinna

Mikil og góð samvinna hefur verið þvert á árganginn. Við lítum á árganginn sem eina heild, nemendur vinna allir að sömu verkefnum. Eftir áramót tókum við tvær kennslustundir í samkenndu í stærðfræði. Kennarar vinna mjög náið og vel saman við að skipuleggja vinnu nemenda. Góð teymisvinna á sér stað.

Önnur atriði sem vert er að nefna.

Á skólaárinu fengum við nokkrar skemmtilegar heimsóknir s.s. rithöfundinn Gunnar Theodór Eggertsson. Þjóðleikhúsið bauð upp á sýninguna Oddur og Siggi í Bæjarleikhúsinu. Sýningin var um samskipti skólabarna. Erasmus hópurinn kom í heimsókn til okkar og spreyttu krakkarnir sig á að tala ensku og fræðast um löndin þeirra. Rauði krossinn kom með verkefnið „3 dagar“ í samstarfi við Almannavarnir ríkisins og Heimili og skóla. Einsí kaldí kom og ræddi við okkur um matarsóun.



Í desember var skemmtilegt stærðfræðiverkefni, krakkarnir mældu yfirborðsflatarmál á piparkökuhúsi. Skreyttu það síðan og borðuðu á litlu jólnum. Jólasundmótið var á sínum stað og stóðu krakkarnir sig vel. Öskudagurinn var með breyttu sniði fyrir krakkana. Unnið var á þremur stöðvum með 7. bekk. Margir undirbjuggu sig fyrir öskudagsfjórið í bænum. Skóladagurinn var með hefðbundnu sniði og gekk vel.

Sú nýbreytni varð á að raðað var á borð í matsalnum. Var það gert vegna óróleika og kvíða nemenda í honum, sumir réðu illa við að vita ekki hvar þeir ættu að sitja og upplifðu sig óvelkomna á sum borðin. Þetta fyrirkomulag gafst vel en mættum endurskoða að breyta sætaröðum um áramót.

Skýrsluhöfundar: Arnheiður Pálsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Jóhanna Alfreðsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Bekkir: 7. ES og 7. DGP

Tvær bekkjardeildir voru í 7. bekk. Á skólaárinu voru 20 nemendur í öðrum bekknum og 21 nemendi í hinum.

Stuðningsfulltrúar bekkjanna

Soffía Valdimarsdóttir var stuðningfulltrúi fram að páskum og þá kom í hennar stað Krístrún Hlynisdóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið vetrarstarfsins var að halda áfram að efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að



hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Undirbúningur fyrir samræmd próf var einni þó nokkur um haustið. Farið var eftir Aðalnámsskrá grunnskóla í skólafarfinu/kennslunni. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn fyrir og eftir jól. Samskipti við foreldra voru góð. Við tókum þátt í Stóru upplestrarkeppninni eins og 7. bekkur hefur gert síðustu ár. Árangur krakkanna var mjög góður.

Kennsluhættir / skipulag kennslu

Námssgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Elísa Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir.
Stærðfræði	6	Elísa Sigurðardóttir og Ólafía Ósk Sigurðardóttir.
Enska	3	Dóra Guðrún Þórarinsdóttir og Harpa Hauksdóttir.
Danska	2,5	Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Ragheiður Borþórsdóttir
Bekkjartími	0,5	Elísa Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir.
Samélagsfræði	3	Elísa Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir.
Náttúrufræði	3	Elísa Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir.
Íþróttir/sund	3	Hilmar Björnsson, Minna Björk Ágústsdóttir, Guðný Jensdóttir, Snorri Rútsson
Þema: trúarbragðafræði	2	Ásta Kristmannsdóttir, Bjartey Gylfadóttir, Elísa Sigurðard. Dóra Guðrún Þórarinsdóttir, Ólafur Lárusson
Lotur: Myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði, upplýsingatækni, Fab-lab.	4	Ásta Kristmannsdóttir, Bjartey Gylfadóttir, Eva Káradóttir, Frosti Gíslason, Harpa Hauksdóttir, Jónatan Guðni Jónsson, Ólafur Lárusson.

Þróunarstarf

Nýtt námsmat.

Námsmat

Námsmat er gefið í lok skólaárs. Símat er í öllum námsgreinum jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur fengu leiðbeinandi matskvarða í upphafi verkefna til að taka mið af. Árgangurinn tók samræmt próf í íslensku og stærðfræði í haust. Í bóklegum og verklegum greinum var vitnisburður í samræmi við Aðalnámsskrá og gefið í bókstöfunum A, B+, B, C+, C, D og hæfniviðmið metin.



Útikennsla/hreyfing

Árgangurinn fór í þriggja daga ferð að Úlfjótssvatni í maí 2018. Nemendur fengu fjölbreytta kennslu alla dagana.

Innanbæjar:

- Við plöntuðum trjám á Nýja hrauninu í samstarfi við Skógræktarfélag Vestmannaeyja. Plönturnar fengum við úr Yrkju, sjóði æskunnar til ræktunar landsins.
- Unnið var með fugl, fisk og plöntu árgangsins (spói, koli og vallhumall).
- Farið var í þöglugöngu í Vigdísarlund og týndu krakkarnir blóm árgangsins sem er Vallhumall.



Skemmtanir og félagslíf

Sameiginleg bekkjarkvöld að haust. Þemað var Hrekkjavaka og höfðu nemendur unnið að gerð leikrits í íslensku. Þessi leikrit voru sýnd á bekkjarkvöldinu.

Í desember voru litlu jólin hjá hvorum bekk fyrir sig.

Bekkjarkvöld að vori hjá hvorum bekk fyrir sig.



Þemavinna/vordagar

Smiðjudagur voru í desember þar sem nemendur unnu fjölbreytileg verkefni.

Fjölgreindaleikar voru haldnir 1. og 4. júní þar voru nemendur í sjöunda bekk voru fyrirliðar.

Almennt um árganginn

Árgangurinn samanstendur af kraftmiklum og skemmtilegum krökkum og er samkennd mikil í árganginum. Námsfrávik eru ekki mikil í árganginum en það er stuðningsfulltrúi í öðrum bekknum. Nokkrir nemendur sækja þjónustu í námsveri og einn nemandi fer í sérdeild. Einn erlendur nemandi kemur nýr inn að hausti og hefur verið lögð áhersla á að koma honum inn í tungumálið og skólasamfélagið.

Samstarf og samvinna

- Bekkja/nemenda:
Árganginum er blandað í þema og lotum. Bekkirnir vinna mikið saman og halda hópinn í frímínútum. Allar vettvangsferðir hefur árgangurinn farið í saman.
- Kennarar:
Góð samvinna er á milli umsjónakennara og annarra kennara er koma að bekkjunum.



Húsnæði/aðstaða

7. bekkur er í elsta hluta Grunnskóla Vestmannaeyja. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar en afar erfitt er að loftræsta þær. Stofurnar eru samliggjandi þannig að samvinna verður mjög auðveld.

Skýrsluhöfundar: Elísa Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Bekkir: 8. JGJ, 8. ÓS og 8. RÖ

Þrjár bekkjardeildir voru í 8. bekk. Að hausti voru 19 nemendur í tveim bekknum og í hinum voru 20 nemendur. Um miðjan vetur fækkaði í bekkjum um 1 nemenda í árganginum. Þannig að í bekkjunum voru 18, 19 og 20 nemendur að vori.



Helstu áherslur árgangsins

Lögð var áhersla á að efla jákvæð samskipti, auka vellíðan og bæta sjálfsmynd nemenda. Nemendur fengu hvatningu til að taka ábyrgð á eigin námi og hugsa til framtíðar. Aðalnámskrá grunnskóla var fylgt við gerð námsáætlana.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Rósa Ögmundsdóttir, Jónatan Guðni Jónsson og Svanhvít Friðþjófsdóttir
Stærðfræði	6	Ólafía Ósk Sigurðardóttir, Jónatan Guðni Jónsson og Hildur Jónasdóttir
Enska	3	Harpa Hauksdóttir, Ólafía Ósk Sigurðardóttir og Rósa Ögmundsdóttir
Danska	2,5	Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Ragnheiður Borgþórsdóttir
Bekkjartími	0,5	Umsjónarkennarar
Samfélagsgreinar	3	Jónatan Guðni Jónsson og Ólafía Ósk Sigurðardóttir
Náttúrufræði	3	Sigurhanna Friðþórsdóttir og Rósa Ögmundsdóttir
Íþróttir/sund	3	Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Guðný Jensdóttir, Minna Ágústsdóttir Hilmar Björnsson
Val nemenda	6	Ýmsir kennarar

Þróunarstarf

Mikið var lagt upp úr þjálfun til að bæta lestrarkunnáttu nemenda og auka árangur þeirra.

Námsmat

Nýtt námsmat var tekið til notkunar haustið 2016. Miðast það við nýjustu útgáfu Aðalnámskrár grunnskóla. Námsmat fólst í símati sem fer fram jafnt og þétt yfir veturinn. Einnig var yfirlitspróf í mars.



Útikennsla/hreyfing

Í tengslum við vinnu í náttúruskólabók fórum við í göngu út að minnisvarðanum um Sigríðarslysið og skoðuðum gömlu ruslahaugana vestur á hamri. Á vordögum fórum við með nemendur út í leiki.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjakvöld að hausti hélt árgangurinn saman. Þá var farið í leiki, spilað á spil, sýnd kvikmynd og borðum saman.

Í desember voru litlu jólin undirbúin og haldin sameiginlega.

Bekkjakvöld að vori var haldið í sitt hvoru lagi innan árgangsins á Rauðagerði. Pöntuð var pizza, spjallað, spilað og horft á kvikmynd.



Þemavinna/vordagar

- Á haustdögum heimsóttum við vinabekk okkar, þriðja bekk, og föndruðum með þeim, skrifuðum jákvæð orð og setningar á þau. Eldri nemendur létu yngri nemendur lesa fyrir sig.
- Á vinadaginn fengum við vinabekkinn okkar í heimsókn. Yngri nemendur lásu fyrir eldri nemendur. Unnið var á þremur stöðvum þar sem föndruð voru vinapúsl, emoji kallar og fiðrildi. Heimsóknirnar voru ánægjulegar og gengu mjög vel.
- Árgangurinn tók þátt í SAY NO! deginum sem er forvörn um útlendingaælni og kynþáttahatur.

Almennt um árganginn

Árgangurinn samanstendur af kraftmiklum og kátum krökkum. Hópurinn er samheldinn og skemmtilegur.

Samstarf og samvinna

Bekkja/nemenda:

- Nemendur dreifast í ólíkar valgreinar eftir áhugasviðum. Bekkirnir vinna mikið saman og halda hópinn í frímínútum.
- Kennara:
Margir kennarar koma að árganginum og er sá hópur einstaklega góður og samstarf gengur snurðulaust fyrir sig.

Húsnæði/aðstaða

8. bekkur er í austasta hluta Grunnskóla Vestmannaeyja. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar. Árgangurinn hefur 3 stofur til umráða. Tölvubúnaður kennara hefur verið endurnýjaður en net skólans virkar ekki alltaf sem skyldi. Erfitt hefur reynst að nýta þráðlausa netið til vinnu.



Skýrsluhöfundar: Jónatan Guðni Jónsson, Ólafía Ósk Sigurðardóttir og Rósa Ögmundsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Bekkir: 9. ÁST, 9. EB og 9.HJ

Þegar skólinn tók til starfa í haust var 51 nemandi í þremur bekkjardeildum í árganginum en einn flutti frá Eyjum um mitt skólaár því útskrifuðust 50 nemendur úr 9. bekk í vor. Einn nemandi lauk grunnskólagöngu og hefur nám í FÍV í haust. Stuðningsfulltrúi var í einum bekk.

Helstu áherslur árgangs

Meginmarkmið vetrarstarfsins var að efla metnað og ábyrgð nemenda á eigin námi. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Farið var eftir *Aðalnámskrá grunnskóla* í skólastarfinu. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn fyrir og eftir jól. Hver bekkur stofnaði Facebooksíðu sem efldi samstarfið við foreldra. Samskipti við foreldra voru góð.



Kennsluhættir

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Ásdís Steinunn og Svanhvít
Stærðfræði	6	Berglind og Hildur
Náttúrufræði	3	Elísa, Evelyn og Sigurhanna
Samfélagsfræði	4	Ásdís Steinunn, Evelyn og Hildur
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Ásdís Steinunn, Evelyn og Hildur
Enska	3	Evelyn og Lára

Danska	3	Dóra Hanna, Evelyn og Ragnheiður
Íþróttir og sund	3	Arna Björg og Hilmar
Valstundir	6	Ýmsir kennarar



Unnið var eftir kennsluáætlunum kennara allt skólaárið. Umsjónarkennarar kenna allir samfélagsgreinar og bekkjarfundi í sínum bekkjum. Samstarf umsjónarkennara hefur gengið mjög vel og höfum við skipt með okkur verkum í undirbúningi í samfélagsgreinum. Með því móti fæst meiri fjölbreytileiki í

kennsluháttum og framsetningu verkefna sem og í námsmati. Umsjónarkennarar hittust einu sinni í viku í a.m.k. klukkustund. Kennarar hittust oftast þegar um undirbúning fyrir sérstök verkefni var að ræða.

Námsmat

Nýtt námsmat var tekið til notkunar haustið 2016. Miðast það við nýjustu útgáfu *Aðalnámskrár grunnskóla*. Námsmat fólst í símati sem fer fram jafnt og þétt yfir veturinn. Frammistöðumat var gefið tvisvar á vetrinum. Nemendur í 9. bekk þreyttu samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Því miður var fyrirlögnin algjört klúður.

Útikennsla/hreyfing

Farið var í miðbæinn í ratleiki í íslensku og dönsku. Útistærðfræði bæði á skólalóð og fyrir utan hana. Skemmtileg gönguferð á haustdögum þar sem árgangurinn fór á Eldfell, í Eldheima og á Flakkara.



Skemmtanir og félagslíf



Við höldum eitt sameiginlegt bekkjarkvöld þar sem árgangurinn fór saman í ýmis spil og Minute-to-win-it. Að því loknu borðuðum við saman kökurnar úr jólaköku-skreytingarkeppninni. Hver bekkur tók sér tíma að fara í Féló og þar var tekin góð hópefing. Nemendaráð skólans hélt síðan lokaball að vori þar sem nemendur fögnuðu skólalokum saman.

Þemavinna og vordagar

Nemendur í 9. bekk tóku m.a. þátt í eftirfarandi verkefnum:

Vinavikan, Náttúruvísindadagar, Forvarnardagurinn, Skáld í skólum, Spurningakeppni unglinga, Forvarnarfræðslu Magnúsar Stef., Dagur íslenskrar tungu, Dagur stærðfræðinnar, Litlu jól, Skóladagur BS, Smiðjudagar á unglingastigi sem endað með árshátíð, Starfakynningu í Eyjum og Say No to Xenophobia-dansdagur.

Í samfélagsfræði í vetur var heimsstyrjöldunum tveimur gerð góð skil. Við unnum verkefni í samstarfi við Erasmus + verkefnið Say No to Xenophobia. Það voru sautján nemendur í árganginum sem voru í Erasmus+ vinnu og skipulögðu þeir m.a. sýningu í Einarssstofu í Sagnheiminum og framkvæmd dags gegn útlendingafælni sem lauk með hópðansi alls skólans á Stakkó. Starfsfræðsla var á vordögum. Þar kynntu þeir nemendur sem ekki voru í Erasmus+ verkefninu sér hin ýmsu störf er tengjast sjávarútveginum. Nemendur kynntu þau síðan fyrir jafnöldrum sínum.



Húsnæði/aðstaða

9. bekkur er í austasta hluta Grunnskóla Vestmannaeyja. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar. Árgangurinn hefur stofur 26, 36 og 37 til umráða. Tölvubúnaður kennara hefur verið endurnýjaður en net skólans virkar ekki alltaf sem skyldi.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Í vetur voru lögð fyrir skimunarpróf MMS í lestri. Þegar fyrstu niðurstöður lágu fyrir var farið í mikla vinnu með niðurstöðurnar. Lögð var sérstök áhersla á heimalestur og ýmsar góðar æfingar í skólanum. Prófin voru síðan endurtekin í janúar og aftur í maí og sýndu þá niðurstöður að nemendum hafði farið talsvert fram.

Skýrsluhöfundar: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Evelyn Bryner og Hildur Jónasdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Bekkir: 10. BÞ, 10. GJ og 10. SF

Í árganginum er skráður 49 nemandi, 21 stúlkur og 27 drengir í þremur bekkjardeildum þ.e.

10. BÞ, umsjónarkennari Berglind Þórðardóttir, 10. GJ, umsjónarkennari Guðríður Jónsdóttir og 10. SF, umsjónarkennari Svanhvít Friðþjófsdóttir. Umsjónarkennarar kenna allir samfélagsgreinar í sínum bekkjum og annað hvort íslensku og/eða stærðfræði í sínum



bekkjum. Samstarf umsjónarkennara hefur gengið mjög vel eins og áður og höfum við skipt með okkur verkum í undirbúningi í samfélagsgreinum. Með því móti fæst meiri fjölbreytileika í kennsluháttum og framsetningu verkefna sem og í námsmati. Umsjónarkennara hittast einu sinni í viku í a.m.k. klukkustund og kennarar sem kenna önnur bókleg fög hittast einnig í um klukkustund í viku hverri. Þannig að sumir kennarar eru í samstarfi í a.m.k. tvær klukkustundir á viku. Kennarar hittast oftast þegar um undirbúning fyrir sérstök verkefni er að ræða.

Húsnæði/aðstaða

Nemendur höfðu sína heimastofu 32, 33 og 35.

Námsefni/gögn

Í stærðfræði var aðalanámsefnið *Skali* 3a og 3b. Í íslensku var aðalnámsefnið *Logar, Gísla saga, Korku saga, Málið í mark* – óbeygjanlega orð. Í samfélagsfræðinni var aðalnámsefnið *Frelsi og velferð, Á ferð um samfélagið, Kynlíf – tímarit og Um víða veröld - Jörðin*.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir í vetur hafa eins og áður verið með fjölbreyttara móti og má þar nefna fyrirlestra, sýnikennslu, sýningar, skoðunarferðir, hlustunarefni, skriflegar æfingar, vinnubókakennslu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, tvenndarvinnu, námsleiki, námsspil, þjálfunarforrit, verklega kennslu, vettvangsathuganir, jafningjafræðslu og hópinnuaðferðir.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og bæði er um leiðsagnar- og lokamat að ræða. Símat fer fram allan veturinn en um miðjan vetur er námsstaða nemenda skoðuð á einstaklingsforeldrafundum. Í mars voru yfirlitspróf í grunnfögum.

Viðburðir

Árgangurinn hélt áfram að vinna í Erasmus + verkefni ásamt Tékklandi, Noregi, Tyrklandi og Þýskalandi.

Viðburðir eða uppbrot voru þennan veturinn m.a. Þorgrímur Þráinsson með fyrirlesturinn – Verum ástfangin af lífinu, Magnús Stefánsson kom með sína forvarnarfræðslu, starfakynning, starfskynning, vinadagur, Göngum í skólann, Lífshlaupið, PISA, dagur stærðfræðinnar, dagur íslenskrar tungu, smiðjudagar sem enduðu með árshátíð og lokaverkefni.

Haust og vordagar

Tíundi bekkur fékk heimsókn frá vinabekk sínum, 1. bekkur og heimsóttum við hann. Við fórum í skólaferðalag vikuna fyrir páskafrí. Við gistum í Bláfjöllum, fórum á handboltaleik, keilu, sund, skauta



og skíði. Einstaklega vel heppnuð ferð og voru nemendur til fyrirmyndar alla ferðina. Nemendur fóru í starfskynningu tvo daga á skólaárinu.

Lokaverkefni

Þetta er þriðja árið sem lokaverkefni er unnið í 10. bekk. Verkefnið felst í því að nemendur byrja á því að velja sér rannsóknarefni og semja rannsóknarspurningu. Thelma Gísladóttir var með fyrirlestur um rannsóknarspurningu sem nýttist nemendum mjög vel. Sara Sjöfn Grettisdóttir og Einar Kristinn Helgason voru með fyrirlestur um viðtalstækni sem nýttist einnig vel. Verkefnið stóð yfir í tvær vikur og lauk með glæsilegum kynningum fyrir foreldra og kennara. Básarnir voru til sýnis daginn eftir kynningarnar fyrir almenning sem var skemmtileg nýjung. Verkefnin voru af mörgum toga, m.a. kannabis, áhrif tónlistar á líðan, átröskun, áhrif langveikra barna á daglegt heimilislíf, áhrif fæðubótarefna, Star wars, Fortnite, leikhús Vestmannaeyja, mataræði íþróttamanna, sjálfsmynd unglinga, fiskiðnaður,



handboltalið karla ÍBV, atvinnumenn í fótbolta, Leonardo da Vinci, leikjatölvur, sveitarstjórnarkostningar og ofþjálfun. Verkefnið þótti takast í alla staði mjög vel og voru umsjónarkennarar mjög stoltir að frammistöðu sinna nemenda. Á skólaslitum voru veittar viðurkenningar fyrir flottasta básinn, bestu kynninguna, frumlegasta verkefnið, bestu rannsóknina

og bestu heimasíðuna.

Almennt um árganginn

Árgangurinn er einstaklega hress og skemmtilegur og miklir karakterar. Mikið um öfluga íþróttamenn og sterka námsmenn. Áherslur kennara í vetur eins og oft áður hafa verið jákvæð samskipti, vellíðan, bæta sjálfsmynd nemenda, gagnrýna hugsun og undirbúa þá fyrir lífið.

Skýrsluhöfundar: Berglind Þórðardóttir, Guðríður Jónsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir.

Ýmsar skýrslur

Skýrsla íþróttakennara

Helstu áherslur/markmið:

Meginmarkmið með íþróttakennslu er að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt. Auka þol, styrk og leikni. Nemendur eru hvattir til þess að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum til að stunda sér til heilsubótar og gamans. Enn fremur er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum. Auka félagslegan þroska og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Áhersla er á virðingu og umburðarlyndi. Jafnframt er nemendum kennt inntak keppni, svo sem að leggja sig fram um að kunna að taka tapi og sigrum.



Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Íþróttir:

- 8. bekkur er 2 x 40 mínútur á viku. Hjá 1. bekk er annar tíminn kenndur í sal Hamarsskóla og/eða úti á lóð skólans.
- 9. og 10. bekkur er 1 x 60 mínútur á viku.
- Tveir íþróttakennarar eru saman með tvo hópa í íþróttatímum.
- Útikennsla er í byrjun haustannar og lok vorannar, þegar veður leyfir.

Sund:

- 8. bekkur er 1 x 40 mínútur á viku.
- 9. – 10. bekkur er 1 x 60 mínútur á viku í sundi. 2 hópar voru í vetur, einn stelpuhópur og einn stráka hópur.
- Tveir íþróttakennarar sjá um sundkennslu í hverjum hóp í 1.-7. bekk.
- Einn íþróttakennari sér um sundkennslu í 8. – 10. bekk.
- 9. – 10. bekkur var kynjaskiptur í sundi og íþróttum.

Akademía:

Kennt var 1 x 60 mínútur á viku. Hálft skólaárið í sundi og hinn helminginn í íþróttum. 2 hópar voru í vetur, einn stelpuhópur og einn stráka hópur. Stelpur byrjuðu í sundi. Einn íþróttakennari sá um hvorn hóp.

Aukasundtímar:

Boðið var upp á aukasundtíma fyrir þá sem þurftu.

Þróunarstarf:

Áfram var unnið að þróun námsmats, auk þess sem unnið var að uppsetningu markvissara skipulags fyrir íþróttakennslu.

Námsmat:

Námsmat byggist á námsstöðu, vinnusemi og samskiptum. Námsstaðan byggist á líkamsgetuprófum sem lagt var fyrir 2 sinnum á skólaárinu. Frammistöðumat var gefið einu sinni á þessu skólaári við annarskipti. Ein einkunn var gefin í lok skólaárs fyrir skólaíþróttir. Nú í vetur settum við einnig inn verkefnabók í sundi þar sem gefin var einkunnin lokið eða ólokið. Ef nemdandi fékk ólokið í sundi þá fékk hann einnig umsögn með lokeinkunn þar sem kom fram hverju var ólokið. Umsögn var gefin í íþróttum ef þess þurfti.

Námsmatið skiptist þannig:

- 1. – 4.bekk er gefið eftir eftirfarandi stöðlum:
 - Framúrskarandi
 - Hæfni náð
 - Á góðri leið
 - Þarfnast þjálfunar
 - Hæfni ekki náð
- 5. – 10.bekkur fékk einkunnir í bókstöfum frá A – D (A, B+, B, C+, C og D).

Endurskoða þarf skipulag í íþrótt- og sundkennslu á unglingastigi fyrir næsta skólaár út frá hæfniviðmiðum. Þar sem bæta þarf inn t.a.m. skyndihjálp. Einnig þarf að endurskoða sundstig og próf í sundi út frá námsmati hjá 1. – 8. bekk.

Námsefni/gögn:

Kennt er eftir Aðalnámsskrá grunnskóla í sundi og íþróttum.

Reynt er að kynna helstu íþróttagreinar fyrir nemendum og allar sunaðferðir eru kenndar.



Gerðir voru tímaseðlar fyrir hverja viku þar sem kom fram hvað var gert hverju sinni. Þetta var til að auðvelda afleysingakennara sem kæmi inn í kennslu með stuttum fyrirvara.

Útikennsla/hreyfing:

Í upphafi og lok hvers skólaárs nýtum við náttúruna til útikennslu þegar veður leyfir. Hér í kring eru hinir ýmsu staðir sem hægt er að nýta, s.s. hraunið í kringum íþróttamiðstöðina, fara í göngu eða útihlaup, ganga upp á fjöll, golf, fara í sprönguna ásamt því að hægt er að stunda hvers lags útileiki á svæðinu í kring. Farið var í göngur m.a. upp á Molda, Dalfjall og Eggjar. Í hrauninu er vinsælt að fara í löggju og bófaleik og eina krónu. Listaverkaleikur í Hásteinsgryfju er alltaf vinsæll og leikir



í Herjólfssdal. Þegar vel viðrar er fjölbreytt aðstaða til útikennslu. Í haust fórum við einnig í frísbígg (folf) í hrauninu við íþróttamiðstöðina með flesta bekki og í golfkennslu á golfvöllinn með elstu bekkina. Við vorum óvenjulegi úti í haust þar sem verið var að skipta um parket í sal tvö og þrjú. Í vor ætluðum við okkur að fara út með íþróttakennsluna en ekki var veður til þess og kláruðum við því kennsluna inni.

Húsnæði/aðstaða:

25 metra innilaug og fjölbreytt útisvæði með rennibrautum, vaðlaug og heitum pottum. Þrír stórir íþróttasalir. Sal 2 og 3 er hægt að skipta í tvennt og sal 1 er hægt að skipta í þrennt með tjalldi. Einnig er möguleiki að opna á milli sal 2 og 3. Áhöld voru endurnýjuð í vetur eftir þörfum.

Þemavinna/vordagar:

Við vorum með hópeflisleiki á Týsvellinum í upphafi verkefnisins "Göngum í skólann". Einn hópur var á hverri stöð í ca. 8 mínútur og þannig rúllaði það þar til allir voru búnir að fara á allar stöðvar.

Nemendur og foreldrar hlupu í Norræna skólahlaupinu 3.október.

Jólasundmótið var haldið í byrjun desember, þar sem 6. og 7. bekkur kepptu.

Á öskudaginn var skólastarfið brotið upp með leikjum í íþróttamiðstöðinni. Í lokin var kötturinn sleginn úr tunnunni og allir nemendur fengu lítinn sælgætispoka.

Smiðjudagar voru á mið- og efstastigi og tók hluti íþróttakennara þátt í þeim.

Skóladagar voru haldnir í hvorum skóla fyrir sig í maí, þar sem íþróttakennarar sáu um leiki og fjör.



Fjölgreindarleikar voru haldnir dagana 1. og 4.júní þar sem 1. – 7.bekkur spreytti sig í hinum ýmsu þrautum í Hamarsskóla og íþróttamiðstöðinni.

Samstarf og samvinna

Samstarf og samvinna kennara á þessu skólaári var til fyrirmyndar. Yfir heildina gekk vinnufyrirkomulag og samvinna vel. Í vetur vorum við með samkennslu þar sem tveir kennarar voru saman með tvo bekki inn í sal á sama tíma. Samstarfið gekk vel þar sem okkur fannst gott að njóta stuðnings af hvort öðru. Kennsla fór fram sem stöðvabjálfun þar sem allar íþróttagreinar voru

teknar fyrir, ásamt leikjum og tarzan.

Okkur fannst samskiptum ábótavant þegar nýjir nemendur voru að koma eða gamlir nemendur voru að fara. Gott væri að fá upplýsingar um þessa nemendur. Endurskoða þarf uppsetningu og skipulag á akademíu þar sem mætti vera meira utanumhald og samstarf.

Önnur atriði sem vert er að nefna:

Einar Gunnarsson golfkennari var með tíma fyrir 8. – 10. bekk í lok vorannar þar sem hann kenndi þeim golf á æfingasvæði golfvallarins.

Mikil útikennsla var á haustönn þar sem veður var gott og verið var að skipta um gólfefni í íþróttahúsi. Kennsla inni hófst 25. september. Engin útikennsla var á vorönn þetta árið þar sem veður var okkur ekki hliðhollt.

Mikill skortur er á afleysingakennara þar sem við erum sjálf að leysa afleysingar fyrir hvort annað samhliða okkar eigin kennslu sem er mikið álag.

Skýrsluhöfundar: Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Guðný Jensdóttir, Hilmar Ágúst Björnsson, Snorri Rútsson og Minna Ágústsdóttir.

Skýrsla verkgreinakennara

Skýrsla list – og verkgreinakennara í Hs

Helstu áherslur/markmið

Unnið er út frá markmiðum aðalnámsskrár. Rík áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og að allir fái að njóta sín í sköpun. Við viljum bæta námsárangur, stuðla að auknum þroska og vellíðan. Einnig viljum við auka almenna færni nemenda. Áhersla er lögð á að auka metnað í skólanum og viðhalda góðu samstarfi við foreldra.



Kennsluhættir/skipulag kennslu

Danskennsla er ein kennslustund á viku í hverjum bekk. Aðrar list- og verkgreinar eru kenndar í lotum þar sem bekkjunum er blandað, hóparnir eru fámennari og njóta kennslunnar hluta úr vetri.

Námsmat

Kennarar í verk- og listgreinum unnu saman að matslistum sem notaðir voru til að meta námið. Markmið aðalnámsskrár voru notuð sem viðmið við gerð matslistanna.

Námsefni/gögn

Unnið er með námsefni frá námsgagnastofnun, hugmyndir þróaðar af kennurum hvernar greinar og hugmyndir nýttar af netinu. Lögð er rík áhersla á að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Útikennsla/hreyfing

Í öllum verk- og listgreinum eru tilfallandi verkefni unnin úti ef veður leyfir.

Húsnæði/aðstaða

Handmenntastofa: Búnaður ásættanlegur
Heimilisfræðistofa: Er orðin mjög þreytt og margt sem þarfnast lagfæringar t.d eru skúffur að hrynja í sundur. Vatn er oft einkennilegt á litinn sérstaklega eftir frídaga, allt frá gulu útí brúnt. Loftræsting er léleg.

Myndmennt: Vantar loftræstingu (er engin), borð og stólar eru illa farin.



Salur/dans: Búnaður ásættanlegur

Smíðastofa: Vantar skjávarpa þar sem nemendur horfa á myndbönd í tengslum við verkefni sín. Einnig þyrfti að loka á milli vélarsals og kennslurýmis. Það væri gott að geta fært stóru ryksuguna út í geymslu til að minnka hávaða. Það þarf að bæta og skipta út verkfærum. Mörg verkfæri eru farin að vera mjög léleg.

Tölvustofa: Vantar fleiri heyrnatól. Þannig að það sé eitt í hverri tölvu.

Þróunarstarf

Þróunarhópurinn heilsueflandi grunnskóli nær yfir dans og heimilisfræði.

Þemavinna/vordagar



List- og verkgreinakennarar taka þátt í þemavinnu þegar hún er. Má þar t.d. nefna jólaföndurdag, víkingarhátíð, fjölgreindarleika og öðruvísi daga.

Á hverju ári er alþjóðlegi dansdagurinn haldinn hátíðlegur í Bárugötu. Í ár er hann haldinn í samhengi við Erasmus verkefni sem kallast Say No og tengist fordómum. Þar taka allir árgangar þátt þ. e. 1.-10. bekkir.

Samstarf og samvinna

- **Bekkja/nemenda**

Nemendahópar í lotum eru blandaðir úr bekkjum árgangsins. Á danssýningu hjálpa eldri nemendur yngri nemendum þegar vantar dansfélaga.

- **Kennara**

- Umsjónakennarar leita oft eftir samvinnu list- og verkgreinakennara (og öfugt) þegar verið er að vinna ákveðin verkefni. List- og verkgreinakennarar hjálpast oft að með verkefni, skáka nemendum milli greina og fleira ef þess þarf. Samstarf kennara er gott og auðvelt að leita til samkennara



Skýrsluhöfundar:. Ástríður Júlíusdóttir, Súsanna Georgsdóttir, Sverrir Marínó Jónsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þóra Gísladóttir og Þórey Friðbjarnardóttir

Skýrsla list- og verkgreinakennara í Bs

Heimilisfræði

Kennari: Harpa Hauksdóttir

Áherslur/ markmið:

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðari í verki og stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Uppbygging kennslunar / kennsluaðferðir:

Lotukennsla á miðstigi. Loturnar eru 2 x 40 mín á viku aðra önnina. Tímunum er skipt þannig upp að eina vikuna er bakað, aðra er eldað og síðan er unnið í kennslubók eða öðrum verkefnum sem tengjast mat eða næringu og heilsu.



Á miðstigi er einnig þemakennsla þar sem unnið er með eitt trúarbragð á hvorri önn, trúarbragðið er tekið fyrir bæði bóklega og verklega. heimilisfræði er unnið með matarmenningu og ólíka siði þegar kemur að trúnni og eldað/bakað eitthvað sem tengist menningu hversrar trúar.

Val á unglingastigi er þemakennt þar sem unnið er í lotum, eldað fyrstu 5 tímana, bakað 4 tíma, hollusta 3 tímar, matreiðslumyndband 2 tímar, landaðkynning 2 tímar. Nemendur fá einnig tækifæri til að velja hvað þeir vilja gera og kemur kennari til móts við þær óskir. Nemendur elda fjölbreyttan mat og fræðast um ólíkar matarhefðir, næringargildi og hvernig er hægt að vinna með hráefni á ólíkan hátt.

Á miðstigi eru haldnir smiðjudagar og fara nemendur þá í ólíkar smiðjur. Í heimilisfræði var bökunarsmiðja.

Á unglingastigi voru þemadagar þar sem nemendur voru 3 daga á sama stað. Í heimilisfræðinni fengum Einar Björn til okkar og kenndi hann nemendum að gera ostakökur og buðum við starfsfólki og öðrum nemendum skólans í kaffi. Einnig bökuðu og skreyttu nemendur eftirrétt fyrir árshátíðina

Kennsluaðferðir:

Í upphafi tímans er farið vel yfir uppskriftir og verkaskiptingu hjá nemendum. Kennsluaðferðir eru bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Námsefni / námsgögn:

Gott og gagnlegt 2 og 3, Uppskriftavefurinn inn á mms.is, námsefni frá landlæknisembættinu ásamt kennsluefni sem samið er af kennara.

Einkunn er gefin í lok annar sem byggist á vinnubrögðum/ umgengni, áhuga/virkni, sjálfstæði/frumkvæði, samvinnu/samskiptum og þeim matsviðmiðum sem lagt er upp með úr aðalnámskrá. Einnig er símat og leiðsagnarmat yfir önnina á verkum og vinnu nemenda.



Textílmennt

Kennari: Ásta Kristmannsdóttir

Áherslur/markmið

Áhersla er lögð á að aðlaga verkefni að getu hvers og eins, þannig að allir fái að njóta sín. Lögð er áhersla á frumleika nemenda í öllum verkum þeirra.

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir textílvinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfra einbeitingu, vinnusemi og verkfærni.



Uppbygging kennslunnar/kennsluaðferðir



Lotukennsla á miðstigi, loturnar eru tveir tímar í viku aðra önnina.

Val á unglingastigi er í tvo til þrjá tíma aðra önnina.

Við erum með þemakennslu í trúarbögðum á miðstigi, þar er unnið með eitt trúarbragð á hverri önn. Sem dæmi Islamstrú tekin fyrir bóklega og í öllum verkgreinum, tvær kennslustundir í viku og þrjár vikur á hverjum stað.

Einnig eru þemadagar á miðstigi í þrjá daga að hausti. Nemendur koma í tvo klukkutíma hver hópur og erum við með mismundandi verkefni sem henta fyrir þann tíma. Stundum tengjast verkefnin jólum eða bara eitthvað sniðugt sem hentar fyrir alla.

Á haustin vinnum við einnig í samvinnu við félagsmiðstöð unglinga að þátttöku í Stíl. Keppni í fatahönnun, förðun og hárgreiðslu. Nemendur mæta einu sinni í viku í nokkrar vikur og nýta sér aðstöðu og leiðbeiningu kennara. Að lokum er haldin forkeppni og þeir sem vinna hana fara í aðalkeppnina í Reykjavík.

En í ár náðist ekki í hópa í Stíl og er áætlun um að halda þessi inni næsta haust með þá þeim krökkum sem velja Stíl.



Kennsluaðferðir

Einstaklingskennsla, heildstæð verkefni, hugmyndavinna, sköpun og verklegar æfingar.

Námsefni/námsgögn

Helstu námsbækur eru Á þrjónunum, Sníðablöð og Onion sníð, ásamt mynsturbókum sem til eru í kennslustofunni. Einnig leita nemendur eftir hugmyndum á netinu ásamt hugmyndum og uppskriftum frá kennara.

Námsmat

Símat er í gangi allan veturinn, þar sem verkefni og framlag nemenda er metið jöfnum höndum. Í lok annar er gefið frammistöðumat sem byggist á vinnubrögðum/umgengni, áhuga/virkni, sjálfstæði/frumkvæði og samskiptum.



Húsnæði/aðstaða

Erum í bjartri og rúmgóðri stofu sem er velbúin tækjum og tólum sem tilheyrja greininni. Er með góða geymslu fyrir efni og há borð til að vinna við.

Myndmennt:

Kennari: Bjartey Gylfadóttir

Markmið og áherslur

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfa einbeitingu, metnað, iðjusemi og verkfærni. Áhersla lögð á að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.

Uppbygging kennslunnar

Lotukennsla á miðstigi, tvær kennslustundir einu sinni í viku aðra önnina.


Val á unglingastigi, tvær kennslustundir einu sinni á viku aðra eða báðar annirnar.

Nemendur á unglingastigi sem völdu að vera í myndmennt allt skólaárið unnu lokaverkefni á vorönninni þar sem þeir réðu viðfangsefninu og framsetningunni. Nemendur þurftu að skila inn skýrslu með verkinu sínu.

Sýning var haldin, sumardaginn fyrsta

þann 19. apríl, í Safnahúsi með afrakstri nemenda úr lokaverkefninu. (á meðfylgjandi myndum má sjá hluta af lokaverkefnum nemenda, en alls sýndu 30 nemndur)





Þemakennsla var á miðstigi þar var unnið er með eitt trúarbragð á hvorri önn. Skólaárið 2017-2018 tókum við fyrir hindúatrú og islamstrú. Í hindúatrúnni unnu nemendur mynd af guði eða gyðju og notuðu til þess blandaða tækni sem snýst um það að blanda saman mismunandi aðferðum og efnum. Í islam þá unnu nemendur samvinnuverkefni sem snérist um að útbúa skuggamynd af mosku (sem eru bænahús múslima),



auk þess sem nemendur unnu einstaklingsverkefni sem snérist um að útbúa munstureiningu.

Kennsluaðferðir

Fræðsla í fyrirlestrar formi, sýnikennsla, verklegar æfingar, skoða myndlistasýningar og fleira.

Námsefni/námsgögn

Listaverkabækur, gögn af netinu, verkefnabanki kennara, náttúran og fleira.

Námsmat


Símat er í gangi allan veturinn. Hæfnimat er gefið í lok annar, þar sem kennari fyllir inn í hæfnikort nemanda, sem gefur til kynna hvort nemandi hafi náð viðkomandi hæfni.

Húsnæði/aðstaða

Myndmenntarkennslan hefur farið fram í kofa á skólalóðinni. Kofinn er rúmgóður og með ágætt geymslu- og skápláss.

Smiðjudagar á miðstigi

Smiðjudagar voru haldnir í byrjun desember. Í myndmenntarsmiðju gátu nemendur unnið allskonar jólasbraut úr pappír. Einnig gátu nemendur valið um að mála form (hjarta, stjarna og jólatré) sem var skorið út í fræsivélinni í Hamarsskóla.



Smiðjudagar á unglingastigi. Lista- og hönnunarsmiðja var í boði á smiðjudögum í ár. Í þetta skiptið þá máluðu nemendur stór málverk til þess að skreyta jólastofuna. Nemendur unnu saman í hópum og máluðu 4 myndir sem allar tengdust jóga.

Skýrsluhöfundar: Ásta Kristmannsdóttir, Bjartey Gylfadóttir, Harpa Hauksdóttir

Hönnun og smíði

Kennari: Ólafur Lárusson

Ekki tókst að klára skýrslu í hönnun og smíði

Upplýsingatækni

Helstu áherslur/markmið

Unnið er út frá markmiðum aðalnámsskrár. Rík áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og að allir fái að njóta sín í sköpun. Við viljum bæta námsárangur, stuðla að auknum þroska og vellíðan. Einnig viljum við auka almenna færni nemenda. Áhersla er lögð á að auka metnað í skólanum.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

5. bekkur kemur einu sinni í viku, heill bekkur og er það of mikið. Þarf að vera í lotukennslu eins og 7 bekkur eða betra allan veturinn í 40 mín. hálfur bekkur. 6. bekkur kemur einu sinni í viku, hálfur bekkur allan veturinn í 40. mín. Það kemur mjög vel út. 7. Bekkur kemur í lotum, 80 mín. hálfur bekkur, það kemur líka vel út. 8. bekkur var of fjölmennur í vetur, heill bekkur í einu í 40 mín. Það er betra að hafa hálfa bekki, nemendur fá mun meira út úr tímunum.

Námsmat

Kennarar í verk- og listgreinum unnu saman að matslistum sem notaðir voru til að meta námið. Markmið aðalnámsskrár voru notuð sem viðmið við gerð matslistanna.

Námsefni/gögn

Unnið er með námsefni frá námsgagnastofnun, hugmyndir þróaðar af kennurum hverrar greinar og hugmyndir nýttar af netinu. Lögð er rík áhersla á að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Útikennsla/hreyfing

Engin hreyfing úti í vetur

Húsnæði/aðstaða

Tölvustofa: Vantar fleirri heyrnatól. Þannig að það sé eitt í hverri tölvu.

Þróunarstarf

Upplýsingatækni er í stöðugri þróun og reynir kennari að fylgjast með nýjungum með því t.d. að vera hluti að upplýsingatækni samfélaginu sem er öflugt að setja inn nýjungar þó það megi alltaf gera betur.

Þemavinna/vordagar

Upplýsingatækni kennari tekur þátt í þemavinnu eftir því sem við á.



Samstarf og samvinna

Kennara

- Umsjónakennarar leita oft eftir samvinnu upplýsingatæknikennara en það mætti vera meira og vonandi á það eftir að eflast enn frekar.
- Samstarf kennara er gott og auðvelt að leita til samkennara.

Skýrslur um sérkennslu

Skýrsla námsvers á yngsta stigi

Helstu áherslur/markmið:

Í Hamarsskóla eru tvö námsver. Í vetur hefur skiptingin verið á þann hátt að nemendur úr 1.-3. bekk fengu einstaklingsmiðaða kennslu í námsveri 1 hjá Ninu. Nemendur úr 4.-5. bekk fengu einstaklingsmiðaða kennslu í námsveri 2, hjá Helgu. Nemendur úr 4. bekk, með mjög miklar sérþarfir, hafa þó verið áfram í einstaklingsmiðaðri kennslu hjá Ninu. Nýbúafræðsla hefur farið fram í báðum námsverum með sömu aldursskiptingunni.

Halla Andersen, kennari, hefur að auki sinnt nýbúafræðslu og stuttum inngripum í lestrarþjálfun.

Fyrir utan kennsluna í námsverum sinna sérkennarar í Hamarskóla fjölmörgum öðrum verkefnum, eins og:

- Lestraskimunum
- Skimun á íslenskum málhljóðum (Íslenski málhljóðamælirinn)
- Greiningum (LOGOS)
- Stöðumati
- Einstaklingsnámskrágerð
- Hópnámskrágerð
- Teymisfundum
- Skilafundum
- Samstarfi við umsjónakennara, foreldra, stuðningsfulltrúa og stjórnendur
- Námssefnisgerð og aðlögun námssefnis
- Ráðgjöf

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Hópastærð í kennslu ræðst af þörfum nemenda og getur verið allt frá einstaklingskennslu og upp í sjö nemenda hópa. Hversu oft í viku nemandi kemur í námsver fer eftir þörfum hans, greiningu sem og tímafjölda sérkennara og stundatöflum nemenda. Tímafjöldi á nemanda er allt frá einum og upp í níu tíma á viku. Hóparnir eru settir saman með þarfir nemenda að leiðarljósi.

Kennsluhættir í námsverum eru mjög fjölbreyttir og er meðal annars lögð áhersla á:

- Hlutbundið nám
- Einstaklingsvinnu
- Paravinnu
- Hópavinnu
- Námsleiki
- Spjaldtölvur
- Tölvur
- Leikræna tjáningu
- Bóknám
- Samræður
- Söguaðferð
- Þemavinnu

Fjöldi nemenda í námsveri

Nemendur skiptust í tvo meginhópa. Í fyrsta lagi nemendur sem fá reglubundna kennslu í námsveri allt skólaárið og í öðru lagi nemendur sem fá tímabundin inngrip.

Fjöldi nemenda sem fá reglubundna kennslu eftir árgöngum

1. bekkur – 7 nemendur
2. bekkur – 8 nemendur
3. bekkur – 9 nemendur
4. bekkur – 17 nemendur
5. bekkur – 20 nemendur

Alls 61 nemendur.

Þróunarstarf

Sérkennarar eru allt árið um kring að leita að nýjum leiðum til að kenna íslensku og stærðfræði, til að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda. Má þar nefna námsefnisgerð, að kynna sér ný kennsluöpp og nýútgefið námsefni. Auk þess hafa sérkennarar tekið þátt í þróun nýbúafræðslu og unnið að breytingum á lestrarstefnu skólans.

Námsmat

Sérkennarar sjá um námsmat nemenda sem vinna samkvæmt einstaklingsnámskrá ásamt umsjónarkennurum.

Auk þess fer fram stöðugt mat (símat) á framförum í kennslustundum.

Einnig er unnið með stöðupróf, skimanir sem og formlegt mat.

Húsnæði/aðstaða

Húsnæði beggja námsvera er mjög gott. Nýja námsverið sem tekið var í notkun í janúar hefur breytt aðstöðunni til hins betra. Bæði námsverin eru nokkuð vel tækjum búin og eru í sífelldri þróun.

Samstarf og samvinna

Sérkennarar þurfa að sinna mjög margþættu samstarfi. Það getur verið tímafrekt en er um leið mjög mikilvægur þáttur í starfinu. Þess vegna vilja sérkennarar skólans leggja áherslu á að samstarfið sé markvisst og vel skipulagt. Áherslur í samstarfi okkar við ýmsa aðila felast fyrst og fremst í:

- samþættingu náms og aðlögun námsefnis með umsjónakennurum
- að leiðbeina stuðningsfulltrúum
- skipuleggja sérkennslu og forgangsraða sérkennslutímum nemenda með stjórnendum
- stuðningi og ráðgjöf til foreldra
- skilafundir og eftirfylgni með Greiningarstöð og öðrum sérfræðingum
- að samræma vinnubrögð með öðru starfsfólki grunnskólans

Önnur atriði sem vert er að nefna:

Sérkennarar eru sammála um að til þess að ná betri yfirsýn yfir sérkennsluna í heild og betri nýtingu á starfskröftum (bæði sérkennara og stuðningsfulltrúa) er full þörf á að ráða deildarstjóra sérkennslu. Eins og staðan er í dag þurfa sérkennarar oft á tíðum að taka þá erfiðu ákvörðun að forgangsraða tíma á nemendur og hafa ekki alltaf yfirsýn yfir allra þá þjónustu sem hver nemandi fær. Mun betra væri að deildarstjóri sérkennslu væri með þau mál öll hjá sér og skipti niður verkefnum á sérkennara.

Sérkennarar eru mjög ánægðir með kennslufyrirkomulagið sem komið var á siðastliðinn vetur varðandi lotutíma. Umsjónarkennarar í 1.-3. bekk eru þá með hálfan bekkinn á mótí lotukennaranum og hefur nýtt þessa tíma mjög mikið í innlögn í minni hópum. Þetta hefur valdið því að nemendur með sérþarfir hafi frekar geta fylgt námsefni inn í bekk og umsjónarkennari hefur meira færi á að sinna þeim. Auk þess hefur sérkennari farið stundum inn í bekkina í þessum tímum og aðstoðað nemendur inn í bekk frekar en í námsveri. Það hefur haft mjög jákvæð áhrif á nám nemenda og viðhorf bekkjarfélaga til sérkennara og nemenda sem fara í námsver að okkar mati. Það er einnig jákvætt fyrir sérkennara að fá betri innsýn í bekkjarstarf og almenna kennslu þeirra nemenda sem annars sækja námsverið.

Skýrsluhöfundar: Helga Sigrún Þórsdóttir og Nina Anna Dau

Skýrsla námsvers á miðstigi

Skýrslu vantar vegna þess að námsverskennari hætti á miðju skólaári og nýr kennari í hlutastarfi tók við.

Skýrsla námsvers á unglingastigi

Skólaár Skólaárið 2017-2018 var byrjað með undirbúningi 15. – 22. ágúst og skólasetning mánudaginn 23. ágúst 2017. Kennsla var í 180 daga og lauk með skólaslitum þriðjudag og miðvikudag 5. og 6. júní 2017. Lokafrágangur var tvo daga eftir það. Nemendur skiptust þannig að 3 +1 nemendur úr 10. bekk (einn nýbúi), 5 nemendur úr 9. bekk, 6 nemendur úr 8. bekk. Allir unnu eftir einstaklingsnámskrá. Tveir nemendur úr 8. bekk unnu eftir námsáætlun bekkjarins eftir áramót.

Helstu áherslur/markmið

Í námsveri 8.-10. bekkjar er mikið lagt upp úr einstaklingsvinnu. Nemendur eru að fást við það sem þau ráða við og reynt að þynja efni eins og mögulegt er. Erum að vinna að því að reyna að koma nemendum sem mest inn í bekk.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Í stærðfræðinni er áætlun fyrir hvern nemanda sem dugir fyrir hverja viku. Nánast alfarið er einstaklingskennsla. Mjög erfitt er að vera með annarskonar kennslu því oft eru 2 – 4 námshópar í stofunni í einu og jafnvel í sitthvorri greininni. Yfir skólaárið eru nemendur að fá ákveðnar námsbækur (mis þungar) við sitt hæfi og verkefni frá kennara. Nemendur fá oft frjálst í lok tímans ca. 5 mín.

Námsmat

• 10. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 3 -5 verkefni úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 2 – 4 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúinn.
- Síðan eru tekin verkefni sem tengjast stærðfræðinni úr daglegu lífi.
- Innréttu herbergi verkefni sem tókst mjög vel. Skiluðu í power pont.
- Samvinnupróf, verkefni þar sem bækur voru notaðar.
- Metin er hæfni hvers og eins yfir veturinn t.d.hvernig hann leggur sig fram, hvernig hann nær námsefninu ofl.
- Verkefni er tengjast útreikningi á gjaldeyri, dagsferð,vikuferð ofl.

9. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 3 -5 verkefni úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 2 – 4 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúinn.
- Metin er hæfni hvers og eins yfir veturinn t.d.hvernig hann leggur sig fram, hvernig hann nær námsefninu ofl.

8. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 4 -6 verkefni(próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 6 – 10 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúinn.

- Verkefni þar sem bækur voru notaðar
- Metin er hæfni hvers og eins yfir veturinn t.d.hvernig hann leggur sig fram, hvernig hann nær námsefninu ofl.

Námsefni/gögn í stærðfræði

- Stærðfræði dagsins önn
- Stjörnubækur
- Stærðfræði 8+, 9+, 10+
- Almenn stærðfræði I, II, III
- Námsefni frá kennara
- Skali 1a og 1b
- Nams.is
- Mathplayground.com
- Osmo
- Ýmis forrit

Útikennsla/hreyfing ef við á

Er mjög lítil í stærðfræði þarf að vera meiri. Þar sem skipulagið á námsverinu er þannig að það geta verið nemendur úr ýmsum greinum á sama tíma t.d. úr 8. bekk og 9. bekk í íslensku og stærðfræði.

Húsnæði/aðstaða

Námsverið fyrir 8.-10. bekk hefur verið þennan vetur í gamal bókasafninu. Tölvumál hafa verið í lagi en tók langan tíma að fá prentmál í lag, húsnæðið er mjög gott.

Þemavinna/vordagar

Reyni að vera með einhverskona þemavinnu í stærðfræði en er erfitt. Því oft eru aðrir hópar í sömu kennslustund t.d. stærðfræði 8.b, stærðfræði 10. bekkur og íslenska.

Samstarf og samvinna /bekkja/nemendur/kennara/stuðningsfulltrúa

- Mikið og gott samstarf við kennara í námsveri í 8.-10.bekk.
- Mjög mikilvægt er að vera með sama stuðningsfulltrúa í námsverinu. Er mjög gott samstarf á milli kennara og stuðningsfulltrúa.
- Þarf að vera mun meira samstarf milli umsjónarkennara og kennara þeirra barna sem eru í námsverinu. Oft virðist það vera að kennari og umsjónarkennari fylgist ekki með nemendum sem eru þar.
- Mjög gott samband er á milli nemenda í námsverinu og kennara og stuðningsfulltrúa þar. Nemendum líður vel í námsverinu.

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Hafa námsverið meira rúllandi, nemendur koma í stuttan tíma (t.d. 1 – 2 mán). Einhver pláss verða frátekin fyrir nemendur sem þarf að seinka (gera einstaklingsnámskrá). Ef nemendur eiga að stoppa stutt í námsveri á öll beiðni um það að fara í gegnum stjórnendur.
- Ég er mjög ánægður með framfarir hjá nemendum í stærðfræðinni.
- Skiplagið á námsverinu er nokkur hindrun í að vera með meiri útikennslu, þemaverkefni ofl.
- Skóladagur í námsveri: Töfl, púsl, spurningakeppni, ratleikur ofl.
- Lokaverkefni 10. bekkjar. Hóparnir voru tveir úr árgangnum og voru 3-4 í hvorum hóp.
- Mjög mikilvægt er að nemendum líði vel í námsveri og þau finni í hverju þau eru „best“
- Íhugunarefni. Ef nemandi er að fara í námsver til að vera þar allt skólaárið með annað námsefni en árgangurinn þá er verið að seinka honum og þá er gerð einstaklingsnámskrá. En ef nemandi er í námsveri en fylgir efni árgangsins en hægar er ekki gerð einstaklingsnámskrá. En nemandi getur verið í stuttan tíma í námsveri t.d einn mánuð og farið síðan aftur inn í bekk. Námsverskennarar verða að fara vel yfir umsóknir með stjórnendum.
- Mætti einnig hugsa sér námsverið fyrir þá nemendur sem eru komnir lengra.
- Vantar fleiri Ipada og Osmo.

Íslenska

Markmið að nemendur fái færni að vinna með íslensku eftir því sem geta þeirra leyfir. Sjá námsmat

Nemendur úr 8. – 10. bekk. Nemendur skiptust þannig: í 8. bekk voru 4 nemendur á fyrri önn en 2 eftir áramót ásamt einum nýbúa í 1 tíma á viku, 1 nýbúi úr 10. bekk, 3 nýbúar úr 9. bekk og 3 nemendur úr 9. bekk. Unnið með einstaklinginn sem slíkan. Flestir vinna eftir einstaklingsnámskrá. Námsefni er valið eftir getu hvers og eins.

Helstu áherslur/markmið

Yfirleitt er unnið eftir einstaklingsnámskrá en einnig farið í það sem árgangurinn er að gera hverju sinni eftir þeirra getu. (unnið eftir námsáætlun árganga). Í vetur studdist ég meira við áætlun bekkjarins en einstaklingsnámskrár hjá þeim flestum.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

- Námsefni: **8. bekkur:** Unnið með Hugarflug, lestrarbækur + vinnubækur, Málið í mark, ýmis ritunarverkefni + verkefni af neti, málfræðibókin mín, Gunnlaugssaga, Draugaslóð. Lestraráttak (Artúr konungur ásamt öðrum lesskilningverkefnum.)

- Námsefni. **9. bekkur:** Sjá verkefni af einstaklingsnámskrá, ásamt efni frá bekknum, Bókmenntir: Milljón holur, verkefni úr Laxdælu, Á ögurstundu, ásamt ýmsum ritunarverkefnum. Nýbúar,. Sjá einstaklingsnámskrá, ásamt verkefnum af neti, ritunarverkefnum og málörvunarverkefnum.
- Kennsluhættir/skipulag kennslu. Alltaf einn kennari með hópnum, stundum tveir og yfirleitt stuðningsfulltrúi. Mikilvægt að sami stuðningsfulltrúinn sé í námsveri og sömu kennarar. Aðaláhersla lögð á grunnfærni. Notuð eru hjálpargögn, : spil, spjaldtölvur, borðtölvur og ýmis forrit og vefir sem tengjast íslensku.

Húsnæði:

Stofa námsver (gamla bókasafn) hjá unglingadeild. Mjög góð.

Þemavinna / vordagar með bekkjunum

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Skóladagur, í námsveri: Töfl, púsl, ratleikur, spurningakeppni, ratleikur ofl. Kom vel út.
- Lokaverkefni í maí hjá 10. bekk.
- Námsmat: Símat , verkefni og próf lögð fyrir með jöfnu millibili.
- Tölvumál: góð.
- Samvinna: Er mjög góð hjá námsverskennurum. Samvinna gæti verið betri við aðra kennara skólans.
- Mikil áhersla er lögð á það að nemendum líði vel í námsveri og að þau finni í hverju þau eru „best“

Íhugunarefni.

Hverjir koma í námsver: Erum stundum of góð við kennara. Kennarar með 15- 16 manna bekk eiga auðveldlega að geta verið með nemendur og útbúið sjálfir námskrá við hæfi hvers og eins. Fljótandi. Þ.e. nemendur eiga að geta komið og unnið upp eða fá aðstoð við ýmislegt og stansað stutt. Hef verið að taka nemendur sem eiga ekkert erindi í námsver. Verður skoðað vel á næsta skólaári. Samstarf má vera betra. Gleymist oft að nemendur í námsveri tilheyra bekkjum.

Vill sjá breytingar hjá nýbúum. Vera í bekknum að mestu leyti, málörvunartímum og 1- 2 tíma í námsveri og fá aðstoð við námsefni bekkjarins. Ekki orðið mikið ágegnat með nýbúa í vetur, vilja nær eingöngu tala ensku og lítil framför orðið í talmáli. Gengur best þegar þær eru einar, samanber matið sem Erna Jóhannesdóttir tók.

Skýrsluhöfundar: Björn Elíasson og Unnur Baldursdóttir

Skýrsla sérkennslu á eldra stigi - sérdeild

Helstu áherslur og markmið:

Nemendur voru í sérkennslu í ísl. og stærðfræði. Allir unnu eftir einstaklingsnámskrá sem samin var að hausti í samráði við umsjónarkennara. Námsver á unglingastigi var í sama rými og kennarar þar sinntu einnig kennslu nemenda sérdeildar.

Í sérdeildinn þennan vetur voru nemendur úr þessum bekkjum:

- 6. bekkur: 2 nem.
- 7. bekkur: 1 nem
- 8. bekkur: 4 nem
- 9. bekkur: 2 nem
- 10. bekkur: 1 nem

Auk þessara nemenda komu nokkrir nemendur úr 9. bekk í sérstaka lestrarþjálfun, sú þjálfun fór fram einu sinni til tvisvar í viku eftir áramótin.

Kennsluhættir:

Hópar voru mjög misstórir alveg frá einum nemanda upp í 7-8 í einu. Kennslan réðst af þörfum nemenda hverju sinni. Nemendur voru allar kennslustundir árgangsins í íslensku og stærðfræði og voru um það bil 8 kennslustundir á viku í sérdeildinni

Sérkennari sinnir einnig mörgum öðrum verkefnum eins og :

- Einstaklingsnámskrágerð
- Greiningum (LOGOS)
- Teymisfundum
- Skilafundum
- Samstarfi við umsjónarkennara, foreldra, stuðningsfulltrúa og stjórnendur
- Námssefnisgerð og aðlögun námssefnis
- Ráðgjöf
- Skilafundir og eftirfylgni með Greiningarstöð og öðrum sérfræðingum
- Stuðningi og ráðgjöf til foreldra
- Að leiðbeina stuðningsfulltrúum
- Samþættingu náms og aðlögun námssefnis með umsjónakennurum

Námsmat:

Sérkennari sá um námsmat nemenda í sérdeild og sem vinna eftir einstaklings-námskrá ásamt umsjónarkennara.

Húsnæði og aðbúnaður: Kennslan fór fram í risi Barnaskólans og var þar með námsverinu á unglingastigi. Húsnæðið er ágætt en stundum voru of margir í einu og erfitt var að finna stað til að ræða við nemendur í einrúmi. Útbúnaður var þokkalegur en þó vantar skjávarpa til að nota við tölvuna. Reyndar fengum við sjónvarp en það kemur alls ekki að sömu notum og

skjávarpinn. Við vorum með einn IPAD og er það alltof lítið í svona námsveri. Tölvumál voru yfirleitt í lagi en alls ekki prentarar.

Annað.:

Skóladagur. Boðið var upp á spil, ratleik, spurningakeppni o.fl. Allmargir gestir komu og dagurinn var vel heppnaður.

Mikil áhersla er lögð á það að nemendum líði vel í sérdeildinni. Samvinna var mikil með kennurum í námsveri og gekk hún mjög vel.

Eftir þennan vetur er spurning hvort þessi skipting eigi að vera **—sérdeild-námsver - ?**

Nemendur í þessum tveimur hópum eiga mjög margt sameiginlegt og það er mjög auðvelt að hafa þá saman og alls ekki nauðsynlegt að hafa skil þarna á milli. Þetta má skipuleggja miklu betur. Þá þarf einnig að passa upp á að nemendur í sérkennslu fái að taka þátt í öllum sem bekkjarfélagar gera.

Skýrsluhöfundur: Ólöf Margrét Magnúsdóttir, sérkennari


Skýrsla þroskajálfa

Helstu áherslur/markmið

Unnið er eftir markmiðum í námsskrám einstaklinganna sem koma til okkar. Mikil áhersla er lögð á félagsfærni, líðan, sjálfstyrkingu, hópefli og hegðun nemanda, einnig er unnið með fínhyrningar, málörvun, athafnir daglegs lífs og annað sem kemur upp hverju sinni.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Nemendur koma ýmist í litlum hópum eða einstaklingslega í tíma. Í sérdeild/námsveri Barnaskóla er unnið með nemendur á ýmsum aldurstigum í hóp og í samráði við kennara þar sem það á við. Í Hamarsskóla er einnig unnið með nemendur einstaklingslega og einnig inni kennslustundum þar sem það á við. Allir þrír þroskajálfar grunnskólans koma að þjálfun nemanda með alvarlega fötlun.



Þróunarstarf

Þroskajálfar taka þátt í þróunarstarfi eins og kennarar. Allir þroskajálfar hafa verið í hóp í vetur er vinnur að markmiðum um líðan og skimunum því tengdu 2018.

Námsmat

Farið er yfir þau markmið sem sett eru með vinnu þroskajálfa og staðan endurmetin í samvinnu við umsjónarkennara. Unnið er með börnum eftir einstaklingsnámsskrám.

Námsefni/gögn

Þroskaþjálfar þurfa mikið að útbúa sín námsgögn sjálfir en þó hafa verið gefin og keypt nokkur góð spil og bækur. Mikill tími fer í að útbúa og aðlaga námsefni að þörfum nemanda. Í vetur var keypt m.a. sandkassabox á fótum og sérstakur sandur til að leika með. Mjög skemmtileg nýbreytni hjá okkur, sem og sértækt efni sniðið að þörfum ákveðins einstaklings sem við allar sinnum.

Einnig er unnið með sjálfstyrkingarefni úr bókunum; Fjárjóðsleitinn, Bætt hugsun betri líðan, Verum vinir, Reiði, Áhyggjur, Neikvæðni en einnig félagsfærni efni svo sem Cat kassinn og aðrar bækur. Mikið aðlagað efni af netinu af ýmsum toga.



Útikennsla/hreyfing

Þroskaþjálfari í Barnaskóla fer á eina inni-og eina útivakt í tengslum við félagsfærniþjálfun. Einn af þroskaþjálfum í Hamarskóla aðstoðar ákveðinn nemanda við að komast á milli skólahúsa, í íþróttatímum og flest öllu sem tengist athöfnum daglegs lífs, útikennslu og hreyfingu barnsins.

Húsnæði/aðstaða

Aðstaða þroskaþjálfara í HS er fín, á þessu skólaári eru þroskaþjálfar í Hamarskóla með tvær litlar stofur til afnota fyrir sína starfsemi. Er þetta nauðsynlegt vegna barnsins sem við komum allar að og fylgir að einhverju leyti sínum bekk, en er að mestu leyti í einstaklingsþjálfun. Aðstaða þroskaþjálfara í BS er góð hvað varðar næði og er greinilega auðvelt aðgengi að þroskaþjálfara staðsettum á þessum stað fyrir nemendur. Mikilvægt er að þroskaþjálfar geti gengið að sinni aðstöðu vísri á hverju hausti, sem og nemendurnir.



Þemavinna/vordagar

Þroskaþjálfar taka þátt í þemavinnu þegar hún er, t.d. á föndurdegi og fjölgreindaleikum.

Samstarf og samvinna bekkja/nemenda

Nemendur koma í kynjaskiptum og blönduðum hópum til þroskaþjálfara, oftast innan árganga. Til dæmis sjá þroskaþjálfar um námskeið varðandi jákvæð samskipti stúlkna í 7.bekk í samráði við kennara.

Kennarar

Mikið samstarf er við kennara vegna nemenda sem þroskaþjálfar hitta, meðal annars í formi teymisfunda. Samstarfið er nauðsynlegt til að sem bestur árangur náist í þeirri vinnu sem er í gangi hverju sinni.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Í starfsstöð Barnaskóla hefur í vetur verið mikil vinna með nemendur í 6. og 8. bekk. Í sérdeildinni hafa 11 börn komið í fasta tíma til þroskaþjálfra, 14 námsversbörn og önnur 9 börn hafa einnig fengið fasta tíma í allan vetur og hafa 8 einstaklinga útskrifast af sjálfstyrkingarnámskeiði.

Í heildina í vetur hafa 9 börn í 6. bekk komið í fasta félagsfærnitíma. 5 drengir í 7. bekk hafa



fengið að koma til þroskaþjálfra í vetur að einhverju leyti, en allar 18 stúlkurnar komu á 9. tíma hópeflisnámskeið Jákvæð samskipti. Í 8. bekk komu 13 drengir í fasta tíma. Í 9. bekk hafa 5 krakkar verið hjá þroskaþjálfra í nokkuð föstum tímum í vetur, aðallega í sjálfstyrkingu og félagsfærni. Í 10. bekk hafa 6 nemendur komið í fasta tíma. Að auki hefur þroskaþjálfri í Barnaskóla starfsstöð verið fastur við kennslu einn dag í viku í Hamarskóla, að astoða og vinna með 2 drengi, annan í 2. bekk og hinn í 4. bekk. Í tvo mánuði í vetur var reyndar um að ræða tvo starfsdaga í viku í Hamarskóla. Alls hefur því þroskaþjálfri hitt 56 nemendur í báðum starfsstöðvum í vetur ef allt er tekið saman.

Í Hamarskóla fengu 4 börn úr 1. bekk þjónustu hjá yfirþroskaþjálfra, 6 börn úr 2. bekk, 4 úr 3. bekk, 10 börn úr 4. bekk og 15 börn úr 5. bekk, samtals 39 nemendur. Nemendur fengu mis marga tíma eftir þörfum. Einnig var þroskaþjálfri með námskeið í jákvæðum samskiptum stúlkna ásamt þroskaþjálfra í Barnaskóla og fóru 18 stúlkur í gegnum það. Alls hitti þroskaþjálfri í Hamarskóla 57 nemendur í vetur.

Einn nemandi fékk 42 % af tímafjölda þroskaþjálfra í Hamarskóla og því fengu aðrir nemendur færri tíma. Margir nemendur fengu aðeins stutt námskeið í þeim þáttum sem þeir þörfuðust frekari þjálfunar.

Annar þroskaþjálfri í Hamarskóla hefur í vetur verið að sinna barni með alvarlega fötlun. Þetta barn þarf aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og hefur þroskaþjálfri því fylgt barninu alveg eftir á skólatíma. Þroskaþjálfar í starfsstöð Hamarskóla halda alfarið utan um vinnu með barnið, fundi og samskipti, bæði innan skóla sem utan.

Hugsun	Líðan/ tilfinning	Hegðun
• kannski er ég allt sem þú segja • ég er skítur • er ég virkilega stöna ömurleg • ég á ekki nekk • ég er skítur • til hvers að reyna að vera skemmtileg þegar ég er þetta	• ömurlega • illa • hræðilega • hryllilega • leið • reið • Sæð • hrædd • Þirruð • kvíðin	• feimin/i hle • Stríðir á möt • þirruð • Þorðar minna • reynir að fá • Sorelara sína til að flygja afkur • forðast krakka • Þykist veik

Skýrsluhöfundar: Björg Ólöf Bragadóttir, María Rós Friðriksdóttir og Sigríður Sigmarsdóttir.

Skýrsla skólasafnvarða

Helstu áherslur.

Skólasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í að móta lestrarvenjur nemenda og styður vel við lestrarnám þeirra.

Nemendur í GRV lesa mikið og nýta sér skólasafnið ákaflega vel, koma og fá lánaðar bækur bæði í tengslum við námið og til skemmtunar og afþreyingar. Kennarar fá einnig lánuð skáldrit, fræðirit og DVD og því er mikið útlán á bókum og öðrum gögnum.

Útlán bóka, aðstoð við val, skil og frágangur ásamt því að hafa bækurnar aðgengilegar er mjög stór þáttur í starfi safnsins.

Skólasafnsvörður í Hamarsskóla sér um að finna til bækur í bókakassa til að hafa í kennslustofum fyrir þá kennara sem þess óska.

Til þess að auka lestraráhuga nemenda og hvetja þá til lesturs er Drekaflúbbur starfræktur í Hamarsskóla.

Einnig er hafinn undirbúningur fyrir Herramannalestur sem er ætlaður nemendum í öðrum bekk.

Skólasafnið tók þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns. Skólasafn Hamarsskóla tók einnig þátt í Ævintýralestri lðnú.

Allan veturinn er fylgst með því hvaða bækur koma út, þó hvað mest á tímabilinu október / nóvember – febrúar.

Nokkuð var um innkaup í allan vetur. Stærstu innkaupin í Hamarsskóla voru í lok október, á bókamessu Félags íslenskra bókaútgefenda. Einnig voru stór innkaup í febrúar á bókamarkaði Félags íslenskra bókaútgefenda. Stærstu innkaupin á skólasafni Barnaskólans voru tímabilinu október-janúar.

Áður en bækurnar eru keyptar þarf að ígrunda vel hvaða bækur henta lesendum safnsins. Samspil texta og mynda er skoðað svo og tengsl framsetningar og efnis, leturstærð, fyrir hvaða aldur þær eru ætlaðar, hvort sagan er skemmtileg, áhugaverð og hvort hún verði vinsæl. Einnig eru vinsældir fyrri bóka einstakra höfunda skoðaðar svo og til hverra efni sögunnar höfðar.

Kostnaðaráætlun er gerð. Að þessu loknu eru bækurnar keyptar.

Lesum þær bækur sem keyptar eru og fer sá lestur fram í skólanum.

Í Hamarsskóla voru nýjar bækur voru kynntar á kennarafundum og fagfundum.

Allar nýjar bækur og gögn eru skráð. Skólasafnaverðir sjá um að koma bókum og gögnum í skráningu en skráningin fer fram á Bókasafni Vestmannaeyja.

Afskráum allar ónýtar og týndar bækur og flytjum bækur á milli safna innan Gegnis þegar þörf er á. Nemenda – og kennarakort voru uppfærð í Gegni þegar þess þurfti.

Önnumst viðgerðir á bókum og hefur verið töluvert mikið að gera í viðgerðum í vetur. Bæta þarf umgengi bóka sem bekkir fá lánaðar í bókakassa sína. Þess ber þó að geta að umgengnin

er auðvitað misjöfn eftir bekkjum, afleit hjá sumum, til fyrirmyndar hjá öðrum og allt þar á milli.

Skólasöfnin gengust undir miklar breytingar. Rýmið sem hýsir skólasafn Hamarsskóla var minnkað verulega, það málað og skipt var um loft- og gólfefni ásamt því að lýsing var bætt. Þessar breytingar fóru fram í 3 áföngum og því þurfti að rýma safnið að hluta til eða að öllu leyti í hvert skipti. Þessum breytingum fylgdi endurskipulagning safnsins og var safnið í raun endurskipulagt tvisvar sinnum. Einnig kröfðust þessar breytingar enn meiri grisjunar. Stórfelld grisjun fór fram í vetur, hófst í ágúst og lauk í maí. Þetta er mjög tímafrek vinna þar sem afskrá þarf öll gögn sem fargað er og fleira. Mikið magn bóka og annarra gagna var afskráð í þessari grisjun.

Í Barnaskólanum var skólasafnið fært í nýuppgert rými á annarri hæð. Mikill tími og vinna fór í þessa flutninga. Safnið var grísað verulega og áhersla lögð á að gera það að yndislestrarsafni fyrir mið- og unglingastig. Flestar fræðibækur voru settar í sérgreinastofur eða sendar á Bæjarbókasafnið og á starfsfólk að nálgast fræðibækurnar þar. Stefnt er á að safnið verði hálfgerð upplýsingaver og að nemendur geti unnið þar ýmis verkefni í tölvum. Safnið tók á móti kærkominni tölvugjöf frá Kivanisklúbbnum Helgafelli nú á vormánuðum og á sú gjöf eftir að nýtast vel. Námsbækur voru fjarlægðar af safninu í Barnaskólanum nema bókaflokkar í íslensku.

Kennarar nýta sér vel þann möguleika að hafa nemendur sína á bókasafninu þegar þörf er á að skipta bekkjum vegna bekkjafunda, verkefnavinnu, stærðfræðiprófa og lestrarprófa. Nemendur eru á safninu þegar þau geta ekki farið í sund eða leikfimi vegna veikinda. Mikið hefur verið um það í vetur.

Bekkir komu einnig á safnið í forföllum kennara.

Önnur starfssemi:

Hamarsskóli.

September: Í tilefni bókasafnsdagsins voru blöðrur og fánar á safninu.

Október: Bleikt þema á safninu. Öllum bleikum bókum safnsins stillt upp.

Nóvember: Dagur íslenskrar tungu. Kvæði Jónasar Hallgrímssonar sýnileg og áberandi á safninu (veggspjöld).

Norræna bókasafnsvikan. Undirbúningur, skipulagning, kynning, umsjón og framkvæmd.

Bækur um vináttu, umburðarlyndi og einelti voru settar fram í vinavíkunni.

Desember: Jólabækurnar teknar fram.

Janúar: Þema safnsins var Heimaeyjargosið. Skáldrit og fræðirit um þann atburð voru áberandi á safninu.

Nemendum í þriðja bekk var boðið upp á fræðslu og frásögn úr gosinu.

Nemendur í fimmta bekk unnu bókasafnsverkefni með safnkennara.

Apríl: Dagur barnabókarinnar. Undirbúningur, umsjón og kynning.

Húsnæði / aðstaða:

Eftir breytingarnar er frábær aðstaða í báðum skólahúsnæðunum.

Þemavinna / vordagar: Skólasafnaverðir tekur þátt í jólaföndurdegi, skóladegi og fjölgreindarleikum ásamt tilheyrandi undirbúningi dagana á undan.

Skýrsluhöfundar: Kristín Sigurðardóttir safnvörður Hs
og María Pálmadóttir safnvörður Bs

Skýrsla nemendaráðs

Skólaárið 2017-2018 voru gerðar breytingar á nemendaráði. Nemendaráð GRV og unglingaráð félagsmiðstöðvarinnar Rauðagerði voru sameinuð í eitt ráð. Heba Rún forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar leiddi starfið.



Í nemendaráði voru 12 nemendur af unglingastigi.

8. bekkur: Daníel, Rakel Oddný, Krisbjörg og Elísa Elíasd.

9. bekkur: Emelía Ögn, Sindri Þór, Guðni og Arnar Gauti

10. bekkur: Elísa Hallgríms., Steinar og Leó (Leó hætti fljótlega og Tristan Flóki kom inn í hans stað).

Nemendaráð sá um diskótek fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

Haustönn:

1.-3. bekkur voru saman á diskói fyrir áramót og gekk það vonum framar. Það mættu heldur mörg börn og álagið mikið.

4. & 5. bekkur voru saman fyrir áramót og gekk mjög vel, fín mæting og allir ánægðir.

6. & 7. bekkur, þar mættu heldur fáir og ekki mikil stemning fyrir diskóinu.

Það þarf að bæta og auka áhuga.

Vorönn:

Vegna álags við mætingu hjá 1.-3. bekk á haust önn var ákveðið að breyta aðeins uppröðuninni á bekkjunum. Sem hér segjir.

1. & 2. bekkur voru saman og gekk mjög vel, mjög góð mæting og minna álag á unglinga.

3. & 4. bekkur, það var góð mæting og allt gekk vel.

5.-7. bekkur voru svo saman og mætingin var betri en um haustið og mikið betri áhugi hjá krökkunum. Þessum breytingum verður haldið áfram á nýju skólaári.

Nemendaráð hélt tvö böll fyrir nemendur í 8.-10. bekk:



RAVE ballið var haldið 8. desember. Ballið fór fram úr öllum væntingum. Um 70-80 unglingar mættu. Hákon Jónson var fenginn til þess að koma og spila og Hjalti úr félagsmiðstöðinni kom sem leynigestur. Allir mjög ánægðir með kvöldið. Ballið byrjaði 22:00 og var til 00:00.

Lokaball var síðan haldið 24. maí frá kl 21:30-23:30. Það var Hawaii þema á ballinu og allt gekk mjög vel. Mjög góð mæting, mun betri en búist var við.

Nemendaráðið sá um sjoppu og leiki þegar diskó var fyrir yngra og miðstig. Einnig sá nemendaráðið um um sjoppu á árshátíð og lokaballi.

Nemendaráð hélt utan um spurningakeppni nemenda GRV.

Fundað var reglulega yfir veturinn.

Pantaðar voru peysur fyrir Nemendaráðið.

Það var flottur hópur sem skipaði nemendaráð í vetur og mörg hver sem vilja vera með næsta skólaár.

Lokadagurinn var haldinn 4. júní. Þar fórum við á Trike-E-bike, hittum Jón Jónson & Frikkja Dór, golf kennslu hjá Einari golfkennara, fórum að veiða, hoppa í sjóinn og svo út að borða á 900 Grillhús. Dagurinn gekk mjög vel og allir mjög ánægðir.

Enduðum svo á því að gista í skólanum 😊



Skýrsluhöfundar: Heba Rún Þórðardóttir

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Námsráðgjafi er hluti af stoðkerfi skólans. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að vera talsmaður nemenda í skólanum, standa vörð um velferð nemenda og leita lausna í málum þeirra. Náms og starfsráðgjafar er bundnir þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskýldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Náms- og starfsráðgjafi situr á nemendarverndarfundum í báðum skólum.

Stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa við Grunnskóla Vestmannaeyja

Stjórnendur skólans sýna þann metnað og sjá til þess að nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans fái aðgang að náms- og starfsráðgjafa sem hefur faglega þekkingu og menntun og sé

liður í uppbyggingu á gæðum skólastarfs í Vestmanneyjum. Það hefur verið stefna skólastjórnenda að hækka starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa þar sem að þeir sjá þörf fyrir þá stöðu innan skólans. Þetta skólaár var starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa 80% staða. Það er mat starfandi náms- og starfsráðgjafa að þetta stöðuhlutfall sé ekki nægilega hátt til þess að halda utan um þá 520 nemendur sem að eru í skólanum, samskipti við foreldra, samskipti við kennara, samskipti við félagsþjónustu og sálfræðing, sinna nemendavernd, sjá um kennslu í náms- og starfsfræðslu í 9. og 10. bekk, vera með samskiptanámskeið, hópráðgjöf, sitja teymisfundi og sumt af þessu eru verkefni í báðum skólum. Eins og kom fram í gæðamati skólans sem gert var skólaárið 2015-2016 þá er þörf á öflugri stoðþjónustu og þar með talið herra stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafa innan skólans. Það hefur áhrif á þunga starfsins að það skortir skólasálfræðing. Nú stendur til að í Barnaskólanum verði 5.-10. bekkur og sér náms- og starfsráðgjafi ekki fram á að geta sinnt yngri bekkjum í Hamarskóla þar sem síðustu ár hefur mesti þungi starfsins verið í 5.-10. bekk.

Starfandi náms- og starfsráðgjafi skipti vinnunni sinni þannig þetta skóla árið að hann var með viðveru mánudag, þriðjudag, fimmtudag og föstudag í Barnaskóla Vestmannaeyja og miðvikudaga í Hamarskóla. Að jafnaði er vinnutími frá 8-14:50, en er vinnutími færanlegur eftir verkefnum og álagi. Náms- og starfsráðgjafi í 80% starfi skilar rétt rúmum 34 tímum á viku í vinnu. Annan hvern mánudag og annan hvern þriðjudag eru fastir nemendaverndarfundir í hvorum skóla fyrir sig.

Það er gott að hafa í huga að ef að það er öflug náms- og starfsráðgjöf við skólann og nemendur fá tækifæri til þess að mynda sér hugmyndir af því hverju þau stefna að í námi og starfi þá er það hvetjandi námslega auk þess sem það eykur líkur á vellíðan og afköst nemenda og dregur úr brottfalli. Það er gott fyrir nemendur að hafa aðganga að náms- og starfsráðgjafa allan skóladaginn til þess að leita til bæði persónulega og námslega til þess að stuðla að vellíðan og bætingu í námi. Það væri því öflug stefna hjá skólanum að stefna að því að hafa tvo náms- og starfsráðgjafa við Grunnskóla Vestmannaeyja, 80% stöðu í Barnaskóla og 50% stöðu við Hamarskóla. En það er faglegt- og persónulegt mat starfandi náms- og starfsráðgjafa við skólann.

Næsti yfirmaður náms- og starfsráðgjafa er skólastjóri. Samstarfs við yfirmann er gott og það sama er að segja um aðra stjórnendur skólans og annað starfsfólk. Búum við starfsfólk, nemendur og foreldrar vel að góðum stjórnendum sem að leggja sig alla fram við faglegt og gott skólastarf. Er mikið lagt uppúr því að mæta þörfum nemanda, og mæta hverjum og einum nemenda dags daglega. Hér í skólanum er öflugt starfsfólk, góð samvinna, góður andi og þessum hópi er gott að tilheyra. Hlutverk skólastjóra er að vera yfirmaður í Grunnskóla Vestmannaeyja sem að er í tveim byggingum þannig það er oft þannig að skólastjóri er ekki á þeim stað hverju sinni að hægt sé að leita til hans með öðrum hætti en tölvupósti eða hringja í hann. Þess vegna hefur náms- og starfsráðgjafi verið í mestum samskiptum við aðstoðaskólastjóra og deildarstjóra í hvorum skóla fyrir sig og átt gott samstarf við alla aðila.

Helstu verkefni:

Náms- og starfsráðgjafi byrjaði skólaárið á að fara inn í alla bekkir skólans til þess að kynna sig

og starf sitt. Var það góð byrjun og nemendur vissu þá hver náms- og starfsráðgjafinn var og sumir nemendur fundu sjálfir þörf fyrir að leita til náms- og starfsráðgjafa af sjálfsdáðum. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa þetta skólaárið var persónuleg ráðgjöf, leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlunargerð. Meira var um erfiðari samskiptavanda í árgöngum þar sem að náms- og starfsráðgjafi vann með kennurum, nemendum og foreldrum. Samskiptavandinn hefur verið okkur erfiður viðureignar þar sem að hann er að mestu utan skólans og í íþróttum og því mikilvægt að fá foreldra og íþróttafélagið með í lið.

Nemendur sóttu líka persónulega ráðgjöf og fræðslu í námstækni, lífstíl og venjum, einbeitingu, úthaldi, samskiptum og ráðgjöf til að vinna að því að vera í tilfinningalegu jafnvægi. Samskipti við starfsfólk fjölskyldu- og fræðsluvið vegna barnaverndarmála, sálfræðinga vegna nemanda innan skóla, auk þess að vísa nemendum áfram til lækna, sálfræðinga og koma upplýsingum bæði til lækna, geðlækna og sálfræðinga.

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Mesti þungi starfsins þetta skólaárið hefur verið persónuleg ráðgjöf og almenn námsráðgjöf við nemendur sem eiga við erfiðleika að stríða, persónulega erfiðleika eða búa við erfiðar heimilisaðstæður. Einnig hafa foreldrar leitað eftir stuðningi og leiðbeiningu náms- og starfsráðgjafa. Einnig hefur verið aukning á því að kennarar leiti eftir ráðgjöf eða aðstoð með nemendur sína.

Þættir sem að unnið hefur verið mest með á þessu skólaári:

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
- Ráðgjöf og aðstoð í samskiptavanda.
- Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
- Hópráðgjöf til þess að styrkja einstaklinginn í námi.
- Samskiptavandi.
- Ráðgjöf til foreldra.
- Vísun í sérfræðiaðstoð.
- Ráðgjöf til kennara.

Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála

Eins og fram hefur komið er náms- og starfsráðgjafi hagsmunaaðili nemenda, hafa verkefnin að helstu verið fólgin í eftirfarandi:

- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.
- Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir.
- Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir.
- Sitja teymisfundi með þeim sem vinna með einstaklingum með sérþarfir.
- Persónulegur stuðningur við einstaklinga með sérþarfir.

Ráðgjöf við náms- og starfsval

Nemendur leituðu til náms- og starfsráðgjafa varðandi það að kanna áhugasvið sitt og einnig varðandi val á skóla.

- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval.
- Nemendur gátu komið til náms- og starfsráðgjafa og tekið áhugasviðskönnunina. Bendil sér að kostnaðarlausu og voru nokkrir sem að nýttu sér það.
- Aðstoð við að sækja um áframhaldandi nám.

Endurmenntun

- Writing the self hjá hjónunum Lengelle og Meijer. Dagar náms og starfsráðgjafa. Október 2017.
- Hugarfrelsi. Febrúar 2018.
- Leiðin langa á vinnumarkað. Febrúar 2018.
- Afhverju er ég í skóla. Hvað get ég gert? Mars 2018.
- Norm Amunddson. Apríl 2018.
- Jóganámskeið. Mars 2018.
- Bókalestur/fræðsla/myndbönd.

Aðgengi að náms og starfsráðgjafa

Það er ýmist þannig að nemendur koma inn með beiðni frá kennara, foreldrum eða hafa óskað eftir því sjálfir að koma í viðtöl. Einnig eru nemendur sem að hafa leitast eftir því sjálfir að koma og hafa þá ekki beiðni.

Vinnuaðstaða

Vinnuaðstaða er til fyrirmyndar í Barnaskólanum en alls ekki góð í Hamarskólanum. Í Barnaskólanum er aðstaða á efstu hæð gamla skólans í notalegu herbergi með góðum aðbúnaði til þess að taka á móti fólki, tölvu, prentara og því helsta sem að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa aðgang að. Í Hamarskóla er aðstaðan inni á skrifstofu hjúkrunarfræðings. Er aðstaðan notuð þegar að hjúkrunarfræðingur er ekki við og í vetur hefur það verið á miðvikudögum þegar að hjúkrunarfræðingur vinnur í Barnaskólanum. En hefur plássleysi í Hamarskóla orðið til þess að starfsaðstaðan er þessi.

Atriði sem þarf að athuga fyrir næsta skólaár

- Þroskaþjálfar og námsráðgjafi vinni betur að ferli, gæti þess að þeir séu ekki að vinna með sömu nemendum á sama tíma. Hafa jafnvel teymisfundi hálfsmánaðarlega eða einu sinni í mánuði. Þetta stóð til einnig á þessu skólaári en hafðist ekki vegna anna.
- Að náms- og starfsráðgjafi komi meira inn í 9. og 10. bekk með náms- og starfsfræðslu inn í fasta tíma bekkjatíma eða samfélagsfræði.
- Skoða þörfina fyrir hærra starfshlutfall eða að hafa annan náms- og starfsráðgjafa í hinum skólanum.
- Hafa stúlknanámskeiðið Jákvæð samskipti stúlkna strax í 6. og 7. bekk í upphafi

skólaárs í samvinnu við þroskajálfa.

- Að náms- og starfsráðgjafi byrji veturinn aftur á því að fara inn í bekk og kynna sig og sitt starf.

Skýrsluhöfundur: Fríða Hrönn Halldórsdóttir náms- og starfsráðgjafi.

Skýrsla stuðningsfulltrúa

Ekki náðist að klára skýrslu stuðningsfulltrúa.

Skýrslur fagstjóra

Skýrsla fagstjóra í íslensku 1. -10. bekk

Þessi skýrsla er samantekt fagstjóra í íslensku GRV veturinn 2017-2018, báðar starfsstöðvar.

Áherslur

Strax á fyrsta fagfundi lögðu fagstjórar áherslu á heimalestur og yndislestur í skólanum. Eftir fyrstu niðurstöður úr lesfímiprófum MMS lagði fulltrúi til að eldri nemendur skólans færu í hraðlestrarátak sem kennarar brugðust fljótt og vel við. Meðal annars notuðu kennarar 3x1 mínúta í skóla en þá lesa nemendur í hljóði á tíma. Heima áttu nemendur að lesa upphátt á tíma. Skólastjóri setti spurningamerki við þessa vinnu þar sem öll áhersla var lögð á leshraða nemenda, en ekki á lesskilning. Þótti fagstjórum þessar athugasemdir eiga rétt á sér þar sem lestur er miklu meira en að lesa hratt. Fagstjórar lögðu áherslu á að lestrarhestar væru eins í árgöngum og að heimalestri væri fylgt eftir þó ekki væri farið fram á óraunhæfar kröfur. Lestrarhestar eru í notkun í öllum árgöngum skólans og viljum við fagstjórar að enn meiri áhersla verði lögð á að vinna með lesinn texta eins og gert er á unglingastigi. Jafnframt viljum við að áfram verði umsjónarkennarinn á unglingastigi ábyrgur fyrir lestrarhesti og lestri nemenda sinna, en ekki íslenskukennarinn eingöngu. Einnig þarf að skoða hvernig eftirfylgni er háttað þegar heimalestri er ekki sinnt.

Áhersla var lögð á að samfella væri á milli árganga hvað varðar kennsluefni og námsgögn. Fagstjórar voru duglegir að kynna fyrir íslenskukennurum nýtt námsefni.

Lestur og lesskilningur

Sumarlestrarhestur var sendur heim með öllum nemendum í 1. -9. bekk. Þó nokkrir nemendur skiluðu inn lestrarhestunum og fengu viðurkenningu fyrir. Einn sameiginlegur lestrarsprettur var í HS. Fagstjóri útbjó ýmsar verkefnahugmyndir og hélt utan um þessa vinnu í samráði við umsjónarkennara. Lestrarspretturinn tókst afskaplega vel og voru nemendur áhugasamir og duglegir en þeir lásu samtals 57.093 blaðsíður á tíu dögum. Lestraráhuginn var mikill enda vita nemendur GRV að lestur er bestur.

Fagstjóri á unglingastigi var ábyrgur fyrir því að láta ljósrita, í hverjum mánuði, lestrarhesta fyrir allt unglingastigið. Umsjónarkennarar í HS útbjuggu lestrarhesta fyrir sinn árgang.

Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst alltaf á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Umsjónarkennarar í 7. bekk sáu um þjálfun nemenda. Tólf nemendur kepptu í undankeppni sem haldin var í sal Tónlistarskólans. Fengnir voru vanir dómamar utan úr bæ og völdu þeir 4 fulltrúa til að keppa fyrir hönd GRV. Aðalkeppnin var svo haldin í Vík í Mýrdal þetta árið og tókst með eindæmum vel og hreppti GRV 1. og 3. sætið.

Dagur íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu var unnið með ýmis verkefni í skólanum. Yngstu nemendurnir unnu með orðaforða þar sem rýnt var í orð sem tengjast veðri. 2. bekkur og 3. bekkur gerðu verkefni í tengslum við ljóð eftir Þórarinn Eldjárn. 4. bekkir gerðu örmyndbönd um mikilvægi íslenskunnar en myndböndin voru sett á heimasíðu skólans. 5. bekkir unnu með nýyrði út frá ljóði eftir Jónas Hallgrímssonar. Auk þess unnu þau sérstaklega með orð sem tengjast tölvu og tækni. Í BS unnu nemendur í 6. bekk með OSMO og Stúlkuna í turninum. 7. bekkur hóf undirbúning fyrir Stóru upplestrarkeppnina. 8. bekkur vann með Grasaferðina eftir Jónas Hallgrímsson. 9. bekkur unnu ljóðaverkefni sem vísar í verk Jónasar. 10. bekkur vann einnig með verk eftir Jónas Hallgrímsson. Allt eru þetta verkefni úr grunnbókum unglingastigs þeim *Sérðu það sem ég sé*, *Með fjarðabliki* og *Mér er í mun*.

Að lokum

Eins og áður áttur fagstjórar mjög gott samstarf í vetur þó þeir hefðu vilja hafa meiri tíma til að hittast. Fagstjórar hafa mikinn áhuga á því að farið sé í þróunarvinnu með áherslu á lesskilning, því að hann má alltaf bæta. Ekki hefur gefist færi til þess í vetur sökum annarra verkefna. Ekki gafst svigrúm til að vinna í lestrarstefnunni en mikil þörf er á að uppfæra hana.

Námsefnið sem fagstjórar bentu á sl. ár reyndust vel og samræmast markmiðum aðalnámskrár.

Þrepavinnan í íslenskuhópnum gekk ágætlega og er komin heildarmynd á áherslur í íslenskukennslu í GRV. Námsmat þarf að skoða fyrir næsta ár en á unglingastigi eru kennarar t.d. að tengja mörg verkefni við sama matsviðið sem gerir þeim erfiðara um vik þegar lokamat er skoðað. Einnig telur fagstjóri eldra stigs að meira þurfi að vera um námsmat í skóla en heima og horfa á heimaverkefni s.s. bókmenntaritgerð og ritun sem þjálfun fyrir lokamat.

Nýja námsefnið sem fagstjórar mæltu með í fyrrahaust fyrir 5. - 7. bekk reynist ennþá vel.

Bæði kennarar og nemendur eru mjög ánægðir með það. Þetta námsefni er *Orðspor*, *Flökkuskinna*, *Töfraskinna* og *Söguskinna*. Svipað námsefni hefur verið grunnnámsefnið í 8. -



10. bekk í nokkur ár og gefist vel. Það er námsefnið *Kveikjur, Neistar og Logar* auk námsefnisins, *Sérðu það sem ég sé, Með fjaðrabliki* og *Mér er í mun*. Námsefni þetta tengist vel nýjum áherslum í námsmati skv. *Aðalnámskrá grunnskóla*. Í 8. bekk verður *Gunnlaugs sögu* skipt út fyrir *Kjalnesinga sögu* sem er í nýrri útgáfa í líkingu við *Laxdælu* sem lesin er í 9. bekk og *Gísla sögu* sem lesin er í 10. bekk. Nemendur í 9. og 10. bekk voru afar áhugasamir og ánægðir með þessar sögur. Samkvæmt Skólapúlslinum höfðu nemendur í 10. bekk lítinn áhuga á að lesa sér til ánægju miða við landið og veltu skólastjórnendur og íslenskukennarar fyrir sér mögulegum ástæðum. Spáð var í hvort lestarhesturinn hefði letjandi áhrif, hvort skólamenningin í árgangi væri að hafa áhrif eða hvort þessi árgangur hefði byrjað „of seint“ í fyrirkomulagi skólans er varðar lestrarstefnuna. Áherslan í lestri hjá yngri nemendum hefur verið á lesfimi (leshraða) en e.t.v. of lítið á lesskilning og framsögn. Nemendur byrja seint að lesa í hljóði og þarf að þjálfna það samhliða upplestri. Heimalestri hjá yngri nemendum hefur verið vel sinnt og komið í góðan farveg hjá flestum nemendum. Að lokum má nefna það að mikið misræmi var í niðurstöðum lesfimiprófa MMS hjá 3. bekk og 5. bekk en nemendur voru margir hverjir að lækka sig þrátt fyrir að lestri væri vel sinnt. Þau svör fengust hjá MMS að rýna ætti betur í prófin hjá þessum árgöngum og endurskoða þyrfti tenginguna á milli prófanna.

Skýrsluhöfundar: Helga Sigrún Þórsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir fagstjórar.

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði á yngsta stigi

Fundir

Fjórir skipulagðir fagfundir voru á skólaárinu. Einnig fundaði fagstjóri með kennurum í 4. bekk vegna skipulags við undirbúning samræmdra prófa og með Guðrúnu Þorsteinsdóttur leikskólastjóra Víkurinnar.

Áherslur

Aðaláherslur vetrarins voru að hvetja og styðja við að stærðfræði yrði kennd í gegnum leiki og spil. Reynt var að hvetja kennara til að vera með auknar samræður í stærðfræðikennslu sinni. Einnig voru kennarar hvattir til að vera reglulega með þjálfun í grunnþáttum stærðfræðinnar, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu.

Fagstjóri setti upp drög að markvissri stærðfræðikennslu í gegnum leikinn fyrir Víkina 5 ára deild sem starfar innan skólans. Undanfarið hafa Sproti 1A nemenda og vinnubók verið kennd í skólahópum á Víkinni. Þar sem Víkin er leikskóladeild var ákveðið að kenna þetta námsefni í gegnum leiki og spil. Þar með erum við að mæta frekar áherslum leikskólakennara að kenna í gegnum leikinn. Kennarar á Víkinni tóku vel í þessar tillögur og vorum með frábæra kynningu á sínu starfi á síðasta fagfundi vetrarins.

Námsmat

Líkt og ákveðið var á síðasta skólaári krefst nýtt námsmat þess að kennarar leggi meiri áherslu á símat í skólastarfi. Í ljósi þess hafa kennarar verið að leggja meiri áherslur á reglulegar kannanir í bekkjum sínum. Góðar umræður urðu um mikilvægi yfirlitsprófa og var niðurstaða þeirrar umræðu sú að mikilvægt væri að kanna reglulega stöðu nemenda með yfirlitsprófum. Þó ber að hafa það í huga að þau séu ekki of stór og viðamikil. Þess á milli höfum við verið að nota gulu (lím)minnismiðana til að kanna færni nemenda. Fagstjóri telur mikilvægt að þetta sé gert reglulega til að festa ýmis stærðfræðihugtök betur í minni nemenda (hugtök eins og summa, mismunur, frádráttur o.þ.h.). Einnig svo hægt sé að merkja framfarir jafnóðum inn á hæfnikort nemenda.

Þróunarstarf

Þróunarvinna við gerð skimunarprófs í stærðfræði fyrir 1. bekk var haldið áfram á vetur. Markmiðið var að leggja skimunarprófið fyrir í lok nóvember eða byrjun desembers. Þau markmið gengu ekki eftir. Kennarar í 1. bekk áttu nóg með að læra að þekkja nemendur sína og leggja fyrir skimun Leiðar til læsis. Því var ákveðið að leggja frekar meiri vinnu í að skoða framkvæmdina á fyrirlögn prófsins og úrvinnslu þess. Umsjónarkennari lagði prófið fyrir nemandi í 1. bekk og var sú fyrirlögn tekin upp á myndband. Hópurinn ígrundaði myndbandið vel, kom með tillögur um breytta fyrirlögn og hannaði matsblað til að auðvelda skráningu á niðurstöðum hjá hverju barni fyrir sig. Þessa vinnu er hægt að skoða í möppum sem heitir þróunarverkefni í stærðfræði (á google drifi). Ákveðið var að betra væri að leggja prófið fyrir í lok janúar eða byrjun febrúar. Þá er umsjónarkennari farinn að gera sér betur grein fyrir stöðu nemenda sinna og getur byrjað á því að leggja prófið fyrir sterkari nemendur. Ljóst er að fyrirlögn prófsins mun taka drjúgan tíma en þær upplýsingar sem kennari fær um stöðu hvers barns eru ómetanlegar. Með þessu teljum við okkur vera að styrkja enn frekar kennarana í að leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám. Vonast er til hægt verða að byrja að nota prófið á nemendur í 1. bekk í febrúar 2019.

Dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar var haldinn hátíðlegur 2. febrúar. Ákveðið var eftir góðan fund með kennurum í Hamarsskóla að nota daginn til að kynna fyrir nemendum stærðfræði í spilum. Fundin voru spil eins og t.d. Yatsy, Loopit, tafl og soduku svo fátt eitt sé nefnt. Einnig voru litaðar mandölur þennan dag. Nemendum var skipt niður í hópa þvert á árganga út frá því hvaða spil þau völdu að spila. Nemendur gátu valið tvö spil/verkefni og voru í 30 mínútur á hvorri stöð. Almenn fannst kennurum og nemendum vel til takast. Dagurinn var bæði skemmtilegur og afslappaður.

Útikennsla

Minna hefur orðið úr útikennslu í vetur en oft áður. Vorið hefur verið einstaklega vætusamt og lítið viðrað til útikennslu almennt. Kennarar í 5. bekk hafa þó haldið sínu striki að mestu enda hafa þeir fest í stundatöflu sína útikennslu einu sinni í viku.

Annað

Mikil og metnaðarfull kennsla í stærðfræði hefur einkennt vinnuna í Hamarsskóla í vetur. Kennarar í öllum árgöngum hafa lagt sig fram um að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Í 5. bekk voru til dæmis voru fastir tímar á föstudögum þar sem kennt var þvert á árganginn. Til að auka enn á fjölbreytileikann fengu þau sérkennarann hana Helgu Sigrúnu til að sjá um þjálfun í grunnaðgerðum í þessari kennslu. Mikið hefur verið prentað út og plastað af allskonar verkefnum sem kenna og þjálfra stærðfræði í gegnum leikinn. Mikill gagnabanki hefur því myndast. Mikilvægt er að kennarar séu duglegir að deila bæði hugmyndum sínum og efni svo að þessi kennslugögn einangrist ekki innan árganga.

Næsti vetur

Fagstjóri telur mikilvægt að hefja næsta vetur á því að setja niður markmið í stærðfræði fyrir hvern árgang fyrir sig. Útfæra betur markmiðin í Aðanámskrá þannig að þau taki á mikilvægum grunnþáttum stærðfræðinnar. Þegar þessari vinnu er lokið þá er hægt að prenta út markmiðin og kenna markvisst eftir þeim út skólaárið. Markmiðin eiga að stjórna kennslunni hjá okkur ekki námsbækurnar. Vonandi náum við að prófa að leggja fyrir skimunarprófið í stærðfræði fyrir 1. bekk. Það verður spennandi að sjá hvernig það kemur út og takast á við inngrip að því loknu.

Skýrsluhöfundur: Herdís Rós Njálisdóttir fagstjóri í stærðfræði á yngsta stig GRV

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði á mið- og unglingastigi

Fagfundir

Á skólaárinu voru haldnir 3 fagfundir og einn fór í vinnu á þróunarverkefni. Í þróunarvinnu fóru fram 4 fundir með stærðfræðikennurum á öllum skólastigum. Fagstjórar voru tveir, Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir.

Áherslur

Aðaláherslur vetrarins voru að halda áfram að vinna með nýtt námsmat. Einnig var lögð áhersla á að ná góðri samfellu á milli skólastiga á vinnubrögðum nemenda, t.d. uppsetningu dæma, skil á vinnumöppu, yfirferð á dæmum, drillæfingar og að nemendur geti tjáð sig og rökstutt dæmi (stærðfræðihorn).

Námsmat

Áframhaldandi vinna fór í að endurskoða hæfniviðmið og matsviðmið hvers árgangs fyrir sig. Fagstjórar lögðu áherslu á að kennarar gerðu hæfnikort á Mentor sýnilegt fyrir nemendum sínum og hvernig þeir gætu unnið markvisst að því að ná hæfni- og matsviðmiðum. Kennslan stýrist af þessu viðmiðum en ekki námsefninu sjálfu. Skil á einkunnargjöf á verkefnum og prófum voru útfærð í ýmsum matskvörðum og voru einnig gerðir sýnilegir fyrir nemendum. Þróunarvinnan var í samræmi við þessar áherslur.

Dagur stærðfræðinnar

Í ár var dagur stærðfræðinnar 2. febrúar 2018. Á degi stærðfræðinnar var unnið með rúmfræðiverkefni t.d. á unglingastigi skráðu nemendur upp sólaking í lífi sínu og settu á skífuform og á miðstigi var unnið með allskonar form og búið til bókamerki og fleira. Afraksturinn var síðan hengdur upp á stærðfræðivegg skólans.



Samantekt

Gott samstarf hefur verið við fagstjóra í stærðfræði á yngsta stigi, Herdísí Rós Njálsdóttur. Fagstjórar á mið- og unglingastigi unnu vel saman og er mikilvægt að vera tveir í teymi þar sem enn er verið að vinna að áframhaldandi breytingum á námsmati.

Fagstjórar héldu þeirri vinni áfram að aðlaga verkefnaskil, skilamöppu. Gott skipulag, samvinna, umræður, rökfærslur og öguð vinnubrögð nemenda er að verða markvissara með þessu fyrirkomulagi.

Innleiðing á námsefninu *Skala* hefur gengið vel en jafnframt er stuðst við námsefnið *Almenn stærðfræði*.

Skipulögð vinna fór í að undirbúa samræmd próf í stærðfræði en því miður urðu mistök þegar þau voru lögð fyrir og þar af leiðandi lítið marktæk.

Sú vinna sem fagstjórar eru búnir að leggja upp með er að skila árangri hjá nemendum og á eftir að nýtast þeim á komandi skólaári.

Skýrsluhöfundar: Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir

Skýrsla fagstjóra í ensku

Fagfundir á árinu voru 6 alls, 3 á haustönn og 3 á vorönn. Fagstjóri hitti kennara 3-5 bekkjar sér, kennara 6-7 bekkjar og kennara 8.-10. bekkjar, hvern hóp tvisvar sinnum á námsárinu. Að auki var fagstjóri í sambandi við kennara 1-2 bekkjar og áttum samræður um hvernig við gætum komið fyrir enskunámi hjá yngstu nemendum

Nemendur í 10.bekk tóku þátt í að sýna bandarískum ferðamönnum skólann og segja frá starfi hans. Það heppnaðist afar vel, nemendur höfðu mjög gaman af þessu verkefni og fengu góða æfingu í að tjá sig á ensku

Aðaláhersla í vinnu vetrarins hefur verið á að skoða námsmat með matsviðmið til hliðsjónar á mið- og unglingastiginu ásamt því að efla enskukennara í að vera með fjölbreytt nám og námsmat. Kennarar á öllum stigum hafa verið tilbúnir að taka þátt í nýjum og breyttum kennsluháttum en það hefur þó reynst erfitt t.d. vegna skorts á aðgengi að tækjum og fátíðni

kennslustunda í töflu, þá sérstaklega á yngri stigum. Í vetur hafa enskukennarar verið að skoða samsetningu námsþátta og námsmats og lagt áherslu á eftirfarandi þætti:

- Menningarlæsi, tjáningu (samræður og framsögn), lestur/lesskilningur, ritun og málnotkun/málfræði
- Að kanna vægi hvers námsþáttar í kennslustundum með hliðsjón af viðmiðum
- Að auka enn frekar fjölbreytni í námsefni, kennsluháttum og námsmati
- Reyna eftir fremsta megni að stuðla að bættu aðgengi að rafrænu efni
- Setja upp vefsíðu þar sem allt efni eða efnistökur eru aðgengileg fyrir kennara, nemendur og aðstandendur

Samantekt

Vinnan í enskudeildinni gekk að flestu leyti vel í vetur og fagstjóri hefur átt góða samvinnu við kennara. Bókasafn skólans hefur aukið úrval af bókum til yndislestrar og Bæjarbókasafnið hefur aukið úrval sitt af bókum til yndislestrar sem nemendur í 9. og 10. bekk hafa nýtt sér í vetur. Það mætti þó gjarna bæta enskudeildina á nýja bókasafninu og mun ég skila tillögum um bókakaup til deildarstjóra fyrir skólalok.

Síðastliðin vetur var mikið þróunarstarf unnið með námsmat hjá 8-10 bekk og hefur sú vinna skilað sér vel nú á vordögum og í vetur. Í yngri bekkjum er sú vinna enn að mótast og verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun næsta vetur.

Fagstjóri vill leggja áherslu á endurmenntun tungumálakennara en aðgengi að henni hefur verið af skornum skammti. Þá er líka tillaga frá fagstjóra að efla samvinnu tungumálakennara innan skólans og við aðra skóla.

Í vetur hafa enskukennarar í unglingadeild hitt enskukennara FÍV einu sinni og voru það afar fróðlegir og skemmtilegir fundir og mætti efla enn meira samstarf við FÍV.

Með tilliti til breytinga á námsmati og skipulagi náms á framhaldsskólastigi telur fagstjóri nauðsynlegt að stuðla enn frekar að því að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Í 10. bekk hafa nemendur haft tækifæri til að fá námsefni á framhaldsskólastigi og hefur það gengið þokkalega. Er það unnið í samráði við enskukennara FÍV. Skoða þarf vel niðurstöður samræmdra próf í víðu samhengi og jafnvel í samvinnu við aðra nemendur. Því miður eru niðurstöður samræmdar prófa að mínu mati ekki marktækar þetta árið þar sem ekki tókst að ljúka prófum á tilsettum degi vegna tæknilegra örðugleika og þegar það var lagt fyrir í annað sinn var aðeins lítill hluti nemanda sem tók þátt. Þeir nemendur sem eru fyrir neðan meðallag þurfa meiri stuðning og jafnvel sértæk úrræði. Það þarf að leysa í samráði við fagaðila.

Skýrsluhöfundur: Lára Skæringsdóttir fagstjóri í ensku.

Skýrsla fagstjóra í dönsku

Fagfundir á árinu voru 5 alls, 3 á haustönn og 2 á vorönn. Síðasti fagfundurinn, sá sjötti, fór meira í að ræða við hvern árgangakennara í dönsku um skólaárið og námsmatið.

Aðaláherslan á þessu skólaári var skoða námsmat með matsviðmið til hliðsjónar á mið- og unglingastiginu ásamt því að efla dönskukennara í að vera með **fjölbreytta kennsluhætti og námsmat**. Fagstjóri í dönsku hefur undanfarin ár haft mikinn hug á að byrja enn fyrr með dönskukennsluna. Svo nú er spurning hvort hægt væri að bæta 5. bekknum inn í dönskuna með kannski 40 mínútur á viku þar sem hann er að koma yfir í Barnaskólann og fá að hafa 6. bekkinn í 60 mínútur eða 2x40 mín.? Þá yrðu nemendur GRV enn betur í stakk búnir til að ná lokamarkmiðunum sem krafist er af þeim í dönsku við lok 10. bekkjar. Áhersla á **rafrænt efni** eykst með hverju árinu og við notuðum Google Classroom í flestum bekkjum á unglingastigi, reyndar misjafnt eftir kennurunum en við mættum vera enn duglegri að nýta það forrit. Það er svo gott að hafa þetta allt á einum stað. Best væri ef að nemendur myndu að mestu leyti skila öllu þar inn í framtíðinni. Við notuðumst aðeins við Socrative próf en hefðum viljað geta útfært enn fleiri og helst öll próf á því formi eða Google eða öðru álíka rafrænu formi. Því miður var ekki tími til að útbúa fleiri þannig próf en það myndi spara mikinn tíma til framtíðar að geta nýtt það forrit meira.

10. bekkur var í WIX heimasíðugerð á haustönn og gekk hún ágætlega, flestir nemendur höfðu gagn og gaman að og útkoman voru margar flottar heimasíður með alls kyns dönskum verkefnum. Því miður var samt eitthvað vesen með þetta forrit og tveir nemendur voru í miklu basli með að fá allt til að virka eins og hjá hinum. Vonandi verður hægt að finna annað sambærilegt forrit næsta haust til að halda áfram í svona heimasíðugerð.

Ratleikurinn í dönsku hitti vel í mark hjá nemendum í lok skólaárs og er hann bara kominn til að vera á vormánuðum á hverju ári.

Snjalltæki af ýmsum toga eru líka mikilvæg hjálpartæki bæði sem leitarvélar, orðabækur eða annað námsefni. Þrátt fyrir að nemendur verði líka fyrir truflun af völdum símtækjanna þá eru þau svo mikilvægt. Finna þarf góða leið til að nýta þessa tækni áfram án þeirra vankanta sem hefur borið á í vetur.

Fagstjóra og kennurum á miðstigi þætti mjög gott að hafa sérstakan skáp fyrir a.m.k eitt bekkjarsett af spjaldtölvum sem myndi gera aðgengi að tölvunum auðveldara þar sem símar eru ekki leyfilegir þar.

Námsmatið hefur verið okkur dönskukennurum ofarlega í huga þetta skólaárið sem og öllum öðrum kennurum. Fagstjóri vill leggja áherslu á að skoða enn betur í dönsku samsetningu námsþátta og námsmats næsta skólaár og mun það krefjast áfram töluverðrar vinnu en gott er að hafa í huga við það:

- Að skoða hvort við séum ekki örugglega að kenna alla þætti nægilega vel samkvæmt hæfniviðmiðunum.

- Að skoða áherslurnar sem við leggjum á hvern námsþátt og samræma því betur vægi námsþáttanna. Að námsmat og verkefni séu þá í samræmi við matsviðmiðin og innihaldi öll hæfniviðmiðin sem eru á hæfnikortum nemendanna. Kennarar í 7.b. byrjuðu á þeirri vinnu að útbúa verkefna- og prófaskjal með hliðsjón af þessum viðmiðum. Gott væri ef sú vinna gæti haldið áfram næsta vetur fyrir alla árganga.
- Að halda áfram með fjölbreytt námsefni, námsmat og kennsluaðferðir og að auka þær enn frekar. Aðaláherslupættirnir yrðu á þessum atriðum (sem við höfum verið að gera og að bæta enn frekar við):
 - *Hlustunarverkefni - bæði í námsbókum sem og hlustun í útvarpi og sjónvarpi*
 - **Gott væri að láta nemendur vinna flestar hlustunaræfingarnar heimavið, það væri hluti af heimavinnu þeirra**
 - *Framsagnarverkefni - samtöl/upplestur/kynningar/ - notast við tæknina í þessum atriðum (símar, spjaldtölvur, Google umhverfið/Google classroom).*
 - *Lesskilningur - koma aftur inn lestri á Andrésblöðum sem og vikublöðum, þannig að nemendur séu líka í yndislestri í dönsku í bland við textann sem þeir lesa í námsbókum sínum og á netinu við vinnu á ýmsum verkefnum.*
 - *Ritunar- og málfræðiverkefni - það má alltaf bæta þennan þátt í kennslunni en nemendur eiga alltaf erfitt með að ná málfræðinni. Við erum farin að láta nemendur rita meiri dönsku með t.d. tilkomu WIX heimasíðugæðarinnar og eins með Google umhverfinu.*
 - *Orðaforði - höfum haft orðaforðapróf af og til og nemendur hafa fengið orðaforðalista með heim til að læra.*
 - *Menningarlæsi - sjá nánar að ofan þar sem komið er inn á það*

Samantekt

Það hefur verið góð samvinna á meðal dönskukennaranna í vetur. Mest hefur samvinnan verið hjá þeim kennurum sem kenna saman í flestum árgöngum enda var auðveldast að finna tíma hjá þeim til að vinna saman. Við höfum einnig nýtt tæknina, Google og svo Facebook síðuna okkar dönskukennara í GRV til að miðla málum og hugmyndum og ræða saman.

Það fer alltaf heilmikill tími í námsmatið, mun meiri en tími var til og fannst kennurum það bitna á betri undirbúningi kennslunnar. Þó svo að námsmatsvinnan feli einnig í sér að hluta til undirbúning fyrir kennslustund þá tekur þetta samt mun lengri tíma en áður þrátt fyrir að það gengi betur í ár en í fyrra. Námsmatsvinnan í vetur gekk nokkuð vel í heildina litið þrátt fyrir einhverja hnökra og vankanta en með mikilli vinnu og samstarfi þá hófst þetta. Fagstjóri eyddi mörgum tímum á upphafsvikum skólaársins í námsmatið, afrita lotur og annað og það tók því miður of langan tíma. Mentor fólkið var sjálf í vandræðum með að lagfæra og leiðbeina við ýmis mál þessu tengdu og því tók of langan tíma að fá þetta allt í rétt horf. Svo er þetta líka mjög hægt kerfi og enn ýmislegt sem þyrfti að laga hjá Mentor til að stytta tímann í þessari vinnu. Það var einnig mikið álag á fagstjóra fyrst til að byrja með því að

Samstarfskennarar voru að hluta til nýir inn í þetta umhverfi og því þurfti fagstjóri að mestu leyti að sjá um námsmatið til að byrja með og koma hinum inn í það ásamt Google umhverfinu. En þessir kennarar voru fljótir að læra á þetta og þegar líða tók á skólaárið gátum við skipt meira með okkur verkum.

Næsta skólaár langar dönskuteymið að vinna enn betur í námsmatinu og gera það enn betra og vonandi verður gefinn tími í það í haust og í vetur. Því miður þá eru viðmiðin frá ráðuneytinu of há og þau eru mjög svipuð og í enskunni. Enskukennslan byrjar mun fyrr og nemendur eru með enskuna meira í kringum sig frá því þau eru lítil og því erfitt að vinna undir því að viðmiðin séu svona svipuð og eiginlega bara ekki raunhæft. Fagstjóri hefur áður komið þessari athugasemd til Félags Dönskukennara en því miður hefur ekkert þokast í þeim málum. Nauðsynlegt er að **lækka viðmiðin** eða byrja fyrr með dönskukennslu í grunnskólum landsins. Þess vegna nefnir fagstjóri hér ofar hvort hægt væri t.d. að byrja næsta haust að kenna dönsku í 5. bekk.

Þessir hnökrar auðvelda ekki heldur námsmatið og námsmatsgerðina í dönskunni og þegar við dönskukennarar um allt land hittumst þá eru allir á sama máli en erfitt virðist vera að fá einhverju breytt.

Fagstjóri vonast eftir aukinni endurmenntun tungumálakennara en aðgengi að henni hefur verið af skornum skammti. Þó má hrósa frábæru

“Danskræf” á hótél Heklu þetta skólaárið sem var haldið í byrjun maí. En fagstjóri fór í fyrra á þetta námskeið og mælir svo sannarlega með að fagstjórar og aðrir dönskukennarar reyni að fara á þetta námskeið á næsta ári.

Fagstjóri telur mikilvægt að **efla samvinnu**

tungumálakennara innan skólans og einnig við aðra skóla

og að tími væri gefinn í það. Fagstjóri fór í tvær skólaheimsóknir þetta árið, í Vallaskóla á Selfossi og í Akurskóla í Njarðvík. Báðar heimsóknir gáfu góðar hugmyndir og gott spjall um dönskukennsluna. Þau í

Vallaskóla nota Google umhverfið mun meira en við og erum svo líka að byrja á einhverjum breytingum í dönskukennslunni sem að fagstjóri ætlar að fylgjast betur með næsta haust og mun leyfa dönskukennurum í GRV fylgjast betur með þá.

Annars er vinnan svipuð í okkar skóla og þessum tveimur hér að ofan, stundum bara unnið aðeins öðruvísi með svipuðu verkefni. Það er gott að geta séð að við höfum verið að gera góða hluti hér í GRV og á undan með sumt og annað er svipað.

Nemendur hafa unnið ýmisleg *verkefni*, tölvu- og myndbandsverkefni, til að bæta

menningarläsi sitt á landinu. Við unnum t.d. með Google Maps hjá 8.b. þar sem nemendur gátu skoðað götur, borgi, bæi, skemmtigarða, húsnaði drottningarinnar og margt fleira eins

“Du er
MODIGERE
end du tror,
STÆRKERE
end du ser ud til, og
KLOGERE
end du ved.”
Peter Plys

og þeir væru í raun á staðnum. Nemendur voru mjög ánægðir með þetta verkefni sem þeir skiluðu af sér í Google umhverfinu.



Með tilliti til breytinga á námsmati og skipulagi náms á framhaldsskólastigi er nauðsynlegt að stuðla enn frekar að því að allir nemendur fái **nám við sitt hæfi**. Hvort sem nemendur þurfa aukið námsefni eða aðlagað námsefni. Það eru þó nokkrir nemendur í flestum árgöngum í dönsku sem eru námsversnemendur og því þarf að finna betri úrlausnir fyrir þennan hóp í dönskunni. Finna þarf betri leiðir til að efla þessa nemendur. Þetta kostar töluverða vinnu og lausnir sem mætti huga að fyrir næsta skólaár og við dönskukennarar höfum íhugað hvort að ferðakerfið myndi henta betur í tungumálakennslu þar sem ekkert námsver er í boði. Þá væri hægt að aðstoða alla nemendur mun betur og hafa námsefni við hæfi. Það getur verið mjög erfitt að vera kannski með 5-7 einstaklinga í misjöfnu námsefni í einum bekk, bæði fyrir þá sem þurfa mikla aðstoð en einnig fyrir hina sem eru á réttu róli. Það fær einhvern veginn enginn kennslu og nám við hæfi þrátt fyrir góðar tilraunir kennnara, þetta er bara of stórt um sig að hafa svo marga einstaklinga í bekk á mismunandi stað og í mismunandi námsefni.

Sumir skólar hafa námsver í dönsku, vinna annað hvort í litlum hópum eða þessir nemendur eru í námsveri í íslensku, stærðfræði, félagsfærni eða öðrum þáttum til að efla þá á meðan þeir ættu að vera í dönsku.

Fagstjóri þakkar samstarfsfólki sínu fyrir frábært samstarf síðastliðin skólaár. Duglegri, klárari, hugmyndaríkari og yndislegri samstarfsfélaga er ekki hægt að finna, allir boðnir og búnir til að hjálpast að og skipta með sér verkum. Fagstjóri þakkar einnig yfirmönnum sínum fyrir frábært samstarf síðastliðin ár

Skýrsluhöfundur: Dóra Hanna Sigmarsdóttir

Skýrsla fagstjóra í samfélagsgreinum 6. - 10. bekkur

Meginvinna fagstjóra í vetur hefur farið í að fara aftur yfir hæfni- og matsviðmið í samfélagsfræði og náttúrufræði á unglingastigi. Er það gert með það í huga að samþætta meira þessar greinar líkt og gert er á yngri stigum skólans. Fagstjórar í þessum greinum unnu þetta saman og fór vinnan m.a. fram í hópum með kennurum í báðum greinum. Þessi vinna er vel á veg komin og er m.a. búið að:

- Skipta námsefni á árganga
- Skipta þemavinnu á árganga.
- Skrá vettvangsferðir og safnaheimsóknir á árganga.
- Skrá afmarkaða fræðsluþætti ss. fyrirlestra og myndefni á árganga.

Tekin var ákvörðun um þá þætti sem vinna skal þvert á báðar námsgreinar á unglingastigi:

- 8. bekkur: Kynfræðsla - sjálfsmynd.
- 9. bekkur: Jarð - og stjörnufræði.
- 10. bekkur: Orkugjafir framtíðar.

Yfirlitið yfir þessa vinnu er aðgengilegt á google svæði kennara undir vinnuhópar.

Matsviðmið í samfélagsfræði hafa þótt of víð og torveld til viðmiðunar því sem unnið er með á unglingastigi. Fagstjóri hefur því óskað eftir því, í samráði við kennara í faginu, að hæfniviðmið í greininni séu höfð metanleg enda auðveldara að miða sig við þau.

Erasmus + verkefnið: Say no to xenophobia hefur verið unnið í samvinnu við fagstjóra en aðalvinnan fór fram í 9. bekk. Skólinn tók á móti kennurum og nemendum frá þremur löndum þar sem hápunkturinn var Dagur gegn útflensingafælni sem allur skólinn tók þátt í.

Farið hefur verið yfir bækur og þeim sem þykja úreltar hefur verið hent.

Skýrsluhöfundur: Rósa Hrönn Ögmundsdóttir fagstjóri í samfélagsfræði.

Skýrsla fagstjóra í náttúrugreinum 6. - 10. bekkur

Fagfundir skólaárið 2017-2018

Á skólaárinu voru haldnir 2 fagfundir, annar á haustönn en hinn á vorönn. Samstarf við náttúrugreinakennara var mjög gott á milli funda. Fyrri fundurinn fór fram miðvikudaginn 6. september 2017. Fundurinn var tvískiptur, í upphafi hittust allir náttúrufræðikennarar til að



undirbúa Dag íslenskrar náttúru og ræða ýmis atriði eins og fugl, fisk og plöntu hvers árgangs og Náttúruskólabókina. Á seinni hluta fundarins voru eingöngu náttúrufræðikennarar á unglingastigi og tíminn var notaður til að hefja undirbúning Náttúruvísindadaga en hver árgangur á sem fyrr tilbúin verkefni til að vinna með, auk þess sem kennurum er frjálst að breyta til ef vilji er til staðar. Bent var á að skráning í Vísindasmiðju HÍ væri hafin en hefð hefur verið fyrir því að 7. og 9. bekkur fari þangað að vori. Ákveðið var að framvegis færi eingöngu annar árgangurinn enda væri of stutt á milli þessara heimsóknar annars.

Á síðari fagfundi skólaársins, sem haldinn var miðvikudaginn 7. febrúar 2018, var farið yfir skipulag annarinnar, hvað fólk væri að gera á vorönn, hvernig haustönnin hefði gengið o.s.frv. Talsvert var rætt um námsmat og hæfniviðmið í náttúrufræði. Einnig var kynnt hugmynd að vinnuhópum sem ætlað var að fjalla um hina ýmsu þætti námsins. Ákveðið hafði verið að kennarar í samfélags- og náttúrufræði ynnu saman enda oft um skörun að



ræða á milli námsgreinanna. Enn var minnt á útikennslu og notkun Náttúruskólabókar og kennarar hvattir til að nota verklegar æfingar í kennslu. Skilningsbókin var kynnt til sögunnar en í henni eru lesskilningstextar tengdir náttúrufræði, íslensku og stærðfræði sem ætlaðir eru til undirbúnings fyrir PISA. Rætt var um Dag jarðar, 22. apríl, sem að þessu sinni var tileinkaður plasti. Umhverfisverkefnið ENO var rætt og 6. og 7. bekkur tóku að sér að planta trjám. Alþjóðlegur trjáplöntunardagur var 12. maí en ákveðið var að bíða þar til betur viðraði, auk þess sem plönturnar sem GRV var úthlutað úr Yrkjusjóði komu ekki til Eyja fyrr 24. maí. Plöntunin fór því fram þann 28. maí. BEE DAY er annað verkefni tengt ENO sem fjallar um býflugur. Það varð ekkert af því að þessu sinni en hugmyndin er spennandi, sérstaklega fyrir yngsta stig.

Önnur störf fagstjóra

Fagstjóri sinnti tilfallandi verkefnum, s.s. leiðsögn, innkaupum og umsjón með verklegri stofu, auk þess að vera til taks fyrir kennara í verklegum æfingum.

Samstarf/sambætting námsgreina

Í 10. bekk var unnið viðamikil verkefni um orkugjafa framtíðar. Verkefnið býður upp á sambættingu samfélags- og náttúrugreina og hefur verið unnið þannig þótt ekki kæmi til



þess í vetur. Vonandi verður áframhald á vinnu af þessu tagi enda er stefnt að því að sambætta þessar greinar meira í framtíðinni.

Í febrúar og mars unnu kennarar í nokkrum starfshópum. Einn hópur tók fyrir samfélags- og náttúrugreinar og leiddu fagstjórnir þessa vinnu. Farið var yfir viðfangsefni hvers árgangs frá 1.-10. bekk, námsefni endurraðað og heimsóknir og vettvangsferðir

festar á árganga.

Heimsóknir og uppbrot

Nokkrir nemendur í 9. og 10. bekk aðstoðuðu við tilraunir á skóladegi Barnaskólans þann 18. apríl og stóðu sig með þryði. Háskólalestin heimsótti okkur í lok apríl. Nemendur á unglingastigi völdu sér þrjár mismunandi smiðjur og fræddust um t.d. eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, stjörnufræði, umhverfisvernd o.fl. Mikið fjör og fullt af fróðleik. 9. bekkur fór í heimsókn í Ljósafossvirkjun og hafði bæði gagn og gaman af. Þá tóku 6. og 7. bekkur þátt í ENO verkefninu og gróðursettu alls 288 plöntur í samstarfi við áhaldahús bæjarins og Skógræktarfélag Vestmannaeyja.



Áhugaverðir tenglar:

<http://www.earthday.org/earthday/>

<http://treeday.enoprogramme.org/>

<http://haskolalestin.hi.is/>

Skýrsluhöfundur: Sigurhanna Friðþórsdóttir fagstjóri í náttúrugreinum í 6. -10. bekk

Skýrsla Íþróttakademíu GRV og ÍBV skólaárið 2017-2018

Í vetur voru 49 nemendur í 9. og 10. bekk skráðir í íþróttakademíuna, 23 drengir og 26 stúlkur, sem er tæplega 50% nemenda í árgöngunum. Skiptingin eftir greinum var eftirfarandi; handknattleikur 31, knattspyrna 18, fimleikar 2 og golf 1. Fjórir nemendur voru skráðir í tvær akademíur þ.e. einn í golf og handknattleik og þrír handknattleik og knattspyrnu.

Fyrirkomulag akademíunnar í vetur var þannig að nemendur fengu tvo klukkutíma íþróttatíma í stundatöflu. Annar tíminn var íþróttatími í íþróttahúsi með íþróttakennurum skólans og var sundkennsla hluti af þeim tíma. Hinn tíminn var styrktarþjálfunartími í sal 1 í íþróttahúsinu í umsjón þjálfara ÍBV. Nemendum var kynjaskipt í styrktarþjálfunartímum og kom það mjög vel út. Tækniæfingar voru lotuskiptar á skólaárinu. Þrisvar sinnum í hvorri grein, 2x 2 vikur og 1x3 vikur á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 6:20-7:20. Á lotutímabilum mættu nemendur ekki í styrktarþjálfunartíma. Umsjónarmenn akademíunnar í vetur voru Hrafnhildur Ósk Skúladóttir skólastjóri og þjálfari í handknattleik og Sigríður Inga Kristmannsdóttir starfsmaður ÍBV. Einnig sáu Sigurður Bragason um handknattleiksþjálfim og Mick White um knattspyrnuþjálfun.

Handboltaakademía

Lota 1: 11. - 22. sept.

Lota 2: 18. okt.- 10. nóv.

Lota 3: 19. feb. – 2. mars

Fótboltaakademía

Lota 1: 20. nóv. – 1. des.

Lota 2: 22. jan. – 9. feb.

Lota 3: 3. - 24. apríl

Nemendur akademíunnar fengu tvo fyrirlestra í vetur. Elísa Viðarsdóttir næringarfræðingur og landsliðskona í knattspyrnu hélt fyrirlestur í lok október um æskilegt mataræði fyrir íþróttafólk. Pálmar Ragnarsson kom í lok apríl og hélt fyrirlestur um jákvæð samskipti, liðsheild o.fl. Báðir fyrirlestrarnir voru vel sóttir og náðu vel til nemendanna.

Samstarfið og samskipti milli GRV og ÍBV gekk mjög vel. Nemendur fengu skýr skilaboð um til hvers væri ætlast til af þeim og hvaða reglur þarf að virða. Í september voru nemendur og foreldrar boðaðir á fund þar sem farið var yfir fyrirkomulag vetrarins, samning nemenda og viðurlög við honum. Í lok fundarins var gengið frá undirskriftum á samningnum. Mjög góð mæting var á fundinn og vorum við mjög ánægð með hann.

Með auknu samstarfi við ÍBV hefur okkur tekist að virkja nemendur íþróttakademíunnar betur í íþróttatengda viðburði innan skólans og þeir látnir axla meiri ábyrgð sem fyrirmyndir annarra nemenda. Þjálfarar hafa náð að undirbúa nemendurna fyrir viðburðina þannig að þeir koma betur stemmdir til að leiða verkefnið. Einnig hefur eftirfylgni með ástundun, hegðun og framkomu nemenda í skólanum verið bætt. Nemendur sem ekki voru að virða þann hluta samningsins fengu tækifæri til að bæta sig með því að vera með sjálfsmatsbók í viku í öllum bóklegum tímum og skilaði það okkur góðum árangri. Við teljum mikilvægt að nemendur upplifi það að góð samskipti og boðflæði séu á milli skólans, þjálfara og foreldra.

Nú hafa 37 nemendur skráð sig í íþróttakademíuna fyrir næsta skólaár sem er 34% af heildar nemendafjölda í 9. og 10. bekk. Kynjaskiptingin er nokkuð jöfn 18 stúlkur og 19 drengir.

Við erum ánægð með árangur vetrarins og finnum fyrir auknum metnaði í námi, ástundun hefur batnað og betri agi er í skólanum.

Skýrsluhöfundur: bekk Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri GRV

